FREYR INGI BJÖRNSSON

*Tekst bæði á við sjálfan sig og náttúruöflin*

• heilsa • jólin koma • bækur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS






NORÐURLAND

*Menning, matur og helgihald yfir jólin*

Sérblað um Norðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.






ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON

*Fer á Icesave-túrinn*

Mugison ferðast um löndin sem töpuðu á Icesave.

FÓLK 22





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. desember 2008 — 330. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Halda sínu striki

Kynnisferðir voru stofnaðar árið 1968 og eru eitt elsta starfandi hópferðafyrirtæki landsins.

TÍMAMÓT 18

### Íslendingar eru djókararnir



Auðunn Blöndal heimsækir atvinnumennina okkar úti í heimi.

FÓLK 30

### Ekki benda á mig

„Við það bættust hagsmunir skammsýnna stjórnmálamanna sem helltu olíu á eldinn,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16



### Grindavík vann Snæfell

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM VÍÐAST FROST** í dag verður suðaustan strekkingur sunnan og vestan til og skýjað, annars hægari og bjart með köflum. Snjómugga suðvestan og vestan til með kvöldinu. Víðast frost.

VEÐUR 4

# Sýking ógnar síldarstofni

**Útgerðarmenn óttast að ekki verði hægt að nýta íslenska síldarstofninn næstu ár vegna sýkingar. Hugsanlegt að 20 til 30 prósent stofnsins séu sýkt segir Hafró. Þjóðin verður fyrir margra milljarða króna tjóni.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hætta er á að um 20 til 30 prósent af síldarstofninum hér við land séu sýkt af sníkjudýrinu iktíófónus að sögn Þorsteins Sigurðssonar, sviðsstjóra nytjastofnasviðs hjá Hafrannsóknastofnun. Það þýðir að afföll af stofninum verða í svipuðu hlutfalli. Útgerðarmenn óttast að ekki verði hægt að nýta síldarstofninn næstu árin vegna þessa.

LÍÚ stóð í gær fyrir neyðarfundi þar sem farið var yfir stöðuna með Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra ásamt sérfræðingum frá Hafrannsóknastofnun, útgerðarmönnum, skipstjórum, fiskverkendum og fólki úr matvælaiðnaðnum. Þorsteinn byggir þessa ályktun sína á sýnum úr afla og upplýsingum frá sjómönnum sem hafa verið á miðum en menn frá Hafrannsóknastofnun munu halda í rannsóknarleiðangur á fimmtudag eða föstudag. Sumir útgerðarmenn óttast að mun stærra hlutfall af stofninum kunni að vera sýkt, jafnvel 40 prósent.

### SNÍKJUDÝRIÐ IKTÍÓFÓNUS

- Kemst með æti í meltingarfæri fisksins
- Hægt er að nýta sýkta síld til bræðslu en ekki manneldis
- Síldin drepst venjulega um þremur mánuðum eftir að hún sýkist
- Á árunum 1991 til 1993 voru um 10 prósent af síldarstofninum við Noreg sýkt
- Þetta sníkjudýr hefur áður mælst í nokkrum mæli í skarkola hér við land
- Sýkt síld veldur mönnum ekki skaða sé hennar neytt

Í ár var 150 þúsund tonnum af síld úthlutað við Íslandsmið og segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, að vonir hafi staðið til að verðmætið gæti numið rúmum 10 milljörðum fyrir þjóðarbúið en sýkingin geri út um þær vonir. Búið er að veiða um helming kvótans.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir að vissulega sé það slæmt að verða fyrir tekjumissi þar sem ekki megi nýta sýkta síldina til manneldis „en það sem við höfum mestar áhyggjur af er að þetta fari þannig með stofninn að við getum ekki nýtt hann næstu árin“.

„Þetta er verulegt áfall, það er ljóst, þótt enn vitum við ekki nákvæmlega hvaða afleiðingar þetta hefur,“ sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. - jse



**GRÁIR FYRIR JÁRNUM** Tugir lögreglumanna í óeirðabúningum röðuðu sér upp inni í Seðlabanka Íslands eftir að hundruð mótmælenda söfnuðust saman í anddyri bankans eftir mótmælafund í gær. Að endingu sömdu mótmælendur við lögreglu um að hverfa á braut yrði lögreglumönnum fækkað. Við það var staðið. Sjá síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Krónan með veikasta móti:

## Vísitala krónu yfir 250 stigum

**VIÐSKIPTI Krónan veiktist um rétt rúm fjögur prósent í gær og fór vísitala hennar í fyrsta sinn yfir 250 stig.**

**Gengi krónu endaði í 252,1 stigi í gær, en það þýðir að dönsk króna kostar yfir 25 krónur, dollari næstum 150 krónur og evran nálægt því 190 krónur.**

**Ekki liggur fyrir hversu mikil viðskipti hafa átt sér stað með gjaldmiðilinn frá því hann var „settur á flot“ á föstudag, en heimildir innan bankanna telja þau þó tiltölulega lítil, innan við milljarð króna. Seðlabanki Íslands annast um sinn nær öll gjaldeyrisviðskipti.** - óká / sjá síðu 12

### GENGI GJALDMIÐLA Í GÆR

| Gjaldmiðill | Verð |
|---|---|
| Bandaríkjadalur | 149,4 kr. |
| Evra | 188,5 kr. |
| Pund | 220,3 kr. |
| Dönsk króna | 25,3 kr. |
| Norsk króna | 20,9 kr. |
| Sænsk króna | 18,0 kr. |
| Svissneskur franki | 122,6 kr. |
| Japanskt jen | 1,6 kr. |


ostur.is



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

*Kynnið ykkur úrvalið af sælkeraostakörfum á ostur.is*


Bræður á Malarrifi á Snæfellsnesi fundu norskt flöskuskeyti í fjörunni:

## Flaskan var fimm mánuði á leiðinni

**FÓLK** Bræðurnir Viktor Breki og Brynjar Jökull Ægissynir fundu á laugardag flöskuskeyti í fjörunni á Malarrifi á Snæfellsnesi.

„Strákunum fannst þetta virkilega spennandi,“ segir Ægir Þórðarson, faðir drengjanna.

Skeytið er frá norskum ferðamanni, Jens Fauskanger sem varpaði því úr Norrænu í sjóinn milli Íslands og Færeyja 11. júní í sumar. Það hafði því velkst um í sjónum í rúma fimm mánuði.

„Ég hringdi í Jens og hann var hissa að heyra fréttir af því að skeytið væri fundið,“ segir Ægir. Hann segist hafa átt í erfiðleikum með að útskýra staðsetningu Malarrifs fyrir Norðmanninum vegna tungumálaerfiðleika og ætlar því að að skrifa honum bréf og senda með hefðbundnari leið. - ovd



**NORSK SKILABOÐ** Bræðurnir Viktor Breki og Brynjar Jökull Ægissynir með flöskuskeytið sem þeir fundu á Malarrifi á Snæfellsnesi. MYND/ÆGIR ÞÓRÐARSON


24 Skeifan

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

ALLTAF í Skeifunni

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

TENGI

Blöndunartækjadagar 1-13 des.




Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Unnur, ætlið þið að kenna kórréttan lífstíl?*

„Já, og vonum að sem flestir taki undir með okkur.“

Leikskólinn Kór í Kópavogi var vígður sem heilsuleikskóli í gær. Unnur Stefánsdóttir er leikskólastjóri í Kór.

Þjóðarpúls Gallup sýnir miklar sveiflur í fylgi stjórnmálaflokkana á stuttum tíma:

# Vinstri-græn njóta mests fylgis

**SKOÐANAKÖNNUN** Vinstrihreyfingin - grænt framboð nýtur mests fylgis um þessar mundir samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Flokkurinn mælist með 32 prósenta fylgi. Stuðningur við ríkisstjórnina hefur ekki verið minni frá árinu 1993, og mælist liðlega 32 prósent. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins. Um 31 prósent styðja Samfylkinguna. Um 21 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, sem er sögulegt lágmark. Um átta prósent sögðust styðja Framsóknarflokkinn, og þrjú prósent Frjálslynda. Um þrjú prósent styðja Íslandshreyfinguna. Sextán prósent aðspurðra sögðust myndu skila auðu yrði gengið til kosninga í dag. Í síðasta Þjóðarpúlsi Gallup í byrjun nóvember komu einnig fram miklar sveiflur í fylgi flokkanna og mældust Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Vinstri-græn þá með áþekkt fylgi. Ef niðurstöður tveggja síðustu Þjóðarpúlsa eru skoðaðar hafa Vinstri-græn bætt við sig ellefu prósenta fylgi á stuttum tíma sem svarar til taps Sjálfstæðisflokksins á sama tíma.

Í nóvember mældist stuðningur við ríkisstjórnina í fyrsta skipti undir 50 prósentum á kjörtímabilinu, en 46 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust styðja ríkisstjórnina á þeim tíma. **- bj / shá**




Svíi tekur við af Ásmundi:

# Stýrði eftirliti í sænskri kreppu

**EFNAHAGSMÁL Sænski bankasérfræðingurinn Mats Josefsson mun taka við starfi Ásmundar Stefánssonar við uppbyggingu íslenska bankakerfisins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu. Josefsson starfaði í þrettán ár hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og var áður aðstoðarforstjóri sænska fjármálaeftirlitsins. Hann stýrði eftirliti með sænsku bönkunum í bankakreppunni 1990 til 1994.**

**Josefsson er ráðinn tímabundið, en hann verður hinn „virti bankasérfræðingur“ sem vísað er til í samkomulagi íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. - bj**

# Hitti Davíð og henti líkneski af honum út

**Hundruð mótmælenda söfnuðust saman í anddyri Seðlabankans í gær og kröfðust afsagnar Davíðs Oddssonar. Skömmu áður hafði Eva Hauksdóttir fengið að hitta seðlabankastjórana þrjá og borið Davíð út með táknrænum hætti.**

**MÓTMÆLI** Hundruð mótmælenda söfnuðust saman í anddyri Seðlabankans eftir mótmælafund fyrir utan Stjórnarráðið síðdegis í gær og kröfðust þess að Davíð segði af sér. Mótmælendur sungu samstöðusöngva og kölluðu Davíð burt! Davíð burt!

Mótmælendur dvöldu í Seðlabankanum í nær tvær stundir. Lögreglan hótaði að beita gasi en ekki kom til þess. Tugir lögreglumanna röðuðu sér upp fyrir innan innstu glerhurðina í Seðlabankanum og stóðu þar í þéttri fylkingu með lögregluhjálma á höfði og plastbrynjur en smám saman slaknaði á varnarbrynju lögreglumannanna.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, vildi ekki gefa upp hversu margir lögreglumennirnir hefðu verið, hvaða vopn lögreglan hafi verið með eða hvaða gas hafi átt að nota. „Mótmælendur voru varaðir við að ef mótmælin gengju lengra og menn myndu ryðjast inn þá gætu þeir átt von á gasi. Það var búið að undirbúa það.“

Eftir hátt í tveggja tíma mótmæli komu mótmælendur með þá sáttatillögu að ef lögreglan færi þá myndu mótmælendur fara líka. Lögreglan mætti skilja þrjá menn eftir til að fylgjast með að mótmælendur færu. Lögreglan yfirgaf samstundis anddyrið. Mótmælendur yfirgáfu bygginguna eftir að hafa fagnað sigri.

Áður en mótmælendur komu í Seðlabankann hafði Eva Hauksdóttir, sem titlar sig norn, flutt Vargastefnu fyrir utan Stjórnarráðið. Eva hitti Geir Jón fyrir utan Seðlabankann og bað hann að hjálpa sér að ná tali af seðlabankastjóra. Þau hittu seðlabankastjórana þrjá og Eva skoraði á Davíð að segja af sér. Hún segir að hann telji sig ekki bera neina ábyrgð á því hvernig komið er og hann ætli ekki að víkja. Eva bar Davíð með táknrænum hætti út úr Seðlabankanum. „Ég var með brúðu í líki Davíðs og henti henni út úr bankanum. Það hefur táknrænt gildi. Hann mun fara,“ sagði Eva Hauksdóttir.

**ghs@frettabladid.is**




**KRÖFÐUST AFSAGNAR DAVÍÐS** Hundruð mótmælenda söfnuðust saman í anddyri Seðlabankans í gær og kröfðust afsagnar Davíðs með söng. Mótmælendur kölluðu „Davíð burt! Davíð burt!“ „Við ákváðum að fara af því að það er ekki tekið neitt mark á okkur,“ sagði Kjartan Þór Ingason, einn mótmælenda.

OPEC fundar eftir tvær vikur:

# Vonast til að hækka olíuverð

**VIÐSKIPTI Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði um fjóra dali á tunnu í gær og fór um tíma undir 49,5 dali eftir að Samtök olíuútflutningsríkja (OPEC) ákváðu á neyðarfundi í Kaíró í Egyptalandi um helgina að fresta ákvörðun um breytingu á framleiðslukvóta fram að næsta fundi eftir um hálfan mánuð.**

**Mjög hefur dregið úr eftirspurn eftir olíu og eldsneyti upp á síðkastið og hefur það valdið snarpri verðlækkun á svarta gullinu. Verðið fór hæst í 147,27 dali á tunnu í júlí. Verði dregið úr framleiðslunni stefna samtökin að því að hífa verðið upp á ný, samkvæmt vefútgáfu Financial Times í gær. - jab**

Vogafjós í Mývatnssveit:

# Veislumatar notið í fjósi

**FÓLK** „Við leggjum áherslu á heimatilbúinn mat og mat frá okkar búi,“ segir Ólöf Hallgrímsdóttir, ferðaþjónustubóndi, sem rekur kaffihúsið Vogafjós í Mývatnssveit. Þar er ekkert venjulegt kaffihús á ferð þar sem það er staðsett í fjósi og geta gestir horft í gegnum glugga á kýrnar og kálfana.



**ÓLÖF HALLGRÍMSDÓTTIR**

Alla laugardaga fram að jólum verður þar boðið upp á hádegisverðarhlaðborð undir yfirskriftinni Baulaðu nú Búkolla mín. Er þetta í fyrsta sinn sem Vogafjós býður upp á slíkt á aðventunni.

**- sg/ sjá sérblað um Norðurland**



**LEITUÐU** Snjór féll á leitarsvæðinu í fyrrinótt og skóf í skafla í gær.

MYND/SLYSAVARNARFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Rjúpnaskytta enn ófundin:

# Um 100 leituðu í allan gærdag

**BJÖRGUN** Ekkert hefur spurst til karlmanns um sjötugt sem saknað hefur verið frá því á laugardag. Hann fór til rjúpnaveiða en skilaði sér ekki aftur að bílnum skammt frá Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu leituðu um 100 björgunarsveitarmenn mannsins í gær. Leit var hætt um kvöldmatarleytið, en leitað verður áfram í dag.

Áhersla var lögð á að þéttleita svæði í þriggja kílómetra radíus frá þeim stað sem maðurinn sást síðast. Notast var við þyrlu, fjórhjól, hesta og gönguhópa. **- bj**

Útibú Kaupþings í New York:

# Greiðslustöðvun samþykkt

**VIÐSKIPTI Kaupþing banki hefur óskað eftir greiðslustöðvun eða gjaldþrotavernd samkvæmt nýjum lögum í Bandaríkjunum. Beiðni þessa efnis var lögð fram í gjaldþrotarétti í New York í gær.**

**Kaupþing (gamla) fékk heimild til greiðslustöðvunar hér á landi í síðustu viku og gildir hún til 13. febrúar á næsta ári. Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður hefur verið ráðinn aðstoðarmaður í greiðslustöðvun og fór hann fram á greiðslustöðvun ytra. - bih**

FÆST Í KIRKJUHÚSINU OG ÖLLUM HELSTU BÓKAVERSLUNUM




Bók eftir Móður Teresu í þýðingu Karls Sigurbjörnssonar biskups.
Safn ummæla Móður Teresu, hugleiðingar og bænir.

Einfaldur og uppbyggilegur boðskapur

www.skalholtsutgafan.is

Vigdís Finnbogadóttir hvatti Íslendinga til að standa saman á erfiðum tímum:

# Fallið á bjarta mynd Íslands

**EFNAHAGSMÁL** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, stappaði stálinu í Íslendinga á 90 ára afmælishátíð íslenska fullveldisins sem haldin var í Cadogan Hall í London í gærkvöld. Metaðsókn var á hátíðina og hvatti Vigdís Íslendinga til að standa þétt saman á erfiðum tímum.

Mikil og þjóðleg stemning var á hátíðinni sem endaði á því að þjóðsöngurinn ómaði um salinn.

Vigdís var heiðursgestur hátíðarinnar og í ávarpi sínu fór hún ekki leynt með vonbrigði sín yfir því hvernig orðspor Íslendinga hefði beðið hnekki erlendis í tengslum við íslensku fjármálakreppuna.

„Skyndilega stöndum við frammi fyrir því að það hefur fallið á bjarta mynd Íslands og það er okkur Íslendingum næsta óbærilegt að horfast í augu við grimmilegt hrun þjóðarbúsins og þau miklu vandamál sem það hefur skapað. Það hefði létt sárindin gagnvart gömlum bandamanni hefðu orð og gerðir á vissum stöðum hér í London tekið mið af ástandinu,“ sagði Vigdís.

Hún sagði særandi að fjallað væri um íslensku fjármálakreppuna í erlendum fjölmiðlum eins og allir Íslendingar hefðu staðið að glannalegum athöfnum sem ekki hafi reynst för til frægðar.



**VEL TEKIÐ** Vigdísi Finnbogadóttur var vel tekið í London. Hér er hún ásamt Ólafi Kjartani Sigurðarsyni barítón (til vinstri), Sverri Hauk Gunnlaugssyni sendiherra og Felix Bergssyni, kynni á hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HELGA ARNARDÓTTIR

Vigdís lagði áherslu á að Íslendingar hefðu orðið fyrir miklu andstreymi margsinnis fyrr og ætíð tekist að rétta sig við. **- ha**


HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

## GENGIÐ 01.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 147,42 | 148,12 |
| Sterlingspund | 221,72 | 222,80 |
| Evra | 186,48 | 187,52 |
| Dönsk króna | 25,030 | 25,176 |
| Norsk króna | 20,906 | 21,030 |
| Sænsk króna | 17,965 | 18,071 |
| Japanskt jen | 1,5719 | 1,5811 |
| SDR | 218,49 | 219,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
250,6977

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra vill að Ísland sláist í hóp ríkja sem vilja endurskoða tilskipun um innistæðutryggingar :

# ESB-umsókn gefur krónu trúverðugleika

**STJÓRNMÁL** Evrópsk tilskipun um innstæðutryggingar reyndist of veikburða, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Hún lýsti þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að slást í hóp þeirra ríkja sem vilji endurskoða tilskipunina á fundi Útflutningsráðs í gær.


INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg fagnaði fyrirhuguðum neyðarsjóði evrópskra innstæðueigenda. Ísland mun greiða í sjóðinn, og í fyllingu tímans kann hann að nýtast til að mæta þeim ábyrgðum á innstæðum sem Ísland hefur undirgengist.

Það voru ekki létt spor að stíga þegar nýjar reglur um gjaldeyrisviðskipti voru settar, sagði Ingibjörg. Reglurnar verði endurskoðaðar eftir þrjá mánuði, enda muni Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki veita frekari lánafyrirgreiðslu nema þessum takmörkunum verði aflétt „svo fljótt sem verða má, það er þegar gengi hefur náð jafnvægi á ný“, sagði Ingibjörg.

Hún sagði að efnahagsaðgerðir sem Ísland hafi þurft að grípa til í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn mun líklegri til að heppnast ef Íslendingar settu fram það skýra markmið að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

„Það myndi styrkja orðspor okkar á augabragði og gefa krónunni þann tímabundna trúverðugleika sem hún þarf til að styrkjast,“ sagði Ingibjörg.

Hún sagði aðeins hægt að leggja mat á kosti og galla aðildar með aðildarviðræðum. „Að sjálfsögðu myndi þjóðin svo hafa síðasta orðið um aðildarsamning í lýðræðislegum kosningum.“ **- bj**

### STOFNA KYNNINGARMIÐSTÖÐ

Mikilvægt er að stilla saman strengi þeirra sem koma að markaðs- og ímyndarmálum Íslands erlendis, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á ráðstefnu Útflutningsráðs.

Hún sagði að flestum bæri saman um að flýta þyrfti stofnun kynningarstofu- eða kynningarmiðstöðvar Íslands.

„Ég mun leggja til við forsætisráðherra að mér verði falið að gera tillögu um nýtt lagafrumvarp sem felur í sér stofnun hennar,“ sagði Ingibjörg.

Kjararáð um launalækkun:

## Kynnt ríkisstjórninni í dag

**VINNUMARKAÐUR** Kjararáð svaraði í gær nýlegu erindi ríkisstjórnarinnar um launalækkun helstu embættismanna ríkisins og sendi Geir H. Haarde forsætisráðherra skriflegt svar. Búist er við að ráðherrann kynni efni bréfsins á ríkisstjórnarfundi í dag og það verði svo gert opinbert í framhaldi af því.


GEIR H. HAARDE

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tilkynntu á fréttamannafundi fyrir tíu dögum að ríkisstjórnin myndi fara fram á það að kjararáð lækkaði laun um 5-15 prósent. Áður hafði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagt að kjararáð ætti að lækka laun í samræmi við kjaraþróunina. Ráðið getur ekki lækkað laun hans. **- ghs**

### DÓMSTÓLAR

#### Sýknaður af peningafalsi

Tvítugur maður hefur verið sýknaður af ákæru um peningafals. Manninum var gefið að sök að hafa verslað fyrir tvo fimm þúsund króna seðla sem hann hefði vitað að væru falsaðir. Ekki þótti sannað að það hefði verið umræddur maður sem verslaði fyrir hina fölsuðu seðla.

### ATHUGASEMD

Í leiðara Jóns Kaldals í Fréttablaðinu í fyrradag var sagt að engin ástæða sé til að efast um að Davíð Oddsson hafi verið heimildarmaður Styrmis Gunnarssonar við ritun greinar um Davíð í bókinni Forsætisráðherrar Íslands. Að sögn Styrmis er þessi tilgáta röng. Hann segist aldrei hafa talað við Davíð Oddsson um þessa grein, hvorki á meðan hún var í smíðum né eftir að bókin kom út.

# VG opnar á aðildarviðræður við ESB

**Þingflokksformaður VG vill aðildarviðræður við ESB og þjóðaratkvæðagreiðslu að viðræðum loknum. Rætt á flokksráðsfundi VG á sunnudag. Ekki vænlegt til árangurs að vera á móti en fara í aðildarviðræður segir stjórnmálafræðingur.**

**STJÓRNMÁL** Aðildarviðræður að Evrópusambandinu (ESB) verða meðal umræðuefna á aukaflokksráðsfundi Vinstri grænna (VG) næstkomandi sunnudag. Heimildir Fréttablaðsins herma að áhersla verði lögð á að setja stefnuna á aðildarviðræður á fundinum.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður flokksins, er hlynntur því að fara í aðildarviðræður við sambandið, og vill þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að loknum viðræðunum.

„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að öll deilumál sem uppi eru, og öll mikilvæg mál sem varða þjóðarhag og framtíðarstefnumótun eigi að útkljást í kosningu,“ segir Ögmundur. „Ég er bara að árétta þá skoðun að ég telji að aðild að Evrópusambandinu, af eða á, eigi að meðhöndla með þeim hætti.“

Hann segist fráleitt hafa skipt um skoðun á ágæti ESB. „Ég er þeirrar skoðunar að ókostirnir vegi þyngra en kostirnir, er ekki að segja að ég sé fylgjandi aðild,“ segir Ögmundur.

Hann minnir á að hann og aðrir hafi barist fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, en á það hafi stjórnvöld ekki fallist. Hann segist engum treysta betur en Vinstri grænum til að leiða aðildarviðræður við ESB.

Boðað hefur verið til aukaflokksráðsfundar VG næstkomandi sunnudag. Á dagskrá verður kynnt áætlun flokksins um endurreisn þjóðarbúsins. Ögmundur staðfestir að aðildarviðræður að ESB, og hugmyndir um þjóðaratkvæðagreiðslu, verði meðal umræðuefna á fundinum.


**ANDSNÚINN AÐILD** Ögmundur Jónasson segist enn telja ókostina við aðild vega þyngra en kostina. Hann treysti hins vegar engum betur en Vinstri grænum til að leiða aðildarviðræður við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fundurinn getur breytt stefnu flokksins, en atkvæðisrétt á fundinum eiga flokksráðsfulltrúar, sveitarstjórnarmenn, alþingismenn, varaþingmenn og fleiri.

**brjann@frettabladid.is**

### REYNA AÐ ÞJAPPA FLOKKNUM SAMAN


GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Frá sjónarhóli þeirra sem vilja aðild að Evrópusambandinu er þetta útspil Ögmundar máttlaus tilraun, segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann segir erfitt að segja fyrir hvaða áhrif þessi yfirlýsing hafi fyrir flokkinn hafi tekið á málinu á sunnudag.

Tilgangurinn með því að leggja til aðildarviðræður og þjóðaratkvæðagreiðslu er væntanlega sá að þjappa flokksmönnum betur saman, segir Gunnar Helgi. Meirihluti flokksmanna virðist hlynntur aðild, en aðrir séu henni algerlega andsnúnir.

Það er ekki sérlega líklegt til árangurs að sækja um aðild að sambandinu, en vera opinberlega á móti aðild, segir Gunnar Helgi. Það sé ekki aðferð sem líkleg sé til að fá jákvæðan tón í viðræður, enda sambandið ólíklegt til að leggja mikinn kraft í viðræður ef umsækjandinn sé í raun bara að kanna hvað sé í boði.


**MICHAEL O'LEARY** Hinn léttlyndi forstjóri Ryanair segir í samtali við Financial Times aðstæður nú allt aðrar en fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ryanair reynir við Aer Lingus:

## Bjóða helmingi lægra verð

**VIÐSKIPTI** Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair lagði í gær fram yfirtökutilboð í landa þess, flugfélagið Aer Lingus. Verði tilboðið að veruleika er þetta í annað sinn á tveimur árum sem Ryanair reynir við Aer Lingus en gerði allt sem í valdi þess stóð til að kaupa félagið síðla árs 2006.

Tilboðið nú er um helmingi lægra en fyrir tveimur árum, eða upp á 748 milljónir evra.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kom í veg fyrir kaupin á sínum tíma enda útlit fyrir að samruni félaganna bryti í bága við samkeppnislög. **- jab**

Kjarnorkumál Írans:

## Bjóða arabaríkjum aðstoð

**ÍRAN, AP Yfirmaður kjarnorkumálastofnunar Írans segir Írana fúsa til að veita arabískum grannþjóðum aðstoð við að smíða léttvatns-kjarnaofna til raforkuframleiðslu.**

**Engin ríkisstjórn arabísks grannríkis Írans hafði í gær brugðist við tilboðinu en á liðnum árum hefur tortryggni einkennt afstöðu flestra þeirra í garð sjíaklerkastjórnarinnar í Teheran og kjarnorkuáformum hennar einkum og sér í lagi.** **- aa**




## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HVAR ER HLÝJA LOFTIÐ?**
Í dag er hann að snúa sér í suðrið með strekkingsvindi suðvestan- og vestanlands. Í fljótu bragði mætti ætla að sunnanáttin bæri með sér hlýindi inn á landið. Kalda loftið er hins vegar þungt og þarf kraft til að koma því af landinu. Sunnanáttinni virðist illa ætla að takast það þannig að áfram verður víða frost.




Á MORGUN
8-15 m/s S- og SV-til annars mun hægari

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 6° |
| New York | 9° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | 1° |
| París | 7° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Ódýrt alla daga!
VERÐ ÁÐUR 990,-
790,-
Aðventuljós
Falleg aðventuljós, fást í rauðu, hvítu eða viðarlit. Frábært verð!
LÍTILL DISKUR
399,-
Jóladiskar
Sætir jóladiskar undir konfektið eða smákökurnar. Lítill 399,- Stór 790,-
KAPPI 45 SM. PR. MTR.
399,-
CLAUS jólakappar
Mjög fallegir jólakappar fáanlegir í hvítu og rauðu. Efni: 100% polyester. Kappi br. 45 sm. 399,- Kappi br. 60 sm. 499,-
FRÁBÆRT VERÐ
120 LJÓSA INNISERÍA
2.990,-
Gardínuljósasería
Virkilega falleg 120 ljósa gardínu innisería.
1 STK.
399,-
Jólabjöllur
Sætar jólabjöllur. Fást sem snjókarl og jólasveinn.
Kertastjaki
Flottur sprittkertastjaki. Fæst sem snjókarl og jólasveinn.
790,-
69040459
Jólasveinn
Flottur jólasveinn á sleða með hreindýr. Ljós sem skipta litum. Gengur fyrir rafhlöðum. Stærð: B 24 sm. H 17 sm.
JÓLASVEINN MEÐ LJÓSUM
1.990,-
2,7 METRAR
690,-
Grenilengjur
Þéttar og góðar grenilengjur. Lengd: 2,7 metrar. 300 greinar. Frábært verð!
FRÁBÆRT VERÐ
ÚTISERÍUR FRÁ:
870,-
INNISERÍUR FRÁ:
249,-
69040029
SOGSKÁLAR 20 STK.
299,-
Jólaseríur
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Seríurnar fást í mörgum mismunandi stærðum og litum á frábæru verði.
20 ljósa innisería................ 249,-
50 ljósa innisería................ 499,-
100 ljósa innisería............. 990,-
40 ljósa útisería.................. 870,-
96 ljósa útisería.............. 1.990,-
200 ljósa útisería............. 3.990,-
320 ljósa útisería..............6.990,-
Jólapappír
Fallegur jólapappír, tvær tegundir. Magn á rúllu: 5 metrar x 70 sm. 399,- pr. rúlla. Mikið úrval af flottum jólapappír. Komið og skoðið úrvalið og gerið góð kaup!
70 SM. X 5 MTR.
399,-
VERÐ FRÁ:
299,-
Fjöltengi
Fjöltengi með eða án rofa á frábæru verði!
Fjöltengi fyrir 3 tengla án rofa 299,-
Fjöltengi fyrir 3 tengla með rofa 379,-
Fjöltengi fyrir 5 tengla með rofa 499,-
FRÁBÆRT VERÐ
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
SÆNG + KODDI
3.990,-
THERMO LUX sæng og koddi
Thermosæng og koddi á frábæru verði. Sængin er fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonhúðuðum holtrefjum og koddinn er 500 gr. St. 140x200 sm.

**KJÖRKASSINN**



*Fagnaðir þú upphafi aðventunnar í gær?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 55,4% |
| NEI | 44,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að eyða minna í jólagjafir í ár en í fyrra?*

Segðu þína skoðun á visir.is. vísir

Deilur Indlands og Pakistans um árásirnar á Mumbai í síðustu viku:

# Pakistan krafið um aðgerðir

**INDLAND, AP** Indverjar krefjast þess að pakistönsk stjórnvöld grípi til harðra aðgerða gegn hryðjuverkasamtökum sem talin eru bera ábyrgð á árásunum í Mumbai í síðustu viku.

Indversk stjórnvöld telja fullvíst að árásarmennirnir hafi verið á vegum pakistönsku hryðjuverkasamtakanna Lashkar-e-Taiba. Þau samtök hafa barist gegn yfirráðum Indverja í Kasmírhéraði og eru stundum sögð njóta til þess stuðnings frá leyniþjónustu Pakistans.

Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, heldur því hins vegar fram að árásarmennirnir hafi engin tengsl við stjórnvöld, hvorki pakistönsk né önnur. Hann varar við því að árásin verði notuð til að auka andúðina milli þjóða í þessum heimshluta. Spenna hefur aukist mjög milli hindúa og múslima á Indlandi í kjölfar árásarinnar, sem varð að minnsta kosti 172 manns að bana á samtals tíu stöðum í borginni.

Í gær luku yfirvöld í Mumbai við að fjarlægja jarðneskar leifar hinna látnu úr hótelinu Taj Mahal. Umsjónarmenn íslamsks grafreits í Mumbai neituðu að taka við líkum níu árásarmannanna til greftrunar.

„Fólk sem framdi þennan andstyggilega glæp getur ekki kallast múslimar,“ sagði Hanif Nalkhande, talsmaður samtaka sem reka grafreitinn. „Íslam leyfir ekki svona villimannlega glæpi.“ **- gb**



**KVEIKT Á KERTUM** Íbúar í Mumbai kveiktu á kertum fyrir utan Taj Mahal hótelið í gær til minningar um fórnarlömb árásanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tæplega tvítugur dæmdur:

## Sektaður fyrir sprengjugerð

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur piltur hefur verið dæmdur til að greiða hundrað þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir að búa til sprengjur og fyrir veggjakrot.

Pilturinn úðaði með málningu stafina SC á vegg Slippfélagsins í Reykjavík.

Um síðustu áramót tók hann svo skotkökur í sundur og bjó til ellefu sprengjur. Lögregla fann sprengjurnar í herbergi piltsins.

Nokkru síðar greip hann aftur til úðabrúsans og sprautaði stafina CPK á vegg í undirgöngum við Miklubraut.

Pilturinn átti ekki brotaferil að baki. **- jss**

Ríkisútvarpið:

## Uppsögn dregin til baka

**VINNUMARKAÐUR „Við höfum ákveðið að draga þessa uppsögn til baka,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri um uppsögn Báru Halldórsdóttur tæknimanns hjá Ríkisútvarpinu.**

**Páll segir ekki rétt sem fram hafi komið í fjölmiðlum að Bára sé trúnaðarmaður tæknimanna hjá Ríkisútvarpinu, hún hafi verið það en aðrir hafi tekið við.**

**Bára hefur unnið í 23 ár hjá Ríkisútvarpinu. Starfsmenn þess hafa látið í ljós óánægju og undrun með uppsagnir tæknimanna með langan starfsaldur að baki, líkt og Bára hafði og Jan Murtomaa sem hefur unnið hjá Ríkisútvarpinu í ellefu ár.** **- ss**

Þýsk móðir dæmd í fangelsi:

## Geymdi þrjú barnslík í frysti

**ÞÝSKALAND, AP** Monika Halbe, 44 ára þýsk móðir, var í gær dæmd til fjögurra ára og þriggja mánaða fangavistar fyrir að hafa orðið tveimur börnum sínum að bana þegar þau voru nýfædd.



**MONIKA HALBE**

Annað barnið var drepið árið 1988 en hitt árið 2003.

Líkin setti Halbe til geymslu í frystikistu heimilisins, ásamt líki þriðja barnsins, sem hún drap einnig þegar það var nýfætt árið 1986. Hún var ekki sótt til saka fyrir þriðja morðið vegna fyrningarákvæða laga.

Átján ára sonur konunnar fann líkin þrjú í frystikistunni í maí síðastliðnum. Halbe á tvö önnur uppkomin börn ásamt eiginmanni sínum. **- gb**

# Fjárlögin eftir forskrift AGS

**Fjárlagagerðin fer enn fram á vettvangi ráðuneytanna. Endurskoðun þjóðhagsáætlunar er ólokið. Stefnt er að annarri fjárlagaumræðu í þinginu í næstu viku. Halli fjárlaga gæti orðið allt að 200 milljarðar króna.**

**STJÓRNMÁL** Fjárlaganefnd Alþingis hefur setið aðgerðalítil að undanförnu þar sem fjárlagagerðin er enn í höndum ráðherra. Þó hefur nefndin hlýtt á óskir fulltrúa félaga og hagsmunasamtaka um fjárframlög á nýju ári auk þess að grennslast fyrir um stöðu mála innan einstakra ráðuneyta.

Endurskoðun þjóðhagsáætlunar – og þar með tekjuáætlunar – er ekki lokið en hún fer fram í fjármálaráðuneytinu. Þar á bæ er einnig unnið úr svörum fagráðuneyta við tillögum um tíu prósenta niðurskurð útgjalda. Viðbrögðin voru misjöfn; allt frá því að félagsmálaráðuneytið sagði nei upp í að utanríkisráðuneytið sagðist ætla að skera niður um tuttugu prósent. Niðurskurður miðast við fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram í októberbyrjun. Það gerði ráð fyrir 507 milljarða króna gjöldum en tekjum upp á 450 milljarða.

Ljóst er að tekjurnar lækka umtalsvert en óljóst hve mikið. Að sama skapi er ljóst að halli ríkissjóðs verður meiri en áður hefur sést. Magnús Stefánsson, Framsóknarflokki, hallast að því að hann verði um 150 milljarðar en Jón Bjarnason, VG, spáir að hann verði um 200 milljarðar. Gunnar Svavarsson, Samfylkingunni, vill engu spá.

Fjárlagagerðin er unnin eftir forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) en með samkomulaginu við sjóðinn skuldbundu stjórnvöld sig til að haga ríkisfjármálunum eftir vilja hans.

Gunnar Svavarsson segir stefnt að annarri umræðu fjárlaga um miðja næstu viku og samþykkt þeirra fyrir jól.

**bjorn@frettabladid.is**



**ALÞINGI** Þingmenn fá væntanlega að ræða um fjárlögin í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Skortir nauðsynleg gögn

„Öll umgjörð fjárlaganna er í höndum eða háð skilyrðum, kröfum eða samþykktum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,“ segir Jón Bjarnason, fjárlaganefndarmaður VG. Ljóst sé að sjóðurinn hafi fullan rétt til afskipta af niðurskurði útgjalda og hvaða markmiðum beri að ná.



**JÓN BJARNASON**

Jón segir fjárlagavinnuna stranda á nauðsynlegum gögnum; þjóðhagsspá þurfi að liggja fyrir, fjáraukalagafrumvarp 2008 og nákvæmar upplýsingar um kjör og greiðsluskilmála þeirra lána sem ríkið hyggst taka. Án þessara upplýsinga sé ekki hægt að búa til fjárlög.

### Stjórnin leggi til sparnaðinn

„Þegar endurskoðuð tekuáætlun og áætlun um vaxtagjöld liggja fyrir getum við séð stóru myndina í ljósi skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sjóðstreymi. Þá fyrst getum við gert okkur grein fyrir hver útgjöldin geta orðið,“ segir Gunnar Svavarsson, Samfylkingunni, formaður fjárlaganefndar. Hann segir niðurskurðinn frá frumvarpinu frá í haust nema nokkrum tugum milljarða króna. „Ríkisstjórnin á að leggja til niðurskurð ef ákvarðanir eru krítískar og hugsanlega stórpólitískar. Það er hennar en ekki fjárlaganefndar að leggja slíkt til.“



**GUNNAR SVAVARSSON**

### Næsta ár verður enn erfiðara

„Fjármálaráðuneytið hafði ekkert samráð við fjárlaganefndina um þennan tíu prósenta niðurskurð og það tel ég fráleit vinnubrögð,“ segir Magnús Stefánsson, fjárlaganefndarmaður Framsóknarflokksins.



**MAGNÚS STEFÁNSSON**

Hann segir að þó að fjárlagagerðin fyrir næsta ár verði erfið reyni fyrst verulega á menn við fjárlagagerðina 2010. Í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé kveðið á um harkalegar aðhaldsaðgerðir í rekstri. Á sama tíma blasi við gríðarlegt tekjufall. „Það þarf að hugsa allt upp á nýtt ef þessi markmið eiga að nást.“




Breytt tillaga að Listaháskólanum á Laugavegi liggur fyrir hjá skipulagsráði:

# Frestast líklega um eitt ár

**SKIPULAGSMÁL** „Viðbúið er að verkefnið frestist en við erum frekar bjartsýn á að úr því verði,“ segir Hjálmar Helgi Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, um nýtt húsnæði skólans við Laugaveg. Áætlað var að hefja kennslu þar haustið 2011. Hann telur nú líklegra að það verði haustið 2012.

Samson Properties, félag í eigu Björgólfs Guðmundssonar, ætlar að fjármagna byggingu hússins og eiga það. Áform félagsins um bygginguna eru, samkvæmt bréfi til skipulagsráðs, óbreytt. Lánsfjármögnun sé þó ekki tryggð „enda vandfundið það verkefni að svipaðri stærð, og rétt byrjað í deiliskipulagsferli, sem er með trygga lánsfjármögnun“ eins og segir í bréfinu. Leigusamningur við Listaháskólann, til þrjátíu ára, komi til með að auðvelda hana.

Breytingartillaga, sem unnin var í samráði við skipulagsstjóra, liggur nú fyrir hjá skipulagsráði. Þar er komið til móts við óskir borgaryfirvalda um breytingar á teikningum byggingarinnar. Hjálmar er ánægður með breytingarnar, sem hann segir nokkrar.

„Það var meðal annars dregið úr byggingamagni, húsið gert hæverskara gagnvart umhverfinu og aukið tillit tekið til eldri húsa á svæðinu. Málið er nú í höndum skipulagsráðs.“ **- hhs**



**LAUGAVEGUR FRAMTÍÐAR** Rektor Listaháskóla Íslands, Hjálmar Helgi Ragnarsson, segir flest benda til að bygging skólans við Laugaveg frestist. Ekki verði þó hætt við hana. MYND/SAMSONPROPERTIES






Tempur Original
Veitir fullkominn stuðning
Jólatilboð: **Kr. 10.320,-**



Tempur Classic heilsukoddi
Alhliða heilsukoddi
Jólatilboð: **Kr. 8.720,-**



Tempur Comfort
Mjúkur og þæginlegur
Jólatilboð: **Kr. 8.720,-**



TempraKon Atheltic heilsukoddi
Mjúk Latex fylling
Outlast hitjöfnunaráklæði
Jólatilboð: **Kr. 11.120,-**



TempraKon hitajöfnunarsokkar
Stærð: 36-45
Jólatilboð: **Kr. 5.900**



TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn gæsadúnn
Stærð: 140x200
Jólatilboð: **Kr. 31.920**



Joop sængurver
Stærð: 140x200
Jólatilboð: **Kr. 13.520**



Tempur inniskór
Stærð: 36-45
Jólatilboð: **Kr. 7.700**

Betra BAK

Mjúki pakkinn fæst hjá okkur

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað á þriðja þáttaröðin um þá Georg, Ólaf Ragnar og Daníel að heita?*
2. *Hvað eru heilsuleikskólarnir nú orðnir margir á landinu, eftir að Heilsuleikskólinn Kór var vígður í gær?*
3. *Hvernig fór leikur íslenska handboltalandsliðsins gegn Þjóðverjum í vináttuleik liðanna í fyrradag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu öflugur:

# Hefur tekið 117 fíkniefnasala

**LÖGREGLUMÁL** Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur haft afskipti af 117 sölumönnum fíkniefna það sem af er árinu, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns deildarinnar. Af sumum fíkniefnasalanna hefur lögregla haft afskipti oftar en einu sinni. Að sögn Karls Steinars hefur lögregla sett saman lista yfir fíkniefnasalana sem stunda athæfi sitt á götunni. Á þeim lista eru nú 149 einstaklingar. Götuhópurinn hefur því haft afskipti af 80 prósentum þeirra sem fást við sölu fíkniefna.

„Það er ekki hægt annað en að vera sáttur við þann árangur sem náðst hefur,“ segir Karl Steinar. „Við ætlum okkur að klára þennan lista á árinu.“

Hann segir þá skiptingu á magni fíkniefna sem tekið hafi verið af sölumönnunum á árinu endurspegla aukna framleiðslu á maríjúana innan lands.

„Það kemur fram í fjölda ræktana og plantna sem við höfum tekið og einnig í því magni af maríjúana sem við höfum haldlagt. Þá virðist hafa verið nokkuð mikið af kókaíni og amfetamíni í umferð það sem af er árinu. Við höfum í öllu falli ekki heyrt neitt um mikla þurrð á þeim markaði.“ **- jss**

**MAGN FÍKNIEFNA**

**– sem lögregla hefur tekið af götusölum það sem af er ári 2008.**

| | |
|---|---|
| Kannabisplöntur | 330 stk. |
| Maríjúana | 2,8 kg |
| Hass | 1,3 kg |
| Amfetamín | 1.100 g |
| Kókaín | 1.300 g |
| E-töflur | 600 stk. |
| LSD | 350 skammtar |
| Steratöflur | 2.000 stk. |

Lögregla í Lundi í S-Svíþjóð:

## Öfgamönnum stíað í sundur

**SVÍÞJÓÐ, AP** Lögregla í Lundi í Suður-Svíþjóð greindi frá því í fyrradag að hún hefði handtekið 56 manns til að stöðva átök milli öfgahópa hægri- og vinstrimanna.

Calle Persson, talsmaður lögreglunnar, sagði vinstriöfgamenn hafa ráðist á lögreglumenn og kastað í þá götusteinum er lögreglan reyndi að aftra þeim frá því að lenda saman við hægriöfgamenn í skipulagðri göngu um borgina.

Með göngunni, sem var heimiluð, vildu sænskir þjóðernissinnar minnast dauða Karls XII Svíakonungs, sem háði margt stríðið í byrjun átjándu aldar. **- aa**

Flokksþing Framsóknar:

## Verður haldið í Valshöllinni

**STJÓRNMÁL** Hátt í eitt þúsund manns hafa atkvæðisrétt á flokksþingi Framsóknarflokksins sem fram fer 16.-18. janúar í íþróttahúsi Valsmanna að Hlíðarenda.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Allir flokksmenn, um tólf þúsund, geta setið þingið og tekið til máls.

Á þinginu munu framsóknarmenn kjósa sér forystu en Valgerður Sverrisdóttir hefur hvorki sagt af eða á um hvort hún sækist eftir kjöri í formannsembættið.

Fyrir þinginu mun meðal annars liggja tillaga um að gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. **- bþs**

# Átök um uppskipti Hitaveitu Suðurnesja

**Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvö fyrirtæki í gær. Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur vildu frestun vegna efnahagsástandsins. Skuldirnar hafa aukist um 50 prósent síðan í júní. Reykjanesbær boðar tilboð í auðlindaréttinn.**

**ORKUMÁL** Hitaveitu Suðurnesja (HS) var á hluthafafundi í gær skipt upp í tvö fyrirtæki: HS orku hf. og HS veitur hf. HS orka verður 73 prósent af virði HS en HS veitur 27 prósent.



ÁRNI SIGFÚSSON



GUNNAR SVAVARSSON

Einungis tveir af átta hluthöfum samþykktu skiptinguna, Reykjanesbær og Geysir Green Energy, en þessir hluthafar eiga tæplega 67 prósent í fyrirtækinu. Aðrir sátu hjá eða greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Uppskiptingin er samkvæmt breytingum á lögum á auðlinda- og orkusviði sem gerðar voru á Alþingi í vor. Samkvæmt þeim verður að aðskilja orku- og veitustarfsemi fyrir 1. júlí árið 2009. HS er fyrsta orkufyrirtækið sem uppfyllir þessi ákvæði.

Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur (OR) lögðu saman fram tillögu á fundinum um frestun uppskiptanna til 1. júlí. Raunar reka hluthafarnir mál fyrir héraðsdómi um eignarhald á ríflega 15 prósenta hlut. Í tillögunni segir að vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hafa á íslensku efnahagslífi, veikingu krónunnar og vantrausts erlendra lánardrottna sé ráðlegt að nýta frest stjórnvalda til uppskiptanna að fullu.



**HITAVEITA SUÐURNESJA** Fyrirtækið hætti í raun að vera til í gær þegar því var skipt upp í HS orku hf. og HS veitur hf. Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur vildu fresta gjörningnum fram á næsta vor.

Gunnar segir forsendur fyrir skiptingarhlutfalli í fyrirtækin tvö brostnar. Það komi fram í skoðun, sem Hafnarfjörður og OR létu gera, á skiptingaráætluninni sem Capacent vann fyrir HS. Þá sé eiginfjárhlutfall HS veitna of lágt. Skuldir HS hafi aukist um 50 prósent síðan í júní vegna veikrar stöðu krónunnar.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir breytt skiptahlutfall ekki breyta neinu, allir eigi sömu hlutina beggja megin. „Við töldum rétt að flýta þessu, bæði vegna óvissu starfsfólks, sem og gagnvart erlendum lánardrottnum. Þeir verða að vita hvaða aðila þeir lána fé og hvaða tryggingar þeir fá.“

Hann segir eiginfjárstöðu HS vissulega slæma og skuldir hafi aukist mjög. „Miðað við gengisþróun stendur fyrirtækið illa. Það lítur hins vegar enginn svo á að staðan í dag sé framtíðarstaða. Við stöndum betur en mörg orkufyrirtæki.“

Reykjanesbær hefur boðað tilboð í auðlindarétt fyrirtækisins, en sá réttur yrði leigður HS orku til 65 ára. „Við vildum gjarnan gera þetta í samstarfi sveitarfélaga sem eiga skipulagsrétt á þessu landi,“ segir Árni. Auk Reykjanesbæjar eru það Vogar og Grindavík. **kolbeinn@frettabladid.is**



**SEÐLABANKINN** Erlendir fjárfestar eiga um 700 milljarða í íslenskum bréfum og eru krónubréfin hluti þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Stórir fjárfestar eiga þriðjung:

## 240 milljarðar í krónubréfum

**VIÐSKIPTI Um 230 til 240 milljarðar eru útistandandi í krónubréfum Seðlabanka Íslands. Ekki er ljóst hve margir fjárfestar eiga bréf, en stórir fjárfestar eiga þriðjung og þeir smærri tvo þriðju.**

**Þorvarður Tjörvi Ólafsson, sérfræðingur hjá Seðlabankanum, segir að mestan part sé um evrópska sparifjáreigendur að ræða, oft nefndir „belgískir tannlæknar“, fólk sem setur hluta eignanna í hávaxtabréf.**

**Íslensku bankarnir notuðu sumir krónubréf sem veð til að fá lán hjá Seðlabankanum, en voru hættir því. Einstakir innlendir fjárfestar eiga ekki krónubréf. - kóp**

Icelandair fjölgar flugleiðum:

## Flýgur vikulega til Stafangurs næsta sumar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Icelandair ætlar að fljúga tvisvar í viku næsta sumar til og frá Stafangri í Noregi. Flogið verður frá Íslandi til Björgvinjar og þaðan til Stafangurs og svo beint til Íslands.

Þannig verður Norðmönnum sem búa í nágrenni Stafangurs gefinn kostur á að fljúga beint frá Stafangri til Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi, að sögn VG Nett. **- ghs**




Til leigu

83 m² verslunarpláss í Mjóddinni.

Mjög góður sölutími framundan. Upplýsingar í síma 896-2164.

visir.is

„...ég sá það á vísi“

fyrir sólin

SIEMENS



Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali. Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 www.sminor.is


90 ára fullveldi Íslands fagnað á ráðstefnu alþjóðamálastofnunar:

# Óskorað fullveldi er einangrun

**SAMFÉLAGSMÁL** „Eina leiðin til óskoraðs fullveldis er einangrun og sjálfsþurftarbúskapur,“ sagði Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, á ráðstefnu alþjóðamálastofnunar HÍ um fullveldi Íslands í tilefni af því að 90 ár eru liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki.

Ólafur, Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði, Guðmundur Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði, og Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, voru öll sammála um að Ísland yrði enn fullvalda ríki þó svo það myndi ganga í Evrópusambandið.

Þorvaldur Gylfason sagði að stundum þyrfti að skerða fullveldi til að vernda það. „Tökum sem dæmi hjónaband sem er gagnkvæm skerðing á fullveldi,“ sagði Þorvaldur. Meirihluti þeirra sem talaði gegn Evrópusambandsaðild skelfdist að missa illa fenginn spón úr aski sínum.

Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði, benti á að fullveldi þýddi að taka ákvarðanir í eigin málefnum, þar með talið um nýtingu auðlinda. Í því ljósi ætti til dæmis að hafa í huga að samningsstaða Íslands væri afleit um þessar mundir og engar líkur væru á að fá varanlega undanþágu frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. **- ss**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**GUÐMUNDUR HÁLFDÁNARSON** Bar stöðu Íslands í dag við Bjart í Sumarhúsum. Valið snerist um heiðina eða fjörðinn en hann efaðist um að nútímafólk myndi sætta sig við saltsteinbít í hvert mál.



**KONUNGLEG KÆRASTA** Harry prins, yngri sonur Karls Bretaprins, og vinkona hans, Chelsy Davy, skemmta sér saman á ruðningsleik á Twickenham-velli í Lundúnum. Davy er fædd í Simbabve.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama er þegar kominn með helming ráðherra í ríkisstjórn sína, sem tekur við 20. janúar:

# Clinton og Gates verða í stjórn Obama

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama skýrði formlega frá því í gær að Hillary Clinton verði utanríkisráðherra í ríkisstjórn hans, sem tekur við 20. janúar næstkomandi. Robert Gates, sem hefur verið varnarmálaráðherra í stjórn George W. Bush síðustu tvö árin, heldur því embætti áfram eftir að Obama tekur við.

Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, fagnaði því að Obama skyldi hafa valið Hillary til að gegna embætti utanríkisráðherra: „Hún er rétta manneskjan í þetta starf, til að bæta ímynd Bandaríkjanna erlendis, binda enda á Íraksstríðið, efla friðinn og styrkja öryggi okkar,“ sagði hann.

Obama skýrði einnig frá því að James Jones, fyrrverandi yfirhershöfðingi NATO, verði þjóðaröryggisráðgjafi, Eric Holder, sem í forsetatíð Bills Clintons var næstráðandi í dómsmálaráðuneytinu, verði dómsmálaráðherra, og Janet Napolitano, ríkisstjóri í Arizona, verði heimavarnaráðherra.

Obama hefur verið óvenju snöggur að velja sér ráðherra í fimmtán manna ríkisstjórn sína, og virðist leggja áherslu á að „koma hlaupandi niður á jörðina“ þegar hann tekur við, tilbúinn í erfiðan slag allt frá fyrstu stundu.

Áður hefur Obama skýrt frá því að Timothy Geithner verði fjármálaráðherra, auk þess sem fram hefur komið að Tom Daschle, fyrrverandi leiðtogi demókrata í öldungadeildinni, verði heilbrigðisráðherra og Bill Richardson, ríkisstjóri í Nýju-Mexíkó, verði viðskiptaráðherra, þótt ekki hafi verið opinberlega gengið frá því enn. - gb



**BARACK OBAMA OG HILLARY CLINTON** Clinton sagðist í gær stolt af því að ganga til liðs við Obama.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lykillinn í aðild að ESB:

# Menntað fólk má ekki fara

**VIÐSKIPTI Íslendingar verða að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Gerist það ekki er hætt við afturhvarfi til haftatímans. Við það muni menntaðir Íslendingar hverfa af landi brott.**

**Þetta segir dr. Gylfi Zoëga, prófessor í þjóðhagfræði við Háskóla Íslands, í grein sem birtist eftir hann á vefmiðlinum voxeu.org í síðustu viku.**

**Í greininni fjallar Gylfi um aðdraganda efnahagshrunsins. Hann segir að svo virðist sem hið opinbera hafi fátt gert til að hindra vöxt bankanna og skuldsetningu íslenskra fyrirtækja.**

**Stærð fjármálakerfisins og skuldabyrðin hafi á endanum verið slík að Seðlabankinn hafi ekki með nokkru móti getað verið lánveitandi til þrautavara.** - jab

Athugasemdir um heimildaöflun Fortune:

# Vitnað í erlendan embættismann

Í athugasemdum sínum við grein um íslenskt efnahagslíf í viðskiptatímaritinu Fortune, spyr Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri, hvaðan tímaritið hafi upplýsingar sínar. Hann veltir upp þeim möguleika að blaðið hafi fengið skældar upplýsingar frá heimildarmönnum á Íslandi.




**FORTUNE TÍMARITIÐ**

Hvað fullyrðingar tímaritsins áhrærir um að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi farið rangt að þegar hann reyndi að tryggja Íslendingum lánalínur frá erlendum seðlabönkum, kemur fram í greininni hver sú heimild er. Það er meðal annars haft eftir nafnlausum, háttsettum embættismanni hjá Seðlabanka Evrópu í Frankfurt.

Hann segir í greininni: „Viljir þú gera gjaldeyrisskiptasamning við okkur hringirðu í [Jean-Claude Trichet, bankastjóra Seðlabanka Evrópu] og bókar fund með honum. Síðan flýgur þú til Frankfurt til að ræða fyrirspurnina og útskýrir hvernig þetta eigi að ganga fyrir sig. Þú verður að vinna hann á þitt band. [Davíð] Oddsson gerði enga tilraun til þess.“ - bs

# Segir rangfærslur í Fortune

**Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri gerir athugasemdir við grein viðskiptatímaritsins Fortune, sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Athugasemd Ingimundar birtist hér.**

> Í umræðum hér á landi undanfarnar vikur og mánuði hefur afar margt verið missagt og ranglega með farið um það sem Seðlabankinn hefur gert og ekki gert í ár.

Í Fréttablaðinu í gær, mánudaginn 1. desember 2008, er vitnað í grein í bandaríska viðskiptatímaritinu Fortune um hrun íslenska fjármálakerfisins. Í stuttri endursögn blaðsins segir eftirfarandi: „Blaðið hefur eftir heimildarmönnum úr röðum íslenskra ráðamanna og erlendum seðlabönkum að Davíð hafi farið kolrangt að fyrr á þessu ári þegar Seðlabankinn reyndi að tryggja Íslendingum lánalínur frá öðrum seðlabönkum. Hann hafi ritað stuttar orðsendingar til bankanna sem yfirmenn þar hafi alls ekki túlkað sem beiðnir um aðstoð.“

Hér er alrangt farið með. Hið rétta í þessu tiltekna máli er að þegar Seðlabankinn leitaði eftir gjaldeyrisskiptasamningum við aðra seðlabanka fyrr á þessu ári var það gert í ítarlegum bréfum með viðamiklum fylgigögnum. Því er rangt að Seðlabankinn hafi sent stuttar orðsendingar til bankanna og útilokað er að yfirmenn í öðrum seðlabönkum hafi ekki túlkað orðsendingar Seðlabankans sem beiðnir um skiptasamninga. Auk bréfa og gagna sem lögð voru fram á þessum tíma fóru fram mörg símtöl og fundir þar sem frekari grein var gerð fyrir sjónarmiðum Seðlabanka Íslands í þessum efnum. Þá var m.a. haft sérstakt samráð við sérfræðinga annarra seðlabanka auk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og síðar er vikið að. Augljóst er að heimildir viðskiptatímaritsins eru afar óáreiðanlegar að ekki sé fastar að orði kveðið.

Í umræðum hér á landi undanfarnar vikur og mánuði hefur afar margt verið missagt og ranglega með farið um það sem Seðlabankinn hefur gert og ekki gert í ár. Rangfærslur rata gjarnan á síður erlendra fjölmiðla og heimildarmenn þá væntanlega innlendir. Hvaðan koma þessar upplýsingar?

Til upprifjunar sagði m.a. eftirfarandi í greinargerð sem Seðlabankinn birti á heimasíðu sinni 9. október sl.:

„Í mars 2008 leitaði Seðlabanki Íslands til annarra seðlabanka um gerð gjaldeyrisskiptasamninga. Markmið bankans var fyrst og fremst að efla erlenda stöðu sína og að nýta lag sem þeir myndu gefa til þess að taka erlend lán á markaði í því skyni að efla hana enn frekar. Augljóst var, í því erfiða árferði sem ríkti, að gjaldmiðlaskiptasamningar myndu skipta miklu í þeirri áætlun.

Í upphafi var kannað hvort danski seðlabankinn væri reiðubúinn til þess að gera slíkan samning og voru viðbrögðin jákvæð. Þá var leitað til Englandsbanka og var erindi Seðlabankans vel tekið í fyrstu. Samskipti voru við bankann undir lok mars og hreyfðist málið það vel um skeið að vinna var hafin við gerð samnings. Einnig var leitað til Seðlabanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankans í Basel og Seðlabanka Bandaríkjanna auk seðlabanka Svíþjóðar og Noregs. Seðlabanki Evrópu kvaðst ekki reiðubúinn til þess að ganga til samninga við Seðlabanka Íslands nema fyrir lægi álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsmálum á Íslandi og stöðu fjármálakerfisins. Augljóst var að samtöl fóru fram á milli Englandsbanka og Seðlabanka Evrópu um efnið og óskaði sá fyrrnefndi einnig eftir áliti sjóðsins þegar hér var komið sögu. Að beiðni Seðlabankans sendi sjóðurinn umsvifalaust tvo sérfræðinga til landsins og fóru þeir yfir efnahagsmálin og stöðu fjármálakerfisins.

Í tengslum við vorfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í apríl sl. áttu fulltrúar Seðlabankans fjölmarga fundi með sérfræðingum sjóðsins auk funda með bankastjórum Englandsbanka og norræna seðlabankanna. Álit sjóðsins lá fyrir rétt eftir lok þessara funda. Hann var sammála áætlun Seðlabankans og taldi að gjaldmiðlaskiptasamningar myndu hafa þau áhrif sem bankinn vænti og auðvelda honum að sækja á alþjóðlegan lánamarkað fyrir hönd ríkissjóðs. Í viðræðum við aðra seðlabanka lagði Seðlabanki Íslands jafnan áherslu á að gjaldeyrisskiptasamningar þjónuðu ekki aðeins hagsmunum Íslands heldur einnig annarra vegna mikilla alþjóðlegra tengsla íslenskrar fjármálastarfsemi.

Á fundunum í Washington óskaði bankastjóri Englandsbanka eftir því að auk álits Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerði Seðlabanki Íslands grein fyrir framvindu efnahagsmála og stöðu fjármálakerfisins í eigin minnisblaði. Greinargerð hans og álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var hvort tveggja sent þremur norrænum seðlabönkum, Seðlabanka Evrópu, Englandsbanka og Seðlabanka Bandaríkjanna.“



Skilorðsbundinn dómur:

## Barði í höfuð með bjórglasi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 150 þúsund króna í skaðabætur. Hann sló annan mann með bjórglasi. Fórnarlambið hlaut fjögurra til fimm sentimetra skurð aftarlega á hvirfli. Hópur fólks var saman kominn í Ölveri í Reykjavík. Til orðaskaks kom sem leiddi til þess að fórnarlambið sagði að kærasta árásarmannsins væri með ljót brjóst. Hún ýtti við glasi þess fyrrnefnda með þeim afleiðingum að bjór helltist yfir hann. Hann stjakaði þá við konunni, sem féll við. Árásarmaðurinn barði hann þá í höfuðið með bjórglasi. **- jss**

Mál Benjamíns Þórs Þorgrímssonar var tekið fyrir í Héraðsdómi í gær:

# Farið fram á frávísun ákæra

**DÓMSMÁL** Farið var fram á frávísun tveggja ákæra á hendur Benjamín Þór Þorgrímssyni líkamsræktarþjálfara í héraðsdómi í gær. Benjamín Þór var ákærður fyrir líkamsárás á Ragnar Ólaf Magnússon. Árásin var sýnd í Kompásþætti um handrukkarr á Íslandi síðastliðið haust.

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, verjandi Benjamíns, sagði ljóst að ákæruvaldið hefði gefið út tvær ákærur fyrir sama brotið og lagt þær báðar fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Þannig hafi tvö sakamál verið höfðuð á hendur Benjamín vegna sömu málanna. Það væri brot gegn íslensku sakamálaréttarfari, stjórnarskrá og sáttmála um vernd mannréttinda. Hann átaldi ákæruvaldið fyrir að senda fjölmiðlum endurskoðaða ákæru, áður en hún var birt ákærða. Verjandi og ákærði hafi fyrst fengið vitneskju um að ákæran væri í þremur köflum en ekki í tveimur í gegnum fjölmiðla.



**Í HÆSTARÉTTI** Farið var fram á frávísun tveggja ákæra á hendur Benjamín Þór Þorgrímssyni héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sækjandi málsins hafnaði kröfu um að málinu yrði vísað frá. Hann sagði rétt að að forminu til hafi verið gefnar út tvær ákærur. Ákæruvaldið hafi hins vegar afturkallað fyrri ákæruna og hafi til þess skýra lagaheimild. Þá taldi hann skrítið að ákærði geti ekki upplýst hvaða ákæra var honum birt, sem hafi verið sú seinni.

Úrskurðar dómara er að vænta í dag klukkan ellefu. **- hhs**

Arkitektar eru uggandi:

## Helmingur missir vinnu

**ATVINNUMÁL** **Ljóst er að um helmingur starfsmanna á arkitektastofum innan vébanda Félags arkitektastofa horfir fram á atvinnuleysi frá og með 1. febrúar næstkomandi. Þetta segir í áskorun sem Félag arkitektastofa og Arkitektafélag Íslands hefur sent stjórnvöldum.**

**Félögin skora á stjórnvöld að halda áfram undirbúningi framkvæmda og áætla hæfilegan tíma í undirbúning og hönnun. „Verkefnin verða þá tilbúin til framkvæmda þegar efnahagslífið réttir úr kútnum.“ Annars megi búast við stórfelldum flótta menntafólks úr landi.** **- sh**



**FRÁ AUSTURVELLI** Menntavitanum er ætlað að lýsa íslendingum leið út úr efnahagsþrengingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikilvægi menntunar:

## Lýsir Íslendingum leiðina

**MENNTAMÁL** **Stúdentar héldu 1. desember hátíðlegan í gær og efndu meðal annars til hátíðarhalda á Háskólatorgi og Austurvelli þar sem íslenskir námsmenn afhjúpuðu Menntavitann.**

**Í tilkynningu segir að Menntavitinn hafi það hlutverk að lýsa Íslendingum leið út úr kröggunum og minna ríkjandi stjórnvöld á mikilvægi menntunar á tímum sem þessum. Við afhjúpun Menntavitans lásu fulltrúar stúdenta upp opið bréf til Alþingis og ríkisstjórnar þar sem hvatt var til aðgerða sem snerta námsmenn.** **- ovd**

Þingkosningar í Rúmeníu:

## Enginn flokkur nær meirihluta

**RÚMENÍA, AP** Jafnaðarmannaflokkur Rúmeníu, sem að hluta til er arftaki gamla kommúnistaflokksins, fékk nánast alveg jafnmörg atkvæði og Miðflokkurinn DLF, sem Traian Basescu forseti tilheyrir, í þingkosningum sem fram fóru í Rúmeníu á sunnudag.



**CALIN PAPESCU TARICEANU**

Búist er við erfiðum stjórnarmyndunarviðræðum, þar sem enginn flokkur fær meirihluta á þingi.

Þegar meira en 90 prósent atkvæða höfðu verið talin hafði Jafnaðarmannaflokkurinn fengið um 33,5 prósent atkvæða en miðflokkurinn um 33 prósent. Frjálslyndi flokkur Calins Popescu Tariceanu forsætisráðherra er í þriðja sæti með um 18 prósent atkvæða.

Kjörsókn var mjög lítil, aðeins um 39 prósent. **- aa**

**NORÐUR-KÓREA**

### Segja Kim á fótum

Norður-kóreskir ríkismiðlar greindu frá því í fyrradag, að þjóðarleiðtoginn Kim Jong-Il, sem ekki hefur sést opinberlega síðan í sumar, hefði heimsótt flughersveit. Engar myndir fylgdu fréttinni og ekki var heldur tekið fram hvenær heimsóknin hefði átt sér stað. Suður-kóresk yfirvöld telja að Kim hafi fengið heilablóðfall í ágúst.



Helstu skilmálar: Gjafabréfið gildir sem greiðsla upp í fargjald með Icelandair. Hægt er að nota eitt gjafabréf á hvern farþega í ferð. Gjafabréfið er hægt að nota fyrir hvern sem er. Gjafabréfin eru í sölu til 24. desember 2008. Ekki er hægt að breyta gjafabréfi aftur í Vildarpunkta. Gjafabréfið gildir í eitt ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.





## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
631 **-1,31%**

**Fjöldi viðskipta:** 61
**Velta:** 118 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATORKA** | -43,82% |
| **ATLANTIC PETROL.** | -4,83% |
| **ÖSSUR** | -3,01% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 252,1 +4,01%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,50 -43,82% ... Bakkavör 2,28 -0,44% ... Eimskipafélagið 1,31 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,10 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,60 -2,67% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 90,20 -3,01%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Krónan yfir 250 stig í fyrsta sinn

**Gengi krónunnar veiktist um fjögur prósent í gær. Ný gjaldeyrislög eru sögð draga úr líkum á hraðri og mikilli lækkun. Viðskiptin eru öll í Seðlabankanum.**

Gengisvísitala krónunnar veiktist um 4,04 prósent í gær frá fyrra viðskiptadegi. Vísitalan fór í fyrsta sinn yfir 250 stig, en sérfræðingar höfðu spáð nokkurri veikingu eftir að hún yrði sett á flot á markaði á ný. Við lok viðskipta á föstudag var gengisvísitala krónunnar 242,3, en 252,1 stig í gær.

Lög um höft á gjaldeyrismarkaði sem samþykkt voru aðfaranótt föstudagsins síðasta stemma stigu við mjög örri lækkun krónunnar, að mati Greiningar Glitnis. „Þó svo að höft séu á fjármagnsflutningum er krónan á floti. Hið nýja gjaldeyriskerfi sem komið var upp í lok síðustu viku gerir það að verkum að verð krónunnar ákvarðast á markaði þar sem gjaldeyristekjur og -gjöld vegna vöru- og þjónustuviðskipta ákvarða gengi krónunnar að viðbættum gjaldeyrishreyfingum vegna vaxta, verðbóta, arðs, hagnaðarhluta af fjárfestingum og samningsbundinna afborgana," segir í umfjöllun Greiningar. Í nýju umhverfi gjaldeyrisviðskipta hér á landi hefur flot krónunnar hins vegar verið nefnt „hálfflot", eða flot með ankeri. Samkvæmt heimildum blaðsins liggja litlar upplýsingar fyrir um magn og eðli þeirra gjaldeyrisviðskipta sem átt hafa sér stað síðan á föstudag, en þær eru á forræði Seðlabankans. Þó er talið að um frekar smáar færslur sé að ræða og að heildarvelta krónunnar frá því að hún var sett á flot sé innan við milljarður.

Í gjaldeyrisviðskiptum gærdagsins slagaði gengi evrunnar í 190 krónur, Bandaríkjadalur daðraði við 150 krónur og verð dönsku krónunnar fór yfir 25 íslenskar.

Í umfjöllun Greiningar Glitnis kemur jafnframt fram að fyrirséð sé að á næstunni verði gjaldeyristekjur vegna vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd meiri en gjöld. „Ef allar gjaldeyristekjur skila sér inn á markaðinn með þeirri skilaskyldu sem fest hefur verið í lög mun smátt og smátt verða til umframgjaldeyrir í þessum viðskiptum." Mat greiningardeildarinnar er að hluti umframgjaldeyrisins komi til með að fara í þau fjármagnsviðskipti sem heimil séu. „Hitt verður hægt að nýta til að selja erlendum aðilum og losa þá þannig út úr krónustöðum sínum. Þannig verður hægt að vinda ofan af hættunni á hraðri og mikilli gengislækkun krónunnar í því fullkomna floti sem stefnt er að."

olikr@markadurinn.is



**VIÐ HAFNARFJARÐARHÖFN** Greining Glitnis segir fyrirséð að afgangsgjaldeyrir af viðskiptum við útlönd vindi ofan af hættunni á hraðri og mikilli gengislækkun krónu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### GENGIÐ Í GÆR

| Gjaldmiðill | Verð |
|---|---|
| Bandaríkjadalur | 149,4 kr. |
| Evra | 188,5 kr. |
| Pund | 220,3 kr. |
| Dönsk króna | 25,3 kr. |
| Norsk króna | 20,9 kr. |
| Sænsk króna | 18,0 kr. |
| Svissneskur franki | 122,6 kr. |
| Japanskt jen | 1,6 kr. |

## Tap Atorku 2,3 milljarðar

Atorka Group tapaði 2,3 milljörðum króna eftir skatta á þriðja ársfjórðungi samkvæmt uppgjöri sem birt var á föstudagskvöld. Á sama tíma í fyrra hagnaðist félagið um 734 milljónir króna.

Magnús Jónsson, forstjóri Atorku, segir ástandið hér óvenjulegt og litast af óvissu eftir hrun bankakerfisins. „Þessi óvissa endurspeglast í fjármálageiringum sem félagið hefur gert við viðskiptabanka sína til að lágmarka gjaldeyrisáhættu", er eftir honum haft í tilkynningu, en hann bendir á að fjárfestingar Atorku séu í rekstrarfélögum sem geri að verkum að áhrif fjármálakreppunnar hafi ekki jafn neikvæð áhrif á félagið og ella.

Fyrstu níu mánuði ársins nemur tap Atorku eftir skatta 6,3 milljörðum króna. Við lok þriðja ársfjórðungs námu heildareignir félagsins 58,2 milljörðum og eigið fé 14,6 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfallið var 25,1 prósent.



MAGNÚS JÓNSSON

Í tilkynningu Atorku um uppgjörið kemur fram að fjárfestingarverkefni félagsins séu öll í rekstrarfélögum í sérhæfðri framleiðslu og þjónustu. „Flest verkefnin eru í vaxtargeirum svo sem endurnýtanlegri orku, vatnshreinsiiðnaði, umhverfistækni og umbúðaframleiðslu," segir þar. Eignarhlutur Atorku er almennt sagður 20 til 40 prósent „til að tryggja veruleg áhrif varðandi stefnumörkun og stjórnun".

Við lok markaðar í gær höfðu hlutabréf Atorku lækkað mest, 50 aura, úr 89 aurum fyrir helgi. - óká

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.



**CREATIVE FATAL1TY**
Kraftmikil leikjaheyrnartól með hljóðnema og hljóðstilli
**6.990**



**STEELSERIES S&S SOLO**
Harðplast músamotta fyrir tölvuleikina, stærð 320mm x 270mm
**3.990**



**PC LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI**

**ACER ASPIRE ONE FARTÖLVA** acer



- 1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 8.9" TFT XGA skjár
- 120GB harður diskur
- Intel GMA950 PCI skjástýring
- Li-ion rafhlaða
- 5 in 1 kortalesari
- 1 KG að þyngd
- Windows XP Home

**79.990**



**HP DESKJET D4360 PRENTARI**
Hagkvæmur og góður prentari, 4800x1200dpi. Prentar allt að 30 bls svörtu og 23 bls í lit á mín. Frábær prentari fyrir alla á heimilinu, USB 2.0
**14.990**



**LOGITECH WAVE** Logitech
Hannað með þægindi í fyrirrúmi með ábrenndum íslenskum stöfum
**6.990**



**LOGITECH ATTACK 3**
Flottur stýrispinni með 11 endurforritanlegum hnöppum, USB2.0
**3.490**



**MSI ATI RADEON R4670**
512MB MSI ATI Radeon R4670 GDDR3 PCI-Ex 16x skjákort. Lang öflugasta kortið fyrir peninginn í dag. HDMI stuðningur og 2xDVI, Styður Duallink DVI
**18.990**



**LOGITECH ALTO EXPRESS**
Hafðu fartölvuna þína í réttri augnhæð með Alto Express
**4.990**



**LOGITECH X-240** Logitech
Svart hátalarakerfi, sérhannað með tilliti til MP3 spilara
**8.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |



# Tölvuskólinn þakkar fyrir

## Tölvuskólinn iSoft-Þekking mun aftur á vorönn 2009 bjóða upp á námsbraut í Microsoft Server 2008 umhverfinu ásamt rekstri á Microsoft Exchange 2007 póstþjónum.

Nemendur útskrifast með tvær prófgráður – annars vegar MCITP[1] Server Administrator 2008 (Áður MCSA[2]) og MCTS[3] í Exchange 2007.

**Að námi loknu eiga nemendur að færir um rekstur á:**

- *Netþjónum í Microsoft Server 2008 umhverfi*
- *Netþjónum í Microsoft Server 2003 umhverfi*
- *Netþjónum í Microsoft Server 2000 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2007 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2003 umhverfi*
- *Póstþjónum í Microsoft Exchange 2000 umhverfi*

**Bjóðum einnig upp á nám í:**

- *Rekstri á Microsoft SQL 2008 gagnagrunnum*
- *Forritun í .NET 3.5 umhverfinu*
- *Cisco netbúnaði til undirbúnings CCNA gráðunni*
- *Microsoft Office Sharepoint 2007*
- *Microsoft CRM 4.0*
- *Microsoft System Center Configuration Manager*
- *Microsoft Exchange 2007*

Kennt er tvö kvöld í viku og einn laugardag í mánuði frá byrjun september og fram til loka janúar 2009.
Einnig er boðið upp á námið í fjarkennslu með takmörkuðu sætaframboði.

Allir kennarar námsins eru starfandi sérfræðingar í netstjórnun og hafa mikla reynslu í kennslu á sviði upplýsingatækni ásamt tilheyrandi kennslugráðum.

**MCITP**[1] – Microsoft Certified ID Professional
**MCSA**[2] – Microsoft Certified Systems Administrator
**MCTS**[3] - Microsoft Certified Technology Specialist

**Allar nánari upplýsingar veittar í síma 511-3080**
**og á vefnum www.isoft.is**

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

| Stök forrit | St.fj | Verð |
|---|---|---|
| *Dreamweaver* | *26* | *29.000,-* |
| *Excel frh. (Stjórn og skipulag)* | *14* | *24.000,-* |
| *Excel grunnur* | *21* | *24.000,-* |
| *Flash* | *21* | *24.000,-* |
| *Illustrator* | *37* | *44.000,-* |
| *Office 2007 kynning* | *5* | *7.900,-* |
| *Outlook* | *10* | *15.000,-* |
| *Photoshop – grunnur* | *21* | *24.000,-* |
| *PowerPoint* | *10* | *15.000,-* |
| *Stafrænar myndavélar* | *14* | *15.000,-* |
| *Word ritvinnsla* | *21* | *24.000,-* |

www.smidjan.is



# frábærar viðtökur á árinu

## VIÐSKIPTANÁM

### Skrifstofunám

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

**Tölvugreinar:**
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.
*Lengd: 260 std. Verð kr. 199.000,-*

### Tölvu og bókhaldsnám

**Stutt og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvu- og bókhaldsgreinar.** *Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-*

**Bókhald 1**
Fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu og styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Verslunarreikningur, VSK, handfært og tölvufært bókhald.
*Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-*

**Bókhald 2**
Stutt og sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem hafa einhverja bókhaldsreynslu. Upprifjun á fjárhagsbókhaldi, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrlsur. Launabókhald, launamiðar, launaframtöl og skil til skatts. Afstemmingar og skil til endurskoðenda.
*Lengd 32 std. Verð kr. 36.000,-*

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**
Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn en vilja þjálfun í tölvufærðu bókhaldi í þessu útbreidda bókhaldsforriti.
*Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-*

**Tollskýrslugerð**
Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna.
*Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-*

## VEFUR – GRAFÍK – MYNDVINNSLA

### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

**Photoshop - Illustrator - InDesign**
*Lengd 105 std Verð kr. 116.000,-*

**Vefsíðugerð - grunnur.** Photoshop og Dreamweaver
*Lengd: 47 std. Verð kr. 49.000,-*

**Vefsíðugerð frh.** Dreamweaver – HTML - Javascript
*Lengd: 31 std. Verð kr. 31.000,-*

## ALMENN NÁMSKEIÐ

**Tölvunám byrjenda.** Námskeið ætlað algjörum byrjendum á öllum aldri.
*Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,-*

**Almennt tölvunám.** Windows – Word – Excel – Internet - Outlook
*Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,-*

**ECDL tölvunám.** Ítarlegt tölvunám sem lýkur með alþjóðlegri vottun. Windows – Word – Excel –PowerPoint – Internet – Outlook.
*Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-*

**Eldri borgarar 60+ Byrjendur.**
*Lengd 30 std Verð kr. 20.500,-*

**Eldri borgarar 60+ Framhald.**
*Lengd 30 std Verð kr. 20.500,-*



TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

*Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Konur hafa enn umtalsvert lægri laun en karlar.

## Launamunur kynja er úreltur

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Konur á Íslandi eru með 16,3 prósentum lægri laun en karlar eftir að tekið hefur verið tillit til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launþegar. Þetta er óásættanleg staðreynd á árinu 2008.

Ríkisstjórn Íslands hefur á stefnuskrá sinni að draga úr launamun kynjanna. Til að geta fylgst með árangri hefur Félagsvísindastofnun gert launakönnun fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna laun og launasamsetningu karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði til að komast að því hvort kynbundinn launamunur væri fyrir hendi, hve mikill hann væri og hvort og hvernig mætti skýra muninn. Könnunin tekur til karla og kvenna á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og bæði í einkageiranum og hinum opinbera. Þetta er í fyrsta sinn sem svo víðtæk könnun er gerð á launamun kynjanna og mun hún áreiðanlega nýtast vel til viðmiðunar í framhaldinu.

Ýmis stéttarfélög hafa gengist fyrir launakönnunum þar sem sýnt hefur verið fram á mismikinn launamun milli kynja. Niðurstöður úr fyrrnefndri könnun Félagsvísindastofnunar koma því ekki á óvart. Ljóst er að enn er langt í land að launajafnrétti náist.

Einkum vekur staða kvenna úti á landi þó eftirtekt en samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er kynbundinn launamunur umtalsvert meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni eru konur með 27,5 prósentum lægri laun en karlar meðan munurinn nemur 9,3 prósentum á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki þarf að koma á óvart að í þessari könnun, eins og í öðrum þeim sem taka til launamunar kynjanna, kemur fram að væntingar kvenna til launa eru talsvert undir væntingum karla. Þessu getur enginn breytt nema konur sjálfar. Konur verða að koma vel undirbúnar í launasamtöl og krefjast sömu launa og karlar í sambærilegum störfum.

Á sama hátt verða þeir sem handan borðsins sitja að varpa frá sér fyrirfram gefnum hugmyndum um hlut kynjanna í framfærslu heimila og hafa hugfast að vinnuframlag kvenna er ekki síður mikilvægt en vinnuframlag karla og sömuleiðis að konur eru fyrirvinnur á nákvæmlega sama hátt og karlar.

Það er á ábyrgð allra þeirra sem um laun semja, beggja vegna borðs, sem fulltrúar hópa eða einstaklinga, að útrýma launamun kynjanna.

Þegar er farið að þrengjast um á vinnumarkaði og fyrirsjáanlegt að á næstu vikum og mánuðum muni þar enn þrengjast um. Samstillt átak þarf til þess að þverrandi atvinnuöryggi bitni ekki á launum kvenna umfram karla.

Launamunur kynja er úreltur. Könnunin sem kynnt var í síðustu viku er viðspyrna. Héðan í frá verður leiðin að liggja í átt til launajafnréttis.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Í Markaðnum á morgun

**BITIST UM BANKALEYND**

**HVAÐ GETUR ORÐIÐ TIL BJARGAR HEIMILUM OG FYRIRTÆKJUM LANDSINS?**

**FRÉTTIR OG FRÓÐLEIKUR ÚR VIÐSKIPTALÍFINU**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vals eða Val

Kunnara er en frá þurfi að segja að Framsóknarflokkurinn fór illa út úr samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í landsmálum og sat undir stöðugum ásökunum um að vera hækja íhaldsins í ríkisstjórn. En nú er öldin önnur. Framsóknarflokkurinn heldur flokksþing sitt í janúarlok en þar verður meðal annars tekin afstaða til Evrópusambandsaðildar. Framsóknarmenn kjósa að halda flokksþing sitt í Valshöll, undir verndarvæng fálkans á Hlíðarenda. Þeir komast ekki mikið nær því að halda þing sitt í Valhöll.



### Þrír á palli

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Davíð, Eiríkur og Ingimundur seðlabankastjórar stefndu starfsfólki Seðlabankans saman í lítið gill, þar sem Davíð fór með gamanvísur, Eiríkur flutti frumsamin lög á gítar og Ingimundur lék á píanó. Eftir því sem næst verður komist hefur þetta nýja skemmtitríó ekki enn hlotið nafn. Hér er stungið upp á að þeir kalli sig Launaskriðjökla.



### Tevje hjá Lýsingu

Símtölum rignir inn hjá fjármögnunarfyrirtækinu Lýsingu; svo mjög að símakerfið hefur vart undan. Þeir sem hafa tíma, tök og nennu til að bíða eftir að þjónustufulltrúi losnar, geta hlustað á tónlist í símkerfinu þar til röðin kemur að þeim. Plötusnúður Lýsingar er greinilega mikill grallari. Þegar hringt var í Lýsingu í gær var leikinn ensk útgáfa lagsins „Ef ég væri ríkur“, úr söngleiknum Fiðlarinn á þakinu. Hinn undirliggjandi boðskapur er væntanlega sá að ef maður væri ríkur, þyrfti maður ekki að hringja í Lýsingu.

bergsteinn@frettabladid.is

# Ekki benda á mig



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Þjóðarbúskapurinn

Það er ekki lengur hægt að láta menn komast upp með þann hálfsannleik að fjármálakreppan sem valdið hefur íslensku hagkerfi stórfelldum skakkaföllum sé eins og fellibylur sem kemur að utan og að hending ein valdi því að hann orsaki meiri skaða á einum stað en öðrum. Það gengur ekki lengur að reynt sé að tína til tilviljanakennda sökudólga eftir því sem hverjum og einum hentar. Svoleiðis samkvæmisleikir eru ekki annað en moldviðri sem þyrlað er upp til að byrgja fólki sýn á það sem hefur í raun gerst í íslensku hagkerfi undanfarin ár, lengst af undir verkstjórn eins flokks, Sjálfstæðisflokksins, og undir leiðarljósi tiltekinnar hugmyndafræði, frjálshyggjunnar.

Kreppan sem nú geisar er vissulega alþjóðlegt fyrirbæri en það er vegna þess að frjálshyggjan var alþjóðlegt fyrirbæri. Sú hugmynd að framselja ætti völd úr höndum þjóðkjörinna fulltrúa og til kauphallanna er alþjóðleg. Hugmyndin um „endalok sögunnar“ og að einungis sé einn valkostur í boði, frjálshyggjan, er líka alþjóðleg. Þungi kreppunnar er hins vegar mismikill eftir því hversu vel frjálshyggjumönnum hefur gengið að brjóta niður allt regluverk í kringum fjármálastofnanir og allt eftirlit með þeim. Á Íslandi gekk þeim óvenjuvel við þá iðju. Við það bættust hagsmunir skammsýnna stjórnmálamanna sem helltu olíu á eldinn.

Á undanförnum árum hafa þrjár loftbólur verið blásnar upp af íslenskum stjórnmálamönnum. Sú stærsta var þensla einkavæddu bankanna sem hvíldi að miklu leyti á skuldasöfnun erlendis. Stjórnvöld ýttu undir með því að halda vöxtum á Íslandi háum, en hávaxtastefnan var orsök þess að erlendir sparifjáreigendur létu glepjast til þess að leggja fé inn á Icesave-reikninga og sambærilega reikninga á vegum Kaupþings. Þetta stuðlaði að skammtímahagnaði bankanna og það gerði líka hátt gengi krónunnar sem Seðlabankinn ýtti undir þrátt fyrir að það stuðlaði að gríðarlegum halla á viðskiptajöfnuði og uppsöfnun skulda. Stjórnmálamenn litu á kapítalismann sem leik þar sem Íslendingar hefðu náttúrulega yfirburði. Þekking þeirra á gangverki alþjóðakapítalismans var þó ekki meiri en svo að aðild Íslands að EES-samningnum var kölluð „allt fyrir ekkert“ á meðan umræða um ábyrgðirnar sem fylgdu honum hefði getað komið í veg fyrir skuldabaggana af Icesave-ævintýrinu sem nú hefur verið hlaðið á axlir vinnandi fólks á Íslandi.

Þenslu fjármálakerfisins fylgdi svo önnur bóla; þensla íbúðaverðs sem af séríslenskum aðstæðum varð einkum á höfuðborgarsvæðinu. Undir hana var ýtt af fjármálastofnunum sem vildu sölsa undir sig þessa starfsemi og fjármagna þar með enn meiri útrás. Stjórnmálamenn ýttu undir þensluna með loforðum um hærri lán til fasteignakaupa sem höfðu í för með sér offjárfestingar í húsnæði. Íslensk heimili urðu skuldsettari en þekkist víðast hvar annars staðar og þunginn af kreppunni fellur nú einkum á heimilin. Samt eru úrræði stjórnvalda nú á krepputímum þau sömu og á fyrri þenslutímum – að hækka vexti á skuldsetta þjóð. Undir eðlilegum kringumstæðum ættu slíkar ráðstafanir að leiða til fjöldagjaldþrota en ríkisvaldið mun ekki leyfa það; gangvirki íslensks efnahagslífs hvílir á þeirri forsendu að fólk borgi skuldir sínar og í því skyni má fresta greiðslum og grípa til allra mögulegra ráðstafana annarra en að lækka vexti eða setja fólk á hausinn. Íslenskt hagkerfi stendur og fellur með því að almenningur greiði skuldir sínar þó að einkabönkunum hafi verið leyft að fara í gjaldþrot, fá nýjar kennitölur og vera lausir allra mála.

Þriðja bólan voru svo gríðarlegar virkjanaframkvæmdir til að fjármagna uppbyggingu álvera en forsendan fyrir virkjanaframkvæmdunum voru stórfelldar lántökur Landsvirkjunar. Þessi „uppbygging“ var drifin áfram af stjórnmálamönnum í atkvæðaveiðum en ekki á viðskiptalegum forsendum enda er Landsvirkjun skrítin skepna – opinber stofnun sem stundum leikur einkafyrirtæki. Ljóst er að erlendar skuldir Landsvirkjunar verða þungur baggi á þjóðinni næstu árin og hafa í raun verið það lengi en hágengisstefnan sem Seðlabankinn rak alltof lengi og þvert á alla skynsemi var líkt og sniðin að hagsmunum þessa æxlis í þjóðarlíkamanum.

Það sem veldur sérstökum áhyggjum núna er að þeir sem blésu upp loftbólurnar eru ennþá við völd og bjóða upp á sömu pólitíkina; háa vexti, meiri skuldsetningu og draumóra um fleiri virkjanir sem fjármagna á með erlendri skuldasöfnun ríkisins. Á meðan lausnirnar eru frekar einfaldar og snúast um að gera hið gagnstæða.

# Fjögur tonn af sparifatnaði

**UMRÆÐAN**

Örn Ragnarsson skrifar um fatasöfnun Rauða krossins



ÖRN RAGNARSSON

Rauði krossinn þakkar öllum þeim sem „gáfu af sér“ laugardaginn 22. nóvember í Sparifatasöfnun félagsins. Landsmenn sýndu hug í verki, rýmdu til í skápum og mættu með fulla poka af sparifatnaði á tiltekna móttökustaði. Starfsfólk Vífilfells gerði úr átakinu sinn eigin fjölskyldudag og safnaði innan fyrirtækisins. Allir sem komu að sparifatasöfnuninni, eiga okkar bestu þakkir skildar!

Tæp fjögur tonn af sparifatnaði söfnuðust. Minnst safnaðist af barnafötum og bendum við fólki á að enn er hægt að gefa sparifatnað beint til Fatasöfnunar Rauða krossins að Skútuvogi 1 í Reykjavík.

Fyrir rúmum mánuði var þriðja Rauða kross verslunin opnuð á Laugavegi 116 – rétt hjá Hlemmi. Þar fer nú einnig fram (spari-) fataúthlutun á höfuðborgarsvæðinu á miðvikudögum milli kl. 10 og 14 og er gengið inn af bílastæði Grettisgötumegin. Auk nýju verslunarinnar eru Rauða kross verslanir á Laugavegi 6 í Reykjavík og Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Opnunartímar búðanna tveggja á Laugavegi eru mán.-fös. 10-18, lau. 12-16 og á Strandgötu mán.-fös. 12-18 en lokað á laugardögum.

Sextíu sjálfboðaliðar skiptast á að standa vaktina í búðunum þremur, sjá um úthlutun á fatnaði og flest það sem fellur til við reksturinn. Á höfuðborgarsvæðinu sér Rauði krossinn, í samstarfi við Sorpu, um söfnun á fatnaði alla daga ársins. Um tólf sjálfboðaliðar sjá um að taka á móti og flokka hluta fatnaðarins sem safnað er í Fatasöfnun Rauða krossins. Þessi fatnaður fer síðan í verslanirnar til sölu, úthlutunar og einnig til nauðstaddra erlendis, en stór hluti af fatnaðinum er seldur óflokkaður beint til útlanda. Allur hagnaður af sölu fatnaðarins rennur í Hjálparsjóð Rauða kross Íslands.

Sjálfboðaliðar í verslunum og við fataúthlutun Rauða krossins eru komnir í jólaskap og hlakka til að sjá sem flesta fyrir jólin – svo „Siggi fái síðar buxur og Solla bláan kjól“.

*Höfundur er verkefnastjóri Fatasöfnunar Rauða krossins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**JÓLAUPPSKRIFTIR** að hinum ýmsu kræsingum er að finna á síðunni vefuppskriftir.com. Þar má meðal annars finna uppskriftir að engiferkökum, appelsínukremi, ís, konfekti, steiktum rjúpum og jólaönd.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



**Búum til pening núna „KOLAPORT" í FJÖRÐINN**

**Hafnfirðingar og nágrannar, nú búum við til peninga, ekkert múður!**

Opnum **Laugardaginn 6. Des kl. 12:00** kolaport style markað í Hafnarfirði. Pantanir óskast staðfestar. Örfáir básar lausir. Höfum þetta sem fjölbreyttast,taka til heima og tæma kompuna, búa til pening.

Fjarðarportið Kaplahrauni 2-4 • Básar til leigu (helgar) • Stemmning, stuð og aurar.

**Pöntunarsími 578-3040 eða 660-7750 Básar ca. 10 ferm. 90 básar 10.000 helgin Opnunartími 12-20**

netsalan/fjarðarportið | netsalan@gmail.com



**Er ljós í myrkrinu?**

**Staða byggingariðnaðarins á Íslandi**
**Haustfundur Steinsteypufélags Íslands**

Fimmtudaginn 4. desember kl. 13:00 – 16:30 á Grand Hótel
Fundurinn er öllum opinn.

Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson flytur opnunarerindi. Framsögumenn eru fulltrúar opinberra aðila, Samtaka iðnaðarins, Reykjavíkurborgar, Orkuveitunnar, Ístaks og Verkís.

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 1. Opnunarerindi – stefna stjórnvalda -hr. Össur Skarphéðinsson, Iðnaðarráðherra | 13:00-13:20 |
| 2. Staða byggingariðnaðarins -Árni Jóhannsson, Samtökum Iðnaðarins | 13:30-13:50 |
| 3. Staða opinberra verkefna –Óskar Bergsson, Reykjavíkurborg | 14:00-14:20 |
| 4. Orkuveita Rekjavíkur – verkefnastaða ofl. –Helgi Leifsson, Orkuveitu Reykjavíkur | 15:00-15:20 |
| 5. Verkefnastaða verktaka –Kolbeinn Kolbeinsson, Ístak | 15:30-15:50 |
| 6. Verkefnastaða verkfræðistofa- –Örn Steinar Sigurðsson, Verkís | 16:00-16:20 |
| Fundarslit | 16:30 |

Þátttökugjald er kr. 5000
Skráning með tölvupósti
steinsteypufelag@steinsteypufelag.is

STEINSTEYPUFÉLAG ÍSLANDS




Freyr fór fyrst í ísklifur í Þórsmörk og hefur stundað það af krafti síðan. MYND/GUÐMUNDUR TÓMASSON

# Finnst enn fjör að klifra

**Freyr Ingi Björnsson, formaður Íslenska alpaklúbbsins, hefur stundað ísklifur um árabil og segir gott líkamlegt form forsendu þess að geta stundað áhugamálið af fullum krafti.**

„Ég hef alltaf verið mikill útivistarmaður og kynntist fjallamennskunni þegar ég fór í björgunarsveit. Nánar tiltekið með björgunarsveitinni Ingólfi sem síðar hét Ársæll. Ég fékk áhuga á ísklifri við það og fór sjálfur á fullt," segir Freyr Ingi Björnsson, formaður Íslenska alpaklúbbsins, sem hefur stundað ísklifur frá árinu 2000.

„Það er kannski erfitt að útskýra áhugann fyrir því að hanga utan í frosnum fossi," segir Freyr, beðinn um að útskýra aðdráttaraflið. „Sjálfsagt er það vegna þess að þarna tekst maður bæði á við sjálfan sig og svo náttúruöflin. Það er auðvitað skrítið að hugsa til þess að verið sé að klífa frosinn foss, vatn sem myndi að öðrum kosti renna til sjávar. Enda hefur verið sagt að ísklifur sé með furðulegri íþróttum."

Freyr heldur sér í góðu formi til að geta stundað áhugamálið, fer í ræktina að meðaltali fjórum sinnum í viku og þá tvo tíma í senn. „Bæði stunda ég ólympískar lyftingar og vinn svo mikið með eigin líkamsþyngd, það er alveg nauðsynlegt þar sem maður vinnur mikið með hana í ísklifrinu," segir hann og bætir við að markmiðið sé þó ekki að verða eitthvert vöðvafjall.

„Mitt markmið er ekki að verða rosalega stæltur, því þá er massinn bara meiri sem þarf að lyfta," bendir hann á. „Þvert á móti vil ég bara vera í góðu formi, maður þarf til dæmis að geta híft sig 40 sinnum til að ná eitthvert í ísklifrinu. Aðalatriðið er auðvitað bara að hreyfa sig."

Þótt átta ár séu liðin síðan Freyr fór fyrst í ísklifur segist hann endrum og eins upplifa sams konar fiðring og í fyrstu ferðinni. „Mér finnst enn fjör að klifra þegar leiðirnar eru krefjandi, en þeim fækkar óðum eftir því sem ég verð reyndari," viðurkennir hann.

Hann bætir við að þeir sem hafi áhuga á ísklifri geti alltaf skráð sig á námskeið hjá Íslenska alpaklúbbnum. Upplýsingar um hann má nálgast á www.isalp.is.

*roald@frettabladid.is*




# ;JÓLIN KOMA

**JÓLAVEFURINN** kallast jólasíða Skólavefsins sem finna má á skolavefurinn.is. Á jólavefnum eru jólaleikir og þrautir, jólasögur, jólaföndur, jólalög og margt fleira jólatengt.



;ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður
Borgartún 24, Hæðarsmári 6
Hafnarborg Hafnarfirði
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**02. des. Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**04. des. Hátíðakökur og eftirréttir**
*Auður Konráðsdóttir desertadrottning*

**06. des. Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*



Guðný Hafsteinsdóttir sýnir jólabjöllur á jólasýningu Handverks og hönnunar.



Jólatré eftir Láru Vilbergsdóttur.

# Handverk í jólapakkann

**Jólagjafainnkaupin eru fram undan og þeir sem vilja gefa handunnar gjafir gætu fundið eitthvað fallegt í pakkana af íslensku handverki. Handverk og hönnun opnar sýningu á fimmtudaginn.**

Jólasýning Handverks og hönnunar opnar fimmtudaginn 4. desember í Aðalstræti 10. Sýningin kallast „Allir fá þá eitthvað fallegt“ og þar munu 45 handverkslistamenn sýna vörur sínar.

„Þetta er í níunda sinn sem jólasýning Handverks og hönnunar fer fram og alls sóttu um 70 manns um sýningarpláss,“ segir Fjóla Guðmundsdóttir, starfsmaður Handverks og hönnunar. „Hjá okkur fer allt í gegnum gæðanefnd sem velur úr umsækjendum og er fjölbreytileikinn alltaf mikill. Áhersla er lögð á nytjalist en hér verður að finna textíl, leir, gler og ýmislegt fleira.“

Sýningin er ekki hefðbundin sölusýning en allar vörurnar er þó hægt að kaupa og gefur starfsfólk upplýsingar um listamanninn sjálfan og hvar hlutirnir fást keyptir. Fjóla segir gestagang á jólasýningu Handverks og hönnunar alltaf mikinn.



Jólalegur kökudiskur eftir Ragnheiði Ingunni Ágústsdóttur.

Bjöllur úr íslensku birki eftir Láru Gunnarsdóttur.

Leðurtaska eftir Auði Þórisdóttur. Taskan færi vel í jólapakkann.

„Þessi sýning hefur alltaf verið ofsalega vinsæl gegnum árin og hjá mörgum orðinn hluti af aðventunni. Eftir að við fluttum í sama hús og verslunin Kraum þá er opnunartíminn einnig rýmri og opið lengur í desember.“

Sýningin stendur fram á Þorláksmessu svo þeir sem eru í jólagjafahugleiðingum hafa tímann fyrir sér. Opnunin verður sem fyrr segir á fimmtudaginn kemur klukkan 17 og boðið upp á léttar veitingar. *heida@frettabladid.is*



Flott í vetur...
Stinnari líkami á aðeins 4 vikum
Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Áttu dýrmæt tæki ?
Explorer töskur eru fullkomin vörn.
Þær eru vatnsheldar, höggþéttar og til í ýmsum stærðum.

FOTO VAL
Myndavélaviðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

*Það er alveg óþarfi að láta sér verða kalt á höndunum*
*Fjölbreytt úrval af leðurhönskum af öllum stærðum og gerðum!*

Á slóðinni www.th.is er hægt á aðgengilegan hátt að skoða úrvalið og gera góð kaup!



Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

Opið hús
miðvikudaginn
3. des. kl. 10-18
í Hlíðasmára 11

Komdu og skoðaðu algerlega nýja hönnun
Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

Gestum verður boðið upp á að skrá sig í fría heyrnarmælingu og að sjálfsögðu er einnig heitt á könnunni og jólasmákökur.



be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum

be BY RESOUND

Heyrnarþjónustan
HEYRN
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600



Þörf var á grisjun í Plútóbrekku á Seltjarnarnesi og því eru trén nýtt til að prýða bæinn yfir jólahátíðina.

# Nytjaskógur á nesinu

**Fjögur af átta jólatrjám Seltjarnarnesbæjar eru ræktuð í heimabyggð.**

Skólalóð Mýrarhúsaskóla skartar einu af heimaræktuðum trjám Seltirninga, nýja torgið við heilsugæslustöðina öðru, hið þriðja er á opnu svæði við Nesveg og Skerjabraut og það fjórða á flötinni þar sem Lindarbraut og Suðurströnd mætast.

Tvö trjánna eru úr einkagörðum á Nesinu og tvö voru ræktuð í Plútóbrekkunni fyrir utan bæjarskrifstofurnar. Má því með sanni segja að ræktaður hafi verið nytjaskógur á Seltjarnarnesi sem mörgum hefði þótt harla ólíklegt fyrir fimmtán árum.

Örnefnið Plútóbrekka mun þannig til komið að í húsi sem stóð í brekkunni var eitt sinn hundur að nafni Plútó. Hann þótti baldinn og sum börn hræddust hann, að sögn rótgróins Seltirnings.

*- gun*

# Jólin komin í Skálholti

**Hátíðardagskrá verður í Skálholti 6. desember næstkomandi.**

Sumartónleikar í Skálholtsdómkirkju og Skálholtsskóli standa saman að hátíðardagskrá og er hugmyndin að upplifa anda jóla fyrri tíma. Sumartónleikar Skálholtsdómkirkju hafa haldið á lofti tónlist fyrri alda. Einnig hefur veitingahús Skálholtsskóla sett saman matseðil með matarvenjum fyrri alda með hráefni úr nærsveitum.

Tónleikar hefjast klukkan 17 þar sem hátíðarsveit undir stjórn Jaaps Schröders leikur verk frá 18. öld. Einsöngvari verður Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran. Fyrir tónleikana verður boðið upp á drykk að miðaldasið en eftir tónleikana verður borinn fram íslenskur jólamatur í anda bæði gamalla og nýrra tíma.

Verð með hátíðardrykk, tónleikum og kvöldverði er 9.000 krónur en með hátíðardrykk og tónleikum krónur 3.500.

*- rat*



Marta Guðrún Halldórsdóttir syngur einsöng á jólatónleikum í Skálholti á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga



**JÓLABÆKURNAR** eru margar hverjar komnar út með blindraletri. Á heimasíðu Blindrabókasafns Íslands, bbi.is, má fylgjast með hvaða bækur í jólaútgáfunni eru tilbúnar til útláns.




# Hafði mikil áhrif á mig

**Saga Maríu Magdalenu hefur verið mörgum hugleikin í gegnum tíðina. Séra Þórhallur Heimisson hefur nú ritað bókina María Magdalena – vændiskona eða vegastjarna – sem fjallar í raun um sögu sögunnar.**

„Þetta kom þannig til að ég hef haldið námskeið í kringum spurningarnar sem vöknuðu út frá Da Vinci lyklinum og hef sífellt meira verið að velta Maríu Magdalenu og allri hennar sögu fyrir mér,“ segir séra Þórhallur Heimisson. Um þrjú ár eru liðin síðan hann hóf að sanka að sér heimildum fyrir bókina María Magdalena –vændiskona eða vegastjarna.

„Ég fór í rannsóknarferð og skoðaði það sem til er af heimildum, bæði þær sem eru umdeildar og aðrar. Síðan las ég Nýja testamentið upp á nýtt með því að einblína á Maríu Magdalenu. Þetta er saga sem nær yfir tvö þúsund ár vegna þess að menn hafa aldrei hætt að segja hana,“ útskýrir Þórhallur og nefnir að alltaf hafi verið haldið áfram að bæta við og velta vöngum yfir örlögum Maríu Magdalenu. „Hefur hún þannig jafnvel endað í Jesus Christ Superstar og Da Vinci lyklinum, svo dæmi séu tekin,“ segir hann.

Í ljós kemur að strikað hefur verið yfir margt í hennar sögu. „Segja má að það hafi verið falið, misskilið eða menn hafi hreinlega ekki haft áhuga en allt önnur persóna kemur í ljós en kirkjan hefur viljað vera láta. Í ritskýringaritunum sem fylgja Biblíunni er nánast alltaf farið fram hjá Maríu Magdalenu,“ segir Þórhallur áhugasamur og bætir við: „Árið 2000 kom til dæmis út mjög flott bók frá Máli og menningu sem heitir Jesús Kristur en þar eru ýmsar rangfærslur varðandi Maríu Magdalenu. Til dæmis að hún hafi verið vændiskona. Það er raunverulega ekki fyrr en á sjöttu öld að ákveðinn páfi setur það fram í tiltekinni ræðu og síðan þá hefur það verið viðtekin skoðun. Hefur saga hennar jafnvel verið notuð til að halda konum niðri.“


Þórhallur hefur í þrjú ár sökkt sér niður í sögu Maríu Magdalenu og hefur hún haft mikil áhrif á hann.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórhallur telur áhuga fólks á Maríu Magdalenu stafa einna helst af því að dulúð hefur ávallt legið yfir hennar sögu. „Hún er ein af aðalpersónunum í guðspjöllum Nýja testamentisins. Hún fylgir Jesú frá upphafi, er sú síðasta sem kveður hann og sú fyrsta sem mætir honum samkvæmt guðspjöllunum. Hún var mikil forystukona og menn hafa því spurt sig að því hvers vegna hún hvarf af sjónarsviðinu og af hverju hún var ekki meira umrædd og hvernig sambandi hennar við Jesúm var háttað.“

Bókin er skrifuð fyrir almenning á mannamáli og er því mjög aðgengileg. „Ég reyni að nálgast þetta hlutlaust þótt ég sé prestur en þessi kona hefur haft gríðarleg áhrif á mig þannig að þetta er mjög persónuleg rannsókn,“ segir Þórhallur einlægur. *hrefna@frettabladid.is*


Fyrir dömur og herra.
Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.

Dömustærðir: 36 - 43
Verð frá: 19.700.- til 21.700.-
Herrastærðir: 41 - 48
Verð frá: 14.900. - til 24.775.-
Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Þéttikantar
framleiddir eftir máli á allar gerðir kælitækja.
NÝVAKI
Dvergshöfða 27 • S. 557 2530




vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Flott í vetur...
Stinnari líkami á aðeins 4 vikum

Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar
Þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

GLÆPIR, ÁSTIR OG FORTÍÐARLEYNDARMÁL



Samband tvíburasystranna er orðið þrúgandi og Andrea flytur til útlanda. Skyndilega fær hún neyðarkall. Mun Andrea geta hjálpað systur sinni ... eða hafa myrkraverk fortíðar tekið völdin?
Nýr spennusagnahöfundur er stokkinn fram á sjónarsviðið – og gefur hinum reyndari ekkert eftir. Eyrún Ýr Tryggvadóttir kveður sér hljóðs með æsispennandi sögu sem kemur á óvart.
www.salka.is Salka

ekill ehf

Ökukennsla og ökuskóli

Ekill ehf • Holtateig 19 • IS 600 Akureyri • Sími: 461-7800 / 894-5985 • ekill@ekill.is

# norðurland

ÞRIÐJUDAGUR 2. DESEMBER 2008

## Veislumatur í fjósinu

**Vogafjós í Mývatnssveit býður í fyrsta sinn upp á hádegisverðarhlaðborð á aðventunni.** BLS. 2






MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON



# Æfir tónið í bílnum

Úrsúla Árnadóttir guðfræðingur tekur við prestsembætti á Skagaströnd á næstu vikum. Hún hlýtur vígslu við Hóladómkirkju 14. desember og mun að eigin sögn sinna einhverju helgihaldi í sínu væntanlega prestakalli strax um hátíðarnar enda prestslaust á Skagaströnd. En hvar liggja hennar rætur?

„Ég er innfæddur Akurnesingur og hef búið á Skaganum alla mína tíð, þannig að ég flyt bara af einum Skaga á annan,“ segir hún glaðlega og kveðst hlakka til að kynnast Norðurlandinu. „Ættir mínar liggja sunnan heiða, um Borgarfjörð og teygja sig til Þykkvabæjar. En systir mín býr að Flatatungu í Skagafirði og á börn og barnabörn nyrðra svo komin er stór grein af fjölskyldunni þar. Það er heilmikill stuðningur fyrir mig enda stutt að skreppa í Skagafjörðinn yfir Þverárfjallið.“ Hún segir eiginmanninn, Guðmund Ágúst Gunnarsson vélvirkja, fylgja henni norður og veit að dæturnar þrjár verða að minnsta kosti tíðir gestir þar.

Úrsúla er 51 árs og hefur reynslu af ýmsum atvinnugreinum. Hún var þjónustustjóri í Íslandsbanka um árabil og rak matvöruverslun á Akranesi í sjö ár. „Ég fór í guðfræðinámið árið 2000 og lauk því árið 2006. Þá tók ég þá vinnu sem bauðst sem var í Norðuráli í Hvalfirði. Þar vann ég með körlunum við kerin í átta mánuði,“ lýsir hún og kallar greinilega ekki allt ömmu sína.

Nú starfar Úrsúla sem skrifstofustjóri og meðhjálpari í Neskirkju og sinnir meðal annars launabókhaldi og kaffihúsi. Einnig kveðst hún hafa predikað í kirkjunni og hjálpað til að deila út sakramentinu við altarisgöngur. „Í Neskirkju er mjög mikið starf og ég fer með reynslubanka í farteskinu héðan norður,“ segir hún brosandi en kveðst þó aðspurð ekki hafa tónað. „Ég hef sungið í kirkjukór Saurbæjar í Hvalfirði og vona að ég fari ekki mikið út af laginu. En það þýðir ekkert að stressa sig á því. Auðvitað getur okkur mistekist stundum og verðum bara að viðurkenna það.“ Hún tekur vel í uppástungu blaðamanns um að æfa tónið bara í sturtunni! „Já og á leiðinni í og úr vinnu. Ég er í bílnum tvo tíma á dag og þar gefst mér gott tækifæri til að syngja.“ *- gun*



Flytur af einum Skaganum á annan. Úrsúla Árnadóttir var valin úr þremur umsækjendum til að gerast prestur á Skagaströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÚ ERU JÓLIN AÐ KOMA!



E-MAXX ER GEGGJAÐ RAFMAGNS FJÓRHJÓLADRIFIÐ LEIKTÆKI SEM SVÍKUR ENGANN.

DÓT FYRIR STÓRA STRÁKA.

LÁTTU ÞETTA EKKI VANTA Í JÓLAPAKKANN.

VDO Offroad Line

BORGARTÚN 36 • S:588 9747




Ólöf Hallgrímsdóttir ferðaþjónustubóndi býður upp á heimareykt hangikjöt á hádegisverðarhlaðborði í Vogafjósi í Mývatnssveit alla laugardaga fram að jólum.

# Baulaðu nú Búkolla mín

**Íslendingar vilja íslenskt í þessari tíð. Það veitist þeim auðvelt á hádegisverðarhlaðborði í Vogafjósi við Mývatn þar sem allur matur kemur beint af býlinu.**

„Við leggjum áherslu á heimatilbúinn mat og mat frá okkar búi,“ segir Ólöf Hallgrímsdóttir, ferðaþjónustubóndi í Vogum í Mývatnssveit, en þar rekur hún ásamt fjölskyldu sinni kaffihúsið og gistiheimilið Vogafjós. Alla laugardaga fram að jólum verður þar boðið upp á hádegisverðarhlaðborð undir yfirskriftinni Baulaðu nú Búkolla mín. „Við teljum mjög mikilvægt að vita hvað maður setur ofan í sig,“ segir Ólöf sem býr til, ásamt fjölskyldu sinni, fjölbreyttan mat á býlinu.

„Við reykjum kjöt og silung, búum til kæfu, framleiðum ost úr mjólkinni okkar, bæði motsarella og fetaost,“ segir Ólöf en á öllu þessu má smakka á hádegisverðarhlaðborðinu. Vogabændur selja einnig vöru sína beint frá bænum og því getur fólk fest kaup á hangikjötslæri eftir matinn, eða gert sér ferð í Vogafjós til að ná í reyktan silung á jólaborðið. En er hægt að kaupa vörur þeirra víðar? „Nei, við viljum sem fæsta milliliði,“ segir Ólöf með áherslu.

Vogafjós er ekkert venjulegt kaffihús. Eins og nafnið ber með sér er það í fjósinu sjálfu og geta gestir horft í gegnum glugga á kýrnar og kálfana, en á Vogum er stundaður búskapur með kýr og kindur. Eins og gefur að skilja myndast við þetta einstök stemning. Þetta er í fyrsta sinn sem Vogafjós býður upp á hádegishlaðborð á aðventunni en venjulega er kaffihúsið opið frá maí og fram í október. Þá er einnig tekið við hópapöntunum aðra daga ársins.

Ólöf segir móttökurnar við hádegishlaðborðinu nú á aðventunni góðar og bendir á að margt annað sé í boði í Mývatnssveit þessa dagana enda taki allir í þessu litla sveitarfélagi þátt í því að gera tíma ferðafólks sem eftirminnilegastan. „Svo mæli ég með að fólk fari í helgarferð í Mývatnssveit í staðinn fyrir að fara til útlanda,“ segir Ólöf glettin. Hádegisverðarhlaðborðið verður haldið 6., 13. og 20. desember og er maturinn fram borinn milli 11.30 og 14. Á vefsíðunni www.vogafjos.net má nálgast matseðilinn sem er hreint út sagt girnilegur. Í forrétt er boðið upp á grafinn silung, marinerað silungasalat, motsarellasalat, reyktan silung auk þess sem borið er fram hverabrauð, ljóst brauð, sósur og smjör.

Aðalréttir eru soðið hangikjöt, nautastrimlar í teriyakisósu og bakaður silungur ásamt fjölbreyttu meðlæti á borð við jafning, kartöflur, rauðrófur, epli, grænar baunir, kartöflusalat, steikt ferskt grænmeti, ferskt grænmeti með fetaosti og sætar kartöflur. Engin máltíð er fullkomin nema henni fylgi einhver sætindi í lokin. Í Vogafjósi er boðið upp á íslenska ábætisrétti eins og ábrystir með berjasultu og þeyttum rjóma, súkkulaðiköku með rjóma og möndlugraut með berjasósu. Þess má geta að einhver heppinn fær möndluverðlaunin. *- sg*

# Sinfóníutónleikar á aðventunni

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur stórtónleika á aðventu laugardaginn 6. desember næstkomandi klukkan 18.00.

Tónleikarnir verða í Íþróttahúsi Glerárskóla en með hljómsveitinni verða tveir einsöngvarar, Dísella Lárusdóttir og Jóhann Smári Sævarsson ásamt Kvennakór Akureyrar. Vilhjálmur Ingi Sigurðarson spilar einleik á trompet og stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Búast má við hátíðlegri stemningu sem kjörin er í aðdraganda jóla.

Miðar á tónleikana fást í Pennanum Eymundsson í Hafnarstræti á Akureyri og í Hamri, félagsheimili Þórs, við Skarðshlíð. Miðaverð er 2.500 krónur. *- hs*



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur sína árlegu aðventutónleika 6. desember næstkomandi og verða þar góðir gestir með í för. MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS




ÍSLENSKA SIA.IS / NAT 37714 05/2007

# Maðurinn er guðshús

**Sýningin Orð Guðs hefur staðið yfir í Listasafninu á Akureyri um hríð og lýkur 14. desember. Þar eiga sex listamenn verk sem vekja upp spurningar og fjalla um þætti kristinnar trúar. Þóra Þórisdóttir er sýningarstjóri.**



Vín og blóð. Sýningarhluti Þóru Þórisdóttur sem skírskotar til þess að Jesús hafi verið eingetinn og því lítur hún á tíðablóðið sem táknmynd heilags anda.



Steingrímur Eyfjörð er með teikniaðstöðu í sínu rými og hana hafa áhorfendur verið duglegir að nota.



Bænin fær sinn sess á sýningunni Orð Guðs, þökk sé Arnaldi Mána Finnssyni guðfræðinema.

„Sýningin hefur verið vel sótt og viðtökur hafa verið góðar,“ segir Þóra og telur málefnið Orð Guðs höfða til fólks á þessum tíma í lífi þjóðarinnar. Hún nefnir að hluti af verki Steingríms Eyfjörð myndlistarmanns sé gagnvirkt samtal við áhorfendur, hann hafi hvatt þá til að draga upp sína eigin hugmynd af Guði og þeir hafi verið duglegir við það. Einnig bjóði Arnaldur Máni Finnsson guðfræðingur upp á aðstöðu til bænahalds og íhugunar á sýningunni.

Þóra segir margt líkt með listinni og trúnni. Hvort tveggja eigi að veita andlega næringu, einhvern nýjan sannleik um lífið og tilveruna og að listin hafi fræðsluhlutverk svipað og kirkjan. „Annars er erfitt að lýsa þessari sýningu í heild því hún er svo full af tilvísunum,“ segir hún. „Titillinn er Orð Guðs en gagnrýni sýningarinnar er að það vanti svolítið andann, bæði í trúnni og listinni. Samt er það gagnrýni að innan því þeir listamenn sem taka þátt í sýningunni elska listina og hafa áhuga á trúmálum. Þannig að þeir eru fyrst og fremst með sjálfsgagnrýni. Þetta er einhver löngun til að lífga þær táknmyndir kristninnar sem fela í sér kjarna trúarinnar.“

Sem dæmi um táknmyndir sýningarinnar nefnir Þóra verk Ólafar Nordal sem skoðar Kristsmyndina í samhengi við sauðfjármenningu Íslendinga, með tilliti til lambsins, hirðisins og ekki síst forustusauðsins og verk Etienne de France þar sem hin heilaga kvöldmáltíð speglar veruleika samtímans á gagnrýninn hátt.

Leitin að gralnum á Kili er viðfangsefni Jeannette Castioni og sett í samhengi við spurningar um fjársjóð, leyndardóma og leitina að sannleikanum og sjálf er Þóra með táknmyndir sem hún lýsir nánar. „Ég er með tíðablóð í mínu verki. Það er vegna þess að bæði í Biblíu og listum hefur Orðinu verið líkt við sæði karlmannsins sem þarf að falla í góðan jarðveg. En Jesús fæddist af Maríu mey og þar er enginn karl. Svo tíðablóðið er táknmynd heilags anda.“ Í lokin nefnir Þóra að sýningin í Listasafninu á Akureyri bendi fólki á að tjá sig við Guð í öllu skapandi starfi. „Það einskorðast ekki við kirkjur,“ segir hún. „Því maðurinn sjálfur er Guðshús.“

*- gun*






Ýmsir afþreyingarmöguleikar eru í boði fyrir norðan yfir jólin. Hægt er að skella sér á skíði, bretti eða vélsleða svo fátt eitt sé nefnt. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

# Í keilu úti á miðju vatni

„Hér eru alls konar skemmtilegir afþreyingarmöguleikar, sem tengjast skíðasvæðunum okkar. Ég reikna bara með allt fari af stað um leið og svæðin opna, sem gerist bráðlega þar sem það hefur snjóað vel undanfarið,“ segir Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi. Hann segir margt áhugavert í boði yfir jólin og nefnir sem dæmi starfsemina við Mývatn.

„Um leið og Mývatn frýs fer þar margt spennandi af stað. Hægt er að fara í keilu á ísnum eða skella sér í gokart. Notaðar eru venjulegar keilur og kúlur, sem menn reyna að fella með því að renna kúlunni eftir ísilagðri braut,“ útskýrir Ásbjörn og þvertekur fyrir að hætta sé að ísinn gefi sig. „Nei, enda er hann nógu þykkur. Menn keyra á jeppum út á ísinn. Svo eru þarna sérstakar gokart-brautir og bílarnir útbúnir sterkum nagladekkjum. Það er alveg rosalega gaman að spæna á ísnum.“

Ásbjörn bætir við að kringum svæðið sé búið að útbúa góðar skíðagönguleiðir líkt og á öllum helstu skíða- og útivistarsvæðum á Norðurlandi. „Gönguleiðirnar í kringum skíðasvæðið á Húsavík eru til dæmis góðar og útsýnið af Reykjaheiði mjög flott. Svæðið í Kjarnaskógi á Akureyri er líka útivistarparadís fyrir alla fjölskylduna, heillandi og endurnærandi.

Að auki hafa sérstök svæði verið útbúin á skíðasvæðunum fyrir brettafólk, en brettaíðkun er sú íþrótt sem vex hvað hraðast hér fyrir norðan. Skíðafólk ætti líka að finna ýmislegt við sitt hæfi; Dalvík, Siglufjörður, Tindastóll við Sauðárkrók og Hlíðarfjall eru allt góðir möguleikar. Þá er víða boðið upp á vélsleðaferðir á Norðurlandi, til dæmis er farið á Kaldbakssvæðið við Grenivík og er útsýnið gríðarlega flott af Kaldbaknum yfir Eyjafjörðinn. Þá er hægt að fara í snjósleðaferðir upp að Kröflu og að jarðhitasvæðinu við Leirhnjúk.“

Ásbjörn bendir áhugasömum á að hægt sé að afla sér frekari upplýsinga á netinu. „Það er bara um að gera að kynna sér starfsemina á www.visitakureyri.is og www.nordurland.is, þar sem hægt er að fá upplýsingar um opnunartíma og fleira.“

*- rve*


Lindu suðusúkkulaði
Súkkulaðisamleikur sælkerans
Linda
Lindu Súkkulaði
200 gr.
Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!
Linda
PIPAR • SÍA • 60484

# Uppátæki Emils á Húsavík



Emil hefur ráð undir rifi hverju og hér reynir hann að hjálpa Línu vinnukonu við að losna við skemmda tönn. Alfreð og Ída fylgjast vel með. MYND/LEIKFÉLAG HÚSAVÍKUR

**Sýningar standa nú yfir á ævintýrum Emils í Kattholti hjá Leikfélagi Húsavíkur. Örfá sæti eru laus á sýningarnar í desember.**

„Það hefur verið uppselt á næstum allar sýningar hingað til,“ segir Halla Rún Tryggvadóttir, formaður Leikfélags Húsavíkur, sem setur upp barnaleikritið Emil í Kattholti. Yfir hundrað manns hafa sótt hverja sýningu og eru Húsvíkingar og nærsveitarmenn ánægðir með framtakið.

„Það er einmitt svo gaman að vera á ferðinni í bænum og heyra hvað allir eru glaðir og ánægðir með þetta. Sérstaklega á þessum síðustu og verstu, Emil er aðalmaðurinn á Húsavík núna.“

Halla hefur gegnt starfi formanns leikfélagsins í eitt ár og segir starfið innan félagsins öflugt. Félagið er áhugamannafélag og leikararnir allir heimamenn.

„Leikfélagið hefur verið mjög öflugt í yfir 100 ár. Við höfum yfirleitt sett upp eina stóra sýningu á ári, á síðasta leikári settum við reyndar bæði upp Íslandsklukkuna og aðra dagskrá aukalega. Við vorum sammála um að setja upp barnasýningu í þetta skiptið en leikfélagið hefur ekki verið nógu duglegt við það.“

Sigrún Valbergsdóttir leikstýrir sýningunni. Hún hefur unnið áður með leikfélaginu á Húsavík, við uppsetningu Gauragangs árið 1995 og Þreks og tára árið 1998. Eins og gefur að skilja kemst ekki öll sagan fyrir á fjölunum í gamla samkomuhúsinu á Húsavík en völdum atriðum eru gerð skil.



Emil er leikinn af Patreki Gunnlaugssyni og hérna er strákskrattinn í smíðaskemmunni að tálga enn einn spýtukarlinn.



Ragnheiður Diljá Káradóttir fer með hlutverk Ídu og syngur lagið Kisa mín listavel.

„Við fáum til dæmis að sjá þegar Emil festir hausinn í súpuskálinni og Ída er dregin upp í fánastöngina, Emil reynir líka að draga tönnina úr Línu vinnukonu svo þetta eru aðalsenurnar,“ segir Halla.

Með helstu hlutverkin fara Patrekur Gunnlaugsson sem leikur Emil, Ragnheiður Diljá Káradóttir sem leikur Ídu, Sigurður Illugason leikur Anton, Þorbjörg Björnsdóttir leikur Ölmu og Anna Ragnarsdóttir leikur týtuberja-Maju. Jóna Dagmar Hólmfríðardóttir leikur Línu vinnukonu en með hlutverks Alfreðs fer Hjálmar Bogi Hafliðason.

Næstu sýningar eru föstudaginn 5. desember klukkan 20, laugardaginn 6. desember klukkan 16, sunnudaginn 7. desember klukkan 14, föstudaginn 12. desember klukkan 20, laugardaginn 13. desember klukkan 16 og sunnudaginn 14. desember klukkan 14.

*- rat*





Græddu gjafir
Öll jólainnkaupin endurgreidd
Til: Þín
Frá: Office1
1. 500 kr. inneign á hnattlíkan.
2. 500kr. inneign á púsl
3. 1500kr. inneign á tungumáladisk
4. 500kr. inneign á DVD mynd
5. 500kr. inneign á jólapappír
6. 2000kr. inneign á skrifborðsstól
7. 500 inneign á SES föndurvörur
8. 3000kr. inneign á skrifborð
9. 500kr. inneign á fjölskylduspil
10. 5000kr. inneign á prentara
Samtals Inneign = Kr.14.500.-
Stimpilkortið
Í hvert skipti sem þú verslar bók hjá Office1 færðu stimpil og gjöf í formi inneignar á einhvern ákveðinn vöruflokk eða vöru. Því fleiri bækur sem þú verslar verður gjöfin veglegri. Allir sem nota stimpilkortið eiga svo möguleika á að fá alla jólapakkana endurgreidda*
SES föndur
3 fyrir 2
Tungumála diskar
Spil
3 fyrir 2
Geisladiskar
DVD Myndir
Púsl
3 fyrir 2
Allt fyrir pakkann
3D Púsl
3 fyrir 2
Skrifstofu-húsgögn
Tölvu aukahlutir
Hnattlíkön
Bækur
*Þegar þú hefur verslað bók eða bækur og fengið stimpil í stimpilkortið fyllir þú út persónuupplýsingar aftan á kortið sem er í öllum verslunum Office1. Stimpilkortið ásamt kvittun er sett í jólakassa sem staðsettur er við afgreiðslu-borðin í Office1. Vikulega verður heppinn viðskiptavinur dregin út og fær öll jólainnkaupin á kassakvittun þar sem bókakaupin koma fram endurgreidd.
Jólabókabúðin þín
Office1
Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri



Til sölu frábært Diesel ljósamastur með rafstöð ,fer í 9m, hæð ,hægt að bæta við ljósum og verkfærum. Einig Putzmeister múrvél bæði tækin eins og ný. sími 8919193 / 8925309



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

## Bækur



Munið að setja ljóða- og myndabókina „Litir & ljóð úr Breiðdal" í jólapakkann sem og í annars staðar. Í skammdeginu yljar hún sálinni og umvefur hana hlýju. Mynd úr bókinni fylgir. MÁNABERGSÚTGÁFAN

## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun




## Heildsala




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 8/12, 12/1 Level II: 7 w; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 8/12, 12/1. Level III: 10 w Tsd/Thsd: 20-21:30: 9/12, 2/2, 23/3. Level IV:10 w; Sat/Sun 14-13:30: 17/1, Level V: 10 w Sat/Sun 10-11:30: 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Nánast ónotaður grár leðursófi 3 sæta til sölu verðhugmynd 40þús. nýr 168þús. S. 869-5459

## Heimilistæki

Góður barkaþurrkari til sölu. Ardo, ca. 3ja ára. Upplýsingar í síma 863 8315.

## Dýrahald

**22.7kg af hágæða fóðri á aðeins 8.900.- (392kr pr kg) -**
**Járnbúr á frábæru verði - Bílagrind á tilboði. Gott úrval af leðurólum og taumum á góðu verði. Mikið af sérvöru fyrir hundinn þinn. Gerðu verðsamanburð.**
**Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattavörur. Háholti 13 Mosfellsbæ (hlið Krónunnar)**

**Naggrísaungar til sölu**
Fallegir rósettuungar til sölu stykki 2500 einnig naggrísapar 1 árs kvk& 1 og hálfs árs kk. Búr með á 4000 S:5680533/8439013

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Hestamennska

Til leigu 1 og 2 hesta stýur. Með hey og hirðingu í Mosfellsbæ. S. 862 7849.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Íbúð- Arnarnesi**

**Garðabæ**
**Falleg 3 herb. íbúð ca. 139 fm við sjávarsíðuna. Sérinngangur og bílastæði. Húsb., rafmagn, tv og hiti innifalið. Leigist rólegum, reyklausum og reglusömum einstaklingi eða pari. Gæludýr bönnuð. Verð 150 þ. á mán. Laus strax!**
**S. 867 4822 & 554 5545.**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

**Til leigu / For rent**
**Til leigu íbúðir og herbergi á besta stað í Reykjavík. For rent rooms and apartments. Good location.**
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661 7000.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Stór glæsileg nýinnréttuð 120 fm 2 herb. íbúð í Naustabryggju. (gott sjávarútsýni). Uppl. í s. 861 9300, Páll eða 770 4040, Gylfi.

Stór glæsileg nýinnréttuð 120 fm 2 herb. íbúð í Naustabryggju. (gott sjávarútsýni). Uppl. í s. 861 9300, Páll eða 770 4040, Gylfi.

Lítil og snotur 3 herb. íbúð við Hrísateig til leigu. Leiga 90 þ. á mán. S. 892 6359.

3 herb. íbúð, 82 fm í 201 Kóp. til leigu strax. Nýmáluð. Gott verð fyrir langtímaleigu. Leigist með húsgögnum eða án. Uppl. í s. 847 7147 & 534 6713.

Tvær nýjar, 30m2 stúdíó íbúð með eldhúskrók og baðherbergi til leigu miðsvæðis í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru samþykktar, og á þær er hægt að fá húsaleigubætur. Langtímaleiga! Upplýsingar í s:699-5595

**Laust strax - 105**
Til leigu bjart og gott herbergi með sér skjólgóðum svölum, sameiginleg eldunar og baðaðstaða. Internet. Þrif á sameign innifailinn í leigu. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

Hfj 220. 100fm íbúð á 2. hæð í þríbýli. Langtímaleiga 115þús, laus, uppl. 8997805-5553659

4 herb. 98fm. íbúð á svæði 110. Laus strax. Uppl. í s. 864 8089.

**Flateyri**
4ra herb. íbúð á Flateyri til leigu. Mjög lágt leiguverð. Uppl. í s. 897 2451.

**101**
Vel með farin 52fm 2herb. íbúð í tvíbýli með sérinngangi. Leiga aðeins 98þ. Laus strax. Uppl. í s. 770 7654.

Íbúð til leigu, 140fm í hverfi 105. 4 stór svefnherb. Uppl. í s. 899 4353.

**ÍBÚÐ Í HLÍÐUNUM TIL LEIGU**
3ja herb. íbúð m/ sérinngang í Mávahíð að hluta til nýtekin í gegn. Ískápur, þvottav. & þurrkari geta fylgt. Frábær staðs.! Laus strax! S. 867 0401.

Herb. í 105 til leigu með aðg. að eldh., baðh., þvottv. og þurrkara. Uppl. í s. 695 8636.

5 svefnh. tvær stofur Hringbraut. Laus 10. febr. uppl. t_tomasson@hotmail.com s. 8685363

15m2 Herb.laust. Room for rent Gott herb.í miðbæ 37þús. Net innif+eldh & wc s:6901057

Til leigu góð 4 herb. íbúð í bökkonum. Leigist með húsgögnum frá 1.1-1.7 Uppl. Inga 822-2471

Stúdíó v/Lokastíg 101 30 fermetrar Langtíma leiga 70.000. Tveir mánuðir fyrirfram 861 4142 kl 12.00 til 20.00.

Raðhús 140 fm. í Árbæjarhverfi til leigu. 4 svefnh., stofa, borðstofa, eldhús, bílskúr og þvottahús. Laust strax 150 þús.+ hiti og rafm. Upplýsingar í s. 840-0820

Nýleg, glæsileg 4. herb. íbúð með sér inngangi & garði til leigu í Grafarvogi. Laus þegar, sanngjörn leiga, uppl. í s. 847-1000 & 899-7012

4 herb. íbúð í Garðabæ. Miðsvæðis. Leiga 110 þ. Laus fjótlega. Uppl. í s. 844 4556.

**Grafaholtið**
Rúmgóð 4 Herbergja frábær íbúð í grafarholti. Jarðhæð. Barnvænn staður. Leiga 150 þús, pr mán. Uppl. í s. 892 7544.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

50 fm geymsluhúsnæði til leigu. 20 fm kontor getur fylgt. Uppl. í s. 844 1011.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**VANTAR ÞIG 100% LEIGJENDUR**
Feðgin óska eftir 3ja herb. íbúð gegn sanngjarnri leigu á sv. 106-203. Stæði í bílgeymslu+. Uppl. í s. 771 3030 eða onyxehf@gmail.com

Reglusamur einstakl. óskar eftir herb. til lengri að skemmri tíma. S. 445 6727

Óska eftir 3-4 herb íbúð á svæði 107 rvk. Greiðslugeta 90 þús á mán. Meðmæli ef óskað er.Uppl í síma 8210899 Sólveig

## Sumarbústaðir

Sumarhús 60-65 fm. sumarhús óskast til flutnings, helst á norðurlandi. Upplýsingar í síma 892 7499 eða svavajoh@simnet.is

Tilboð Veiðimenn/Skíðafólk sumarhús í Varmahlíð til leigu 50 fm hús vika 20 þús. helgi 10 þús. f/4-6 60 fm hús vika 30 þú.s helgi 20 þús. f/6-8. S. 862 2129.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott iðnaðarhúsnæði á Smiðshöfða stærð 100-200fm góðar inngeyrsludyr uppl.í síma 8935226

Skrifstofurými og lagerrými fyrir bretti og búslóðir til leigu í 101 Reykjavík. Uppl. í síma 544 2055.

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S. 660 1060.

Heimili í borginni. www.eyjasolibudir.is Til leigu í 2 daga og fleiri. Allt til alls, frítt net. sængur og handkl. Velkomin. eyjasol@internet.is S:6989874

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Tilboð



## Geymsluhúsnæði

Geymslugámar
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakki.is

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

27 fm. bílskúr til leigu í Hafn. 27.000 pr. mán. Uppl. í s. 823-6465

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

CENTER HOTELS

**Nýr og glæsilegur Panorama**
**Veitingastaður óskar eftir góðu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu, hentar vel með skóla, einnig er laust starf í fulla vaktavinnu.**
**Upplýsingar í fb@centerhotels.is**

## Ókeypis námskeið

Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

**Extra húfubúðin**
í Kringlunni óskar eftir starfskrafti. Vinnutími 10-15 virka daga. Þarf að geta byrjað strax. Nánari uppl. í s. 897 7917.

Vantar þig pening fyrir jólin? Leitum að vönum sölumanni til að selja auðseljanlega vöru til félagasamtaka og hópa. Um átaksverkefni í desember er að ræða, með möguleika á fleiri verkefnum. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi inn umsókn á ataksverkefni@gmail.com fyrir fimmtudaginn 4. desember.

Smiður með mikla reynslu getur bætt við sig verkefnum sími 8986007

## Atvinna óskast

Meiraprófsbílstjóri með BE CE DE réttindi óskar eftir vinnu. S 8448471 eða sendið e-mail á ggh@internet.is

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**Stómasamtök Íslands**
**Félagsfundur verður hjá Stómasamtökum Íslands 4. desember í Skógarhlíð 8, 4 hæð. Húsið opnar klukkan 18:30. Jólaleg og notarleg stemning & veitingar í boði. Allir velkomnir. Stjórnin**

LÝÐRÆÐISHREYFINGIN
Beint Lýðræði til Friðar
www.lydveldi.is

Verum samtaka og byggjum upp opið og þverpólitískt kosningabandalag. Byltum íslenskum stjórnmálum með einstaklingsframboðum og beinu lýðræði. Komdu á næsta fund. Fimmtudag kl. 20:00 í Vogasel 1, 109 Rvk. Laugardag Kl. 16 Mótmælendakaffi í Hressó Austurstræti. Mánudag kl. 16 Fullveldiskaffi í Hressó Austurstræti. Við erum opin, óháð og frjáls samtök. Allir hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar á www.lydveldi.is

## Til leigu

TIL LEIGU · TIL SÖLU



Til leigu eða sölu 236 m2 parhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er í Smárahverfi Kópavogi, mikið útsýni, stutt í alla skóla og aðra þjónustu. Húsið er vel innréttað, fallegt og vel umgengið. Langtímaleiga er í boði og húsið er laust eftir samkomulagi.
**Upplýsingar í síma 771 2024.**

## Tilkynningar

**JÓLAMARKAÐUR Í GAMLA BYKO VIÐ HRINGBRAUT**
**Básaleiga mánaðar, viku og helgarleiga.**

**Aðstaða fyrir ýmsar skemmtanir í boði.**
**Uppl. stefo@hive.is eða í síma 696 3123.**

**VANTAR ÞIG TRÚBADOR?**
Tveir reyndir trúbar sem tökum að okkur að spila á samkomum t.d jólaböllum, afmælus o.þ.h. Bæði fyrir börn & fullorðna. S. 867 0401.

## Ýmislegt

þarftu aukatekjur? gerðust ráðgjafi fyrir AA Cosmetics. Sendið svör á LKC@LKC.IS.

## Einkamál

**Tilbreyting**
29 ára bráðfalleg kona leitar kynna við karlmann með lausleg kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 908-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8931.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Ný upptaka!**
Frábær hljóðritun konu sem lifir sig fullkomlega inn í sína eigin fantasíu. Þú heyrir þessa heitu upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ath. mun ódýrara), upptökunr. 8377.

## Atvinna

**ATVINNA**
Útgerðarfélagið Einhamar ehf. (í Gríndavík) óskar eftir starfsfólki í fiskvinnslu fyrirtækisins. Leitað er að aðilum sem eru handfljótir, traustir og jákvæðir sem vilja vinna á góðum og traustum vinnustað. Viðkomandi aðilar þurfa að geta hafið störf fljótlega. Tekið er við umsóknum á netfanginu
**halla@einhamarehf.is í síma 426 7700**

**อาชีพ**
สมาคมชาวประมง Einhamar ehf. (ตั้งอยู่ที่เมือง กรินดาวิค (Gríndavík)) ต้องการพนักงาน สำหรับปฏิบัติหน้าที่ในโรงงานทำปลา มีความสามารถในการใช้มือได้อย่างคล่องแคล่ว, ไว้ใจได้และมีความคิดในแง่บวก ต้องการทำงานภายในสถานที่ทำงานที่ดีและน่าเชื่อถือ ต้องการบุคคลที่สามารถเริ่มปฏิบัตงานได้ทันที สามารถส่งใบสมัครไปทางอีเมล์ได้ ที่
**halla@einhamarehf.is** หรือที่หมายเลขโทรศัพท์ **426 7700.**




**Við komum pakkanum þínum til skila**

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | Garðabæ | posthusid.is

Pósthúsið

## Tilkynningar

### Í Pétursborg Púskhíns og Pútíns

Þriðjudaginn 2. desember kl. 20 verður Árni Þór Sigurðsson alþingismaður gestur MÍR í húsakynnum félagsins að Hverfisgötu 105 og flytur spjall sem hann nefnir "Í Péturs borg Púshkíns og Pútíns."

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Kaffiveitingar.

**Félagsstjórn MÍR**

EFLING STÉTTARFÉLAG

### KYNNINGARFUNDIR UM NÝGERÐA KJARASAMNINGA

**FYRIR FÉLAGA Í EFLINGU - STÉTTARFÉLAGI sem starfa hjá Reykjavíkurborg**

Miðvikudaginn 3. des. kl. 14.30 og kl. 17.30
og mánudaginn 8. des. kl. 17.30

Kynningarfundir verða haldnir á Grand Hótel við Sigtún
**miðvikudaginn 3. des. 2008 kl. 14.30 og kl. 17.30**
**og mánudaginn 8. des. 2008 kl. 17.30**

**Dagskrá:**
Kynning á nýju samkomulagi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar

Atkvæðagreiðsla um samkomulagið eftir kynninguna.

Þeir sem ekki komast á kynningarfund geta greitt atkvæði um samkomulagið á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags Sætúni 1

Þar verður opinn kjörfundur frá þriðjudegi 9/12 kl. 09.00 til kl. 12.00 föstudaginn 12/12.

Reykjavík, 1. desember 2008

STJÓRN
EFLINGAR - STÉTTARFÉLAGS

LANDSNET

### SUÐVESTURLÍNUR
**Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi**

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Kynning á drögum að matsáætlun**

Landsnet hf. undirbýr nú styrkingu og endurbyggingu raforkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Markmið framkvæmdanna er að byggja kerfið upp til framtíðar til að það geti mætt framtíðaráformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt fyrir atvinnustarfsemi og til almannanota.

**Tillaga að matsáætlun kynnt frá 2. til 16. desember 2008**

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Landsnet hefur hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Drög að tillögu að matsáætlun er nú birt til kynningar á heimasíðu verkefnisins, www.sudvesturlinur.is og á heimasíðum Landsnets og Eflu verkfræðistofu

*Allir geta gert athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun. Frestur til að skila athugasemdum er til 16. desember 2008. Athugasemdir skal merkja „Suðvesturlínur" og senda með tölvupósti á olafura@landsnet.is eða í pósti til Ólafs Árnasonar, Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.*

Landsnet • Gylfaflöt 9 • 112 Reykjavík • Sími 563 9300
Fax 563 9309 • landsnet@landsnet.is • www.landsnet.is

# Skemmri og lengri tíma lausnir á gjaldeyrisvanda

**UMRÆÐAN**
Heiðar M. Guðjónsson og Ársæll Valfells skrifa um gjaldeyrismál

Alþingi Íslands setti á mjög ströng gjaldeyrishöft í síðustu viku og fól Seðlabanka Íslands framfylgd þeirra. Það var látið fylgja að þessar aðgerðir væru með vilja Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Til skamms tíma geta áhrifin verið jákvæð. Gengi krónunnar getur styrkst umtalsvert, sem lækkar verðbólgu og minnkar afborganir og höfuðstól erlendra lána mælt í krónum.

**Útflutningur býr til hagvöxt framtíðarinnar**

Útflutningur greiðir fyrir innflutning og ef enginn er útflutningurinn er ljóst að sjálfsþurftarbúskap þarf til í landinu. Það fer því ekki á milli mála hve mikilvægur útflutningsiðnaðurinn er. Útflutningsgreinar á Íslandi hafa kvartað undanfarin ár yfir sveiflum í gengi krónunnar og háu gengi hennar. Nú hefur krónan lækkað og með núverandi höftum munu sveiflurnar temprast mjög en á móti kemur að fyrirtækin geta ekki lengur hagað rekstri sínum að vild. Þau geta ekki sótt sér erlent fé til fjárfestinga, né heldur aukið umsvif sín utan landsteinanna. Það er ljóst að ef á að hefta útflutningsgreinar er hættan alltaf sú að þau alþjóðlegu fyrirtæki hverfi annað. Menn vita hvað gerist ef þeir reyna að kreista blautt sápustykki, það skýst annað.

**Hvað áttu spákaupmenn og hvað eiga þeir nú?**

Höftin hafa verið kynnt sem nauðsynleg sökum þess hve margar krónur erlendir spákaupmenn eiga og vilji selja til að forðast frekara tapi. Það eru þó áhöld um það hve fjárhæðin er raunverulega mikil. Fyrir neyðarlögin í byrjun október var staða útlendinga með krónunni um 1.000 milljarðar króna samkvæmt Seðlabankanum, þar af um 200 milljarðar í gegnum ríkisbréf og innistæðubréf, en yfir 75% fjárhæðarinnar voru með afleiðusamningum við gömlu bankana, sem nú eru komnir í þrot. Það má því sjá að við uppskipti bankanna færðist stærsti hluti stöðunnar inn í þrotabúin. Þar fyrir utan voru stórar stöður hjá erlendum spákaupmönnum, stórum vogunarsjóðum, á móti krónunni og þeir samningar voru mest gerðir við stærstu alþjóðlegu bankana, sem síðan aftur gerðu samninga við hina íslensku. Það eru 3 viðskiptavakar með gjaldeyri á Íslandi, stóru bankarnir sem nú eru í eigu ríkisins. 100 stærstu viðskiptavinir hvers banka voru með um 95% af krónuviðskiptum þeirra. Síðan áttu stærstu viðskiptavinirnir viðskipti við alla þrjá bankana, þannig að hópurinn er á milli 100 og 200 viðskiptavinir, sem fyrir liggur hvað áttu og hvað skulduðu í krónum. Það er ekki flókið í núverandi umhverfi fyrir Seðlabankann að kortleggja nákvæmlega hver staðan er í dag með krónunni. Það ætti að taka einn til tvo vinnudaga. Það er hægt að para saman það sem er útistandandi sem undirritaðir telja að sé talsvert lægri fjárhæð en oft er kastað fram í umræðunni. Við áætlum að hrein staða sé um 200 milljarðar en Seðlabankanum er í lófa lagt að koma fram með nákvæma tölu.

**Kjörinn vettvangur til þess að skipta um mynt**

Það er ljóst að núverandi ástand getur ekki varað lengi. Ef svo væri myndi útflutningur leggjast af og landið yrði fjársvelt og sjálfu sér nægt, sem eru lífsskilyrði sem Íslendingar hafa sífellt reynt að forðast í hagsögunni. Að hafa bæði


HEIÐAR M. GUÐJÓNSSON


ÁRSÆLL VALFELLS

gjaldeyrishöft og næstum 20% vexti er einstaklega óheppilegt, svo ekki sé meira sagt.

Útflutningur eykst mjög við upptöku annarrar myntar á Íslandi. Mat Seðlabankans er að um þriðjungsaukning eigi sér stað. Það er ekki flókið að finna hið rétta gengi fyrir útflutninginn enda eru um 20 fyrirtæki á Íslandi ábyrg fyrir yfir 80% útflutningsverðmætanna.

Fjárfesting erlendra aðila myndi einnig stóraukast, en þar skiptir miklu máli að selja ekki eignir landsmanna á undirverði, líkt og nú er gagnrýnt í Finnlandi að hafi gerst þegar erlendir aðilar keyptu stóra hluti í Nokia á mjög lágu verði í kjölfar efnahagskreppunnar þar í landi. John Greenwood, faðir Hong Kong dollarsins, sem var á Íslandi í síðustu viku sagði frá því hvernig þeir hefðu látið gjaldmiðilinn styrkjast á nánast engum viðskiptum, áður en þeir festu hann, til þess að erlendir aðilar myndu ekki geta keypt eignir landsins á útsölu. Þeir styrktu gengið um nálægt 20% í því skyni.

Í kjölfar núverandi laga er nauðsynlegt að finna lengri tíma lausn á gjaldeyrisvanda þjóðarinnar. Það er óráð að láta krónuna fljóta aftur enda hefur gjaldmiðillinn sannað veikleika sína svo um munar. Besti kosturinn í stöðunni er einhliða upptaka annarrar myntar því einstakt tækifæri liggur nú á borðinu við að ákvarða hagstætt gengi gjaldmiðilsins til framtíðar.

**Nýr gjaldmiðill gefur fyrirheit um nýja tíma**

Með upptöku nýrrar myntar, sem gæti t.d. gerst 1. febrúar 2009, myndi vaxtastig lækka mjög mikið, þó að til byrja með yrði það alltaf hærra en gerist í heimalandi myntarinnar. Reynslan er sú sama alls staðar, aðlögun að nýju vaxtaumhverfi gerist hratt. Með lækkandi vöxtum yrðu stoðir reistar undir fasteignamarkaðinn og atvinnulífið í landinu fengi samkeppnishæft starfsumhverfi. Nýsköpun myndi stóreflast því aðgengi að fjármagni myndi aukast og vextir á áhættufé lækka. Vöruverð yrði að fullu samanburðarhæft á milli landa til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki.

Erlend fjárfesting myndi stóreflast og erlendir bankar myndu fjárfesta í íslenskum bönkum eða opna útibú á Íslandi. Opnað yrði á alþjóðlega fjárfestingu í flestum starfsgreinum landsins í kjölfarið. Ísland yrði þar með aftur fullgildur þátttakandi í heimsvæðingunni.

Ísland hefur átt við langvarandi vanda að stríða, gjaldeyrisvandann. Í dag er búið að létta á honum tímabundið, en gjaldeyrishöftin geta aukið vandann ef þau halda ekki þeim mun skemur, og langtímalausnin liggur á borðinu. Núverandi ástand eru kjöraðstæður fyrir einhliða upptöku annarrar myntar.

*Heiðar M. Guðjónsson er framkvæmdastjóri Novator. Ársæll Valfells er lektor við Viðskiptadeild HÍ.*

# Að kunna til verka

**UMRÆÐAN**
Bolli Valgarðsson skrifar um upplýsingagjöf


BOLLI VALGARÐSSON

Fréttir í breskum fjölmiðlum af því að meira en 100 opinberar stofnanir, svo sem sveitarfélög, lögregluumdæmi, opinber samgöngufyrirtæki og fleiri aðilar þar í landi hefðu lagt peninga á íslenska bankareikninga og ef til vill tapað nærri tvö hundruð milljörðum íslenskra króna á ævintýrinu hefur leitt til þess að sveitarfélögin þar í landi hafa tekið upp samstarf á sviði almannatengsla og hagsmunagæslu. Er meginmarkmiðið með samstarfinu að halda almenningi og hagsmunaaðilum upplýstum um stöðu mála og ekki síst að leiðrétta sögusagnir sem ekki eiga við rök að styðjast. Slíkar fréttir eru einmitt fyrirferðarmiklar í umræðunni að sögn talsmanns Sambanda breskra sveitarfélaga (LGA). Þetta kemur fram í tímaritinu PR-Week, sem gefið er út í Bretlandi og dreift til áskrifenda um allan heim.

Á vegum sambands bresku sveitarfélaganna er nú að störfum fjölmennt teymi almannatengslaráðgjafa, sem annast samskipti við fjölmiðla (media relations) og hafa ráðgjafarnir sett saman sérstaka áætlun til að tryggja samhæfða upplýsingamiðlun allra hlutaðeigandi aðila. Einnig er að störfum annað teymi ráðgjafa á sviði opinberrar hagsmunagæslu (public affairs) og er hlutverk þess hóps að dreifa upplýsingum til ráðamanna, svo sem sveitarstjórnarmanna, þingmanna, þingnefnda og ráðuneyta. Markmiðið er að upplýsa um stöðu mála á hverjum tíma.

Upplýsingafulltrúi LGA, Richard Stokoe sagði nýlega í viðtali að á rúmum sólarhring (eftir að fréttir fóru að berast af fjárhagstjóni bresku sveitarfélaganna) hefðu nærri 100 manns hringt á LGA til að afla upplýsinga. Athyglisvert var að í langflestum tilvikum var kveikjan að samtölunum sögusagnir sem ekki áttu við rök að styðjast. Símtölin gáfu fjölmiðlateyminu því kærkomið tækifæri til að miðla til fjölmiðlanna réttum upplýsingum. Stokoe nefndi sem dæmi frétt í The Independent þar sem sagði af þúsundum opinberra starfsmanna sem fengju ekki lengur greidd laun vegna örlaga íslensku bankanna. Fréttin átti ekki við nein rök að styðjast og þrátt fyrir að ekki væri vitað hvaðan fréttin væri komin vildi LGA koma þeim skilaboðum á framfæri að allar fréttir væru teknar alvarlega og þeim svarað á ábyrgan hátt þannig að almenningur gæti treysti upplýsingum sem viðkomandi yfirvöld hefðu fram að færa.

Þær stofnanir sem löskuðust af hruni bankanna starfrækja nú upplýsingadeildir til að annast samskipti við fjölmiðla og miðla jafnóðum réttum og faglegum upplýsingum til almennings í samræmi við leiðbeiningar frá LGA. Talsmaður Kent County sýslu, Jane Clark, segir að umfjöllun fjölmiðla sé nú að mestu leyti ábyrg og hrósar hún þeim fyrir að birta viðbrögð frá opinberum aðilum við fréttum sem ekki eiga við rök að styðjast.

Eru þessi faglegu vinnubrögð Bretanna ekki dæmi um það sem opinberir aðilar hér á landi gætu tileinkað sér í ríkari mæli en hingað til hefur tíðkast?

*Höfundur er ráðgjafi í almannatengslum.*



Breytti slys þínum aðstæðum?
Slys hafa margs konar áhrif á líf okkar og starf.
Fáðu ráðleggingar – það kostar þig ekkert.
Við könnum rétt þinn á bótum!
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun
FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál
Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is / sími 533 2050 / Suðurlandsbraut 18 Rvk.

**NORSKA SKÁLDIÐ NORDAHL GRIEG LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1943.**

*„Okkur verður refsað til dauðadags fyrir allt það sem við gerðum ekki.“*

***Nordahl Grieg var stríðsfréttaritari í seinni heimsstyrjöldinni. Hann lést þegar flugvél sem hann var farþegi í var skotin niður yfir Berlín.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. DESEMBER 1988

## *Bhutto forsætisráðherra Pakistans*

Benazir Bhutto var kjörin forsætisráðherra Pakistans þennan dag árið 1988, fyrst kvenna í múslimsku landi.

Bhutto fæddist árið 1952 og var dóttir Zulfikars Ali Bhutto sem var forseti og forsætisráðherra Pakistans. Hann stofnaði Þjóðarflokk Pakistans sem er einn af áhrifamestu flokkum landsins. Zulfikar var settur af í valdaráni og tekinn af lífi eftir umdeild réttarhöld. Talið er að Muhammad Zia-ul-Haq, hershöfðingi og forseti landsins, hafi haldið þar um stjórnartaumana. Eftir lát Zulfikars varð ekkja hans, Nusrat Bhutto, í forsvari fyrir Þjóðarflokkinn og síðar Benazir.



Benazir stundaði nám í Bandaríkjunum og Englandi en sneri heim þegar Zia lést í dularfullu þyrluslysi. Flokkur hennar sigraði í þingkosningunum 1988 sem voru fyrstu opnu kosningarnar í Pakistan í tíu ár. Benazir gegndi embætti forsætisráðherra aðeins í 20 mánuði en þáverandi forseti landsins rak hana úr embætti vegna ásakana um spillingu. Benazir Bhutto gegndi aftur embætti forsætisráðherra árin 1993 til 1996 en var aftur rekin úr embætti vegna svipaðra ásakana. Þá fór hún í sjálfskipaða útlegð.

Benazir sneri aftur heim haustið 2007 til að taka þátt í kosningum sem fara áttu fram í byrjun árs 2008 en lést í sjálfsmorðsárás 27. desember. 20 til viðbótar létust.

## MERKISATBURÐIR

**1409** Háskólinn í Leipzig er stofnaður.

**1804** Napóleon lætur krýna sig Frakkakeisara í Notre Dame.

**1805** Franskir herir undir stjórn Napóleons vinna sigur á sameinuðum her Rússa og Austurríkismanna í orrustunni um Austerlitz.

**1908** Puyi verður keisari í Kína tveggja ára gamall.

**1941** Togarinn Sviði ferst með 25 manna áhöfn utan við Snæfellsnes.

**1942** Enrico Fermi tekst að koma af stað keðjuverkun kjarnaklofnunar í Chicago.

**1971** Sex arabísk furstadæmi gera með sér bandalag og mynda Sameinuðu arabísku furstadæmin.



# Barist við jólakvíðann

Samtökin Emotions Anonymous halda sinn árlega fund um jólakvíða fimmtudaginn 4. desember klukkan 18.00 í kórkjallara Hallgrímskirkju. Fjárhagsörðugleikar, ástvinamissir, sjúkdómar og ýmis önnur vandamál geta valdið því að fólk kvíðir fyrir jólunum.

Gestur fundarins er Séra Birgir Ásgeirsson sem heldur stutt erindi. Allir eru hjartanlega velkomnir.




**HÓPFERÐIR BLÓMSTRA** Þórarinn Þór sölu- og markaðsstjóri og Einar Steinþórsson framkvæmdastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**KYNNISFERÐIR:** HAFA EKIÐ MEÐ FARÞEGA Í FJÖRUTÍU ÁR

# Erum bjartsýnir á næstu ár

Kynnisferðir voru stofnaðar árið 1968 og er fyrirtækið því eitt af elstu starfandi hópferðafyrirtækjum landsins. Upphafið má rekja til þess að þörf var á dagsferðum fyrir farþega Loftleiða á sjöunda áratugnum sem voru í einnar nætur stoppi. Stofnendur Kynnisferða voru Ferðaskrifstofan Útsýn, Ferðaskrifstofan Sunna, Ferðaskrifstofa Zoëga og Ferðaskrifstofa ríkisins.

„Í dag keyrum við fyrst og fremst með erlenda ferðamenn,“ segir Einar Steinþórsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, en fyrirtækið rekur meðal annars Flugrútuna og flytur því farþega út á Leifsstöð og til baka. „Við erum með ansi viðamikla starfsemi í dagsferðum fyrir túrista,“ segir Einar en vinsælasta dagsferðin er auðvitað hinn sígildi „Gullni hringur“ um Gullfoss og Geysi. „Svo keyrum við líka innanbæjar og erum með ferðir um hálendið yfir sumartímann sem kallast Iceland on your own,“ segir Einar en það gæti útlagst á íslensku sem „Ísland á eigin vegum“. Í þeim ferðum getur fólk skilið bílana sína eftir í byggð, tekið rútu upp á hálendið og komið aftur sama dag eða daginn eftir. Einar segir töluverða aukningu hafa orðið á þessum ferðamáta undanfarin ár.

Kynnisferðir eru með 60 bíla á sínum vegum, allt frá 16 farþega og upp í 70 manna rútur. Starfsemin er nokkuð árstíðabundin. Meginhluti starfseminnar eins og flugrútan og flestar dagsferðirnar er í gangi allt árið. Þó er auðvitað mun meira að gera yfir sumartímann. Til dæmis eru hálendisferðirnar bundnar við sumartímann auk þess sem Kynnisferðir eru með starfsemi í Þórsmörk á sumrin en þar er gisting fyrir allt að 130 manns. Fyrir utan allt þetta sjá Kynnisferðir einnig um rekstur Umferðarmiðstöðvarinnar BSÍ.

Kynnisferðir eru nokkuð stór vinnustaður. Yfir vetrartímann starfa þar um 130 manns en frá maí og fram í október um 230. En er ekki kreppa hjá Kynnisferðum? „Nei, í rauninni ekki. Við finnum ekki mikið fyrir því enn þá,“ segir Einar og finnst frekar að ferðamönnum sé að fjölga. „Sem betur fer eru útlendingar ekki hættir að koma,“ segir Einar glaðlega og er bjartsýnn á næstu ár. Þess má geta að farþegafjöldi Kynnisferða á síðasta ári var 372 þúsund.

Einar segir engar stórbreytingar í aðsigi. „Við höldum okkar striki og minnkum í það minnsta ekki. Bætum frekar í ef eitthvað er,“ segir hann.

Ekki er orðið ljóst hvað verður gert í tilefni afmælisins en þó var hætt við stór hátíðahöld þegar allt fór á hliðina í október. Einar býst þó við einhverjum veisluhöldum sem verða fyrir vikið minni og innilegri.

solveig@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Benedikt Ársæll Guðbjartsson,**

lést laugardaginn 29. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**María Pétursdóttir og fjölskylda.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Oddur Gunnarsson**

bóndi, Dagverðareyri við Eyjafjörð,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 30. nóvember.

**Gígja Snædal**
**Fríða Oddsdóttir** **Indriði Þröstur Gunnlaugsson**
**Rannveig Oddsdóttir** **Svanlaugur Jónasson**
**Jóhanna María Oddsdóttir**
**Þórgunnur Oddsdóttir** **Birkir Baldvinsson**
**og barnabörn.**

# Verðlaunuð fyrir framlag sitt til fjölskyldna

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hlýtur Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna í ár en þetta er í fjórða sinn sem verðlaunin eru veitt. Í greinargerð frá fagráði sjóðsins kemur fram að Jóhanna hljóti verðlaunin fyrir framlag sitt til íslenskra barnafjölskyldna fyrr og nú.

Í gær var einnig úthlutað úr styrktarsjóði Velferðarsjóðsins og hlutu Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd tvær milljónir hvort. Styrkirnir eru ætlaðir til kaupa á fötum og jólaglaðningi fyrir börn. Þá hlaut Foreldrahús einnig styrk upp á tvær milljónir.

Dyngjan, áfangaheimili fyrir konur sem eru að koma úr meðferð, hlaut eina milljón króna í styrk og verkefnið Morgunhanar auk Félags lesblindra hlutu sinn hvorn 300 þúsund króna styrkinn.

Í tilkynningu frá Velferðarsjóði barna segir að frá því að sjóðurinn var stofnaður, fyrir átta árum af Íslenskri erfðagreiningu, hafi hann úthlutað meira en 450 milljónum króna til margvíslegra verkefna.



Kári Stefánsson, stjórnarmaður í Velferðarsjóði barna, afhendir Jóhönnu Sigurðardóttur Barnamenningarverðlaun sjóðsins, veglegan verðlaunagrip úr silfri eftir gullsmiðinn Dýrfinnu Torfadóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

NAFNIÐ MITT: JÓN ADÓLF STEINÓLFSSON

# Nafngjöf er alltaf ábyrgðarhluti

„Ég er skírður eftir báðum öfum mínum, en Adólfs-nafnið kemur vestan af Ísafirði frá föðurafa mínum og pabbi er svo Steinólfur, en bæði nöfnin hafa forfeður mínir borið um langan veg,“ segir tréskurðarlistamaðurinn snjalli, Jón Adólf Steinólfsson, um nafnið sem honum var gefið.

„Nafngjöf er alltaf ábyrgðarhluti því sem börn erum við ákaflega vægðarlaus og í eðli mannsins að fá útrás fyrir eigin vanlíðan með því að níðast á öðrum. Ég fékk því strax í sex ára bekk að kenna á þessu nafni og þótti mikil kvöl að bera það,“ segir Jón Adólf sem fæddur er í sumarbyrjun 1959. „Árin á eftir var Adolf Hitler flestum ofarlega í huga, enda tiltölulega stutt frá stríðslokum og sjálfgefið að uppnefna mig Adolf Hitler. Það særði mig mjög, því ég hafði viðkvæma lund og trúlega mundi það flokkast sem einelti í dag,“ segir Jón Adólf sem um táningsaldurinn hóf að kalla sig Jónda, sem fljótlega lagði stríðnina að velli.

„Svo lærir maður að meta þetta allt, því mótlæti jafnt sem meðbyr gerir mann að þeim einstaklingi sem maður á endanum verður. Því er ég stoltur af nafninu í dag.“



**STOLTUR** Jón Adólf Steinólfsson segist stoltur af nafni sínu í dag, þrátt fyrir erfiðar byrðar nafnsins í æsku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aðventukvöld í Stokkseyrarkirkju

Séra Sveinn Valgeirsson, hinn nýi prestur í Eyrarbakkaprestakalli er kominn til starfa. Hann verður formlega settur í embætti Eyrarbakkakirkju sunnudaginn 7. desember. Hann flutti jólahugvekju í Eyrarbakkakirkju á aðventukvöldi í gær en sambærilegt aðventukvöld verður haldið í Stokkseyrarkirkju í kvöld klukkan 20.00.



**STOKKSEYRARKIRKJA** Séra Sveinn Valgeirsson flytur jólahugvekju í kvöld.

---



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Guðmundur Kr. Jóhannsson,**

Háagerði 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri fimmtudaginn 27. nóvember. Útför auglýst síðar.

**Ingibjörg Dan Kristjánsdóttir**
**og aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Kristmann Jónsson**

Hofslundi 4, Garðabæ,

lést 29 nóvember.

**Sigurlaug Gísladóttir**
**Stefán S. Kristmannsson**
**Sigurjón Kristmannsson**
**Sigrún H. Kristmannsdóttir**
**Gísli Ólafsson**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Jóna Ólafsdóttir**

Heiðarvegi 31, Vestmannaeyjum,

lést laugardaginn 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 6. desember kl. 10.30.

**Már Jónsson**
**Dröfn Ólöf Másdóttir** **Gunnlaugur Grettisson**
**Markús Orri Másson**
**og barnabörn.**

---



*Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Jakobínu Guðmundsdóttur (Bíbí)**

Vatnsstíg 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans Fossvogi, Hringbraut og Landakoti fyrir frábæra umönnun.

**Örn Scheving**
**Bragi Reynisson** **Eulogia Medico**
**Guðrún Hanna Scheving** **Gísli Hermannsson**
**Sigmar A. Scheving** **Hjördís Jóhannsdóttir**
**Brynja A. Scheving** **Karl Jóhann Guðsteinsson**
**Egill A. Scheving** **Laufey Þórðardóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Einarsdóttir**

Víghólastíg 14, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 28. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Sveinbjörn Björnsson**
**Björn Már Sveinbjörnsson**
**Einar Örn Sveinbjörnsson** **Guðrún Karlsdóttir**
**Hólmfríður Frostadóttir**
**Ísak Helgi Einarsson**
**Þorvaldur Bragason** **Guðrún Jóhannsdóttir**
**Birna Þorvaldsdóttir**
**Bragi Þorvaldsson**

---



*Elskaður sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Þórir Árni Jónsson,**

Lautasmára 12, Kópavogi,

lést 24. nóvember sl. Jarðarför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 5. desember kl. 15.00.

**Kolbrún Þórisdóttir** **Jón B. Guðlaugsson**
**Axel Helgi Jónsson**
**Herdís Brá Jónsdóttir**
**Þórhildur Helgadóttir**

---



*Ástkær bróðir okkar, mágur, og frændi,*

**Grímur Ársælsson,**

Suðurbraut 16, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 29. nóvember sl. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Maggý Ársælsdóttir**
**Erla Ársælsdóttir**
**Ragnar Gíslason**
**og frændsystkin.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Gunnar Matthíasson**

Grenimel 25, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 30. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Theodóra Ólafsdóttir**
**Ingibjörg Þóra Gunnarsdóttir**
**Dóra Björk Guðjónsdóttir**
**Elín Kristín Gunnarsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, okkar kæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Hjaltested**

Sæviðarsundi 11, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. desember kl. 15.00.

**Gyða Þorsteinsdóttir.**
**Halla Hjaltested** **Guðjón Þór Guðjónsson**
**Lóa S. Hjaltested** **Sigurður Sigurgeirsson**
**Erlingur Hjaltested** **Birna K. Sigurðardóttir**
**Helga Hjaltested** **Elvar J. Ingason**
**og afabörnin.**

---



*Okkar ástkæra sambýliskona, móðir, amma og langamma,*

**Málhildur Sigurbjörnsdóttir**

til heimilis að Heiðarbrún áður Holtsgötu 14a,

lést 29 nóvember.

**Arthur Karl Eyjólfsson**
**Sigmundur Karlsson** **Linda B. Sigurðardóttir**
**Unnur Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Karl Sesar Karlsson** **Þorbera Fjölnisdóttir**
**Þóra Lind Karlsdóttir** **Salómon V. Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Eiríksdóttir,**

lést á Dvalarheimilinu Grund laugardaginn 29. nóv. sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ágúst Magnússon** **Sigríður Eiríksdóttir**
**Lilja Magnúsdóttir** **Jóhann Víglundsson**
**Jenný Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

# Eymundsson mælir með verðlaunaplötum

**Agent Fresco** - Lightbulb Universe
**FM Belfast** - How to Make Friends
**Hugi Guðmundsson** - Apocrypha
**Ísafold** - All Sounds to Silence Come
**Mammút** - Karkari
**Retro Stefson** – Montaña

Kraumur | Kraumsverðlaunin 2008



**Agent Fresco** - Lightbulb Universe
Kynningarverð **1.999,-**



**Ísafold** - All Sounds to Silence Come
Kynningarverð **1.999,-**



**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*






NOKKUR ORÐ
**Alma Guðmundsdóttir**

# *Valkvíði í desember*

Þegar ég sé allt það skemmtilega sem er í boði á aðventunni vildi ég óska að þessi langþráði desembermánuður væri helmingi lengri. Ótal margir viðburðir freista mín, en allar auglýsingarnar valda mér valkvíða því síðustu ár hef ég orðið fyrir vonbrigðum á Þorláksmessu þegar ég uppgötva að ég hef ekki gert helminginn af því sem ég hafði ætlað mér. Farið á tónleika, leiksýningar, jólamarkaði, hlaðborð, bókaupplestra, jólabíómyndir, föndrað, bakað, tekið til, haldið matarboð og svo mætti lengi telja.

Þegar ég skrifaði niður þá hluti sem mig langaði helst að gera á þessum 24 dögum, varð mér strax ljóst að listinn var óraunhæfur. Ef ég ætlaði til dæmis að sækja alla þá tónleika sem mig langar á sá ég fram á að eyða nánast hverju kvöldi fram að jólum í kirkjum eða tónleikasölum, sem er gott og blessað, en til að borga fyrir miðana yrði ég hins vegar að grípa til einhverra róttækra aðgerða þess á milli til að eiga fyrir herlegheitunum. Öll jólainnkaup yrðu gerð á hlaupum, með viðkomu á jólamörkuðum í Hafnarfirði, Heiðmörk og Félagsgarði í Kjós, til að komst sem fyrst heim til að baka, föndra, taka til og halda matarboð.



Þegar ég sat um helgina og hamaðist við að líma saman filtefni, á þeim klukkutíma sem ég hafði til að föndra, uppgötvaði ég að ég naut mín ekki neitt. Í stað þess að vera ánægð með að koma handgerðum jólasveini upp í hillu varð ég bara pirruð yfir því að ná ekki að gera þrjá í viðbót. Þá áttaði ég mig á að til að geta notið aðventunnar yrði ég að vanda valið og gera færri hluti. Þannig yrði ég ekki fyrir árlegum vonbrigðum með að hafa ekki tæmt listann.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




© KFS/Distr. BULLS

**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




© KFS/Distr. BULLS

**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Kór Áskirkju í kvöld

Í kvöld kl. 20 verða útgáfutónleikar í Áskirkju en kórinn þar hefur nú gefið út nýjan disk með jólalögum, Það aldin út er sprungið, og ætlar í kvöld að syngja lög úr því lagasafni. Fjögur ár eru liðin síðan Kirkjukór Áskirkju gaf út rómaðan disk með ættjarðarlögum, Það er óskaland íslenskt, sem naut mikillar hylli og var verðlaunaður.

Kórinn skipa um tuttugu raddir og annast félagar úr kórnum einsöng þar sem við á. Nú er Magnús Ragnarsson söngstjóri kórsins. Á nýja disknum hljóma perlur sem allir kannast við í hefðbundnum sem og óhefðbundnum útsetningum, ásamt minna þekktum kórverkum, en sungið er án undirleiks. Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20 og er aðgangur ókeypis. **- pbb**



**TÓNLIST** Kór Áskirkju við söng í Laugarásnum. MYND ,ÁSKIRKJA

# Tilnefndar til Norðurlandaverðlauna

**Í gær var tilkynnt hvaða íslensk skáldverk eru tilnefnd til úrskurðar dómnefndar um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2009. Íslensku valnefndina skipuðu þau Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur og Aðalsteinn Ásberg rithöfundur, en varamaður nefndarinnar var Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur.**

Af Íslands hálfu hljóta tilnefningu skáldsagan Afleggjarinn eftir Auði Ólafsdóttur listfræðing sem kom út hjá Sölku 2007 og ljóðabókin Blysfarir eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur sem kom út árið 2007 hjá Forlaginu-JPV útgáfu.

Afleggjarinn er þriðja skáldsaga Auðar en áður hafa komið út eftir hana bækurnar Upphækkuð jörð árið 1998, og Rigning í nóvember árið 2004 en hún var tilnefnd til Menningarverðlauna DV í bókmenntum, auk þess sem hún hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir þá bók. Afleggjarinn kom út árið 2007 og hlaut Menningarverðlaun DV í bókmenntum, auk Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlaun kvenna.

Framleiðslufyrirtækið WhiteRiver Productions vinnur nú við gerð kvikmyndahandrits upp úr Afleggjaranum og munu bæði íslenskir og erlendir aðilar koma að gerð kvikmyndarinnar.

Auður A. Ólafsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1958. Hún er lektor í listfræði við Háskóla Íslands. Áður hefur hún starfað sem listfræðingur og kennari í listasögu, meðal annars við Leiklistarskóla Íslands og verið forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, sett upp myndlistarsýningar og fjallað um myndlist og listasöguleg efni í ýmsa fjölmiðla.



**SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR**

Blysfarir eftir Sigurbjörgu leikur á mörkum ljóðs og skáldsögu; úr kröftugum ljóðum er smíðuð saga af eiturslungnu sambandi, hvítum dreka í íslenskri sumarnótt, flugmiðum vonarinnar, fegurðinni í kirkjugörðum og handleggjum sem reyna að tengjast á meðan þeim blæðir. Þetta er texti með einstakt aðdráttarafl enda hlaut bókin afar lofsamlegar umsagnir þegar hún kom út. Guðni Elísson, dósent við Háskóla Íslands, komst svo að orði um verkið í erindi á Hugvísindaþingi HÍ: „… ekki [hefur] birst jafn áhrifamikil lýsing í íslenskum bókmenntum á tortímandi ástarsambandi frá því að Tímaþjófur Steinunnar Sigurðardóttur kom fyrst út á prenti fyrir rúmum tuttugu árum.“ „Þeir sem lesa [þessa bók] og segja svo að ljóðið sé dautt eru sálarlausir!“



**BÓKMENNTIR** Auður A. Ólafsdóttir, listfræðingur og rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

sagði Þröstur Helgason síðan í Morgunblaðinu og er auðvelt að taka undir það.

Auk ljóðsögunnar Blysfarir hefur Sigurbjörg sent frá sér fjórar ljóðabækur – Blálogaland (1999), Hnattflug (2000), Túlípanafallhlífar (2003) og To bleed straight (2008, tvímála bók með þýðingum Bernards Scudder) – og skáldsöguna Sólar sögu (2002). Þá hefur meðal annars komið út eftir hana ljóðaúrval á sænsku, Fallskärmsresor (2004), auk þess sem hún hefur samið fjögur leikverk og ritað fjölda blaðagreina og pistla. John Swedenmark þýddir Blysfarir á sænsku.

Dómnefndin sem velur verðlaunahafann mun á fundi sínum í Kaupmannahöfn þann 3. apríl 2009 kveða upp úr um það hver hlýtur verðlaunin árið 2009. Þau verða afhent á 61. þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í Stokkhólmi dagana 26.-28. október 2009 og nema 350.000 dönskum krónum.

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 02. desember**

### Námskeið



**20.15** Sturlunga Endurmenntun Háskóla Íslands stendur fyrir þriggja kvölda námskeiði með **Einari Kárasyni** um Sturlungu. Nánari upplýsingar og skráning á www.endurmenntun.is.

### Fyrirlestrar

**15.00** Í Pétursborg Púshkíns og Pútíns Árni Þór Sigurðsson alþingismaður flytur fyrirlestur í húsakynnum **MÍR**, Hverfisgötu 105. Allir velkomnir.

### Sýningar

**Rautt** Opnuð hefur verið samsýning 13 listamanna í Gallery Syrpu við Strandgötu 39 í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.syrpa.is. Opið þri.-föst. kl. 12-17 og lau. kl. 10-14.

### Uppákomur

**12.34** Lifandi jóladagatal **Norræna hússins** Í gær komu leikarar úr leiksýningunni Steinar í djúpinu í gluggann. Hver skyldi vera þar í dag?

### Leiðsögn

**12.05** Helga Lára Þorsteinsdóttir fjallar um sýninguna **Yfir hafið** og heim, íslenskir munir frá Svíþjóð í **Þjóðminjasafni Íslands** við Suðurgötu.

### Ljósmyndasýningar

Í tilefni af opnun jólabúðar **UNICEF** á Laugavegi 42, 2. hæð, hefur verið opnuð sýning með hjálpargögnum og ljósmyndum. Sýningin stendur til 5. des. Opið mán.-lau. kl. 12-18.

### Tónleikar

**21.05** Hljómsveitin **Gæðablóð** spilar á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


SENDU JÓLAPAKKA
HVERT Á LAND SEM ER




Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefsíðunni www.flytjandi.is.

800 KR. PAKKINN
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0.5 x 0.5 x 0.8m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

EIMSKIP Flytjandi

www.flytjandi.is
Sími 525 7700

## > ÓTRÚR SJÓNVARPSKOKKUR?

Þær sögur ganga nú fjöllunum hærra að Gordon Ramsay hafi haldið fram hjá eiginkonu sinni með þremur öðrum konum. Sjónvarpskokkurinn, sem hefur verið kvæntur Tönu frá því 1996, er sagður hafa átt í sjö ára leynilegu sambandi við Söruh Symonds. Sarah greindi breska dagblaðinu News of the World frá sambandi þeirra og segir hann líka eiga hjákonu í Danmörku og Los Angeles.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Mugison fer í Icesave-tónleikaferð

„Við ætlum að kalla þetta Icesave-túrinn," segir Mugison sem er á leið í tónleikaferð um Bretland, Danmörku, Þýskaland og Holland, allt lönd sem hafa orðið illa úti vegna Icesave-reikninganna alræmdu.

Hann segist ekki vera smeykur við að troða upp í þessum löndum þrátt fyrir að fjölmargir hafi misst gríðarlegar fjárhæðir þar vegna falls bankanna. „Við vorum í Bretlandi um daginn og þar voru allir helvíti ljúfir. En þegar við vorum í Belgíu var ein alveg brjáluð. Við spiluðum í 55 mínútur og ég var ekki í stuði fyrir uppklapp," segir hann. „Hún var alveg brjáluð og sagðist hafa borgað tólf evrur inn og þjóðin hafi hirt af henni enn þá meiri peninga. Hún heimtaði klukkutíma gigg."

Mugison brá á það ráð að draga hana afsíðis og spila fyrir hana tvö lög. „Hún var mjög sátt við það og heimtaði ekki að fá endurgreitt. Vinkonan hennar tók það meira að segja upp á Youtube," segir hann.

Mugison fór í viðtal hjá danska blaðinu Politiken í fyrradag þar sem gengið var hart að honum. „Ég var í hálfvitadálki þar sem þeir spyrja leiðinlegra spurninga. Þeir spurðu hvernig mér litist á að fólk ætlaði að mæta á tónleikana mína með tómata og egg. Ég sagði því endilega að gera það en það mætti ekki henda þeim í mig heldur láta mig fá þá svo ég gæti selt þá í Bónus." - fb



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison er á leiðinni í Icesave-tónleikaferð um Evrópu.





» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á **kokka.is** þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka laugavegi 47

Opið mán.- föstud. 10-18 og lau. 10-16 www.kokka.is kokka@kokka.is


# Rotaðist í miðri sýningu

**Antoine Fons rotaðist og það blæddi úr gagnauganu á honum í miðri leiksýningu. Hann þuldi upp númerið hjá Bæjarleiðum þegar hann var spurður um kennitöluna sína.**

„Ég leik Kassíó sem er misþyrmt af tveimur bófum í sýningunni," segir leikarinn Antoine Fons sem rotaðist í sýningu Óþelló Parkour þegar verkið var sett upp í Verslunarskólanum á dögunum. Tólf manns leika í Óþelló sem er farandsýning með færanlega leikmynd og ferðast milli allra menntaskóla á landinu, en á föstudaginn verða tvær sýningar í Íslensku óperunni.

„Ég á að vera skallaður í sýningunni, en í hamaganginum gleymdi ég að setja hendina fyrir og skall með gagnaugað í marmaragólfið í Versló," segir Antoine sem rotaðist við fallið. Áhorfendur tóku andköf þegar hann skall í gólfið enda heyrðist hár dynkur og blóð lak úr gagnauga hans. „Þegar ég rankaði við mér nokkrum sekúndum síðar sá ég bara Andra Óla, mótleikara minn, skelfingu lostinn og einhvern veginn tókst mér þá að segja næstu línuna mína og klára senuna," bætir hann við og segir það mikið lán að hann hafi verið borinn út af sviðinu af tveimur leikurum á þeim tímapunkti.



**KLÁRAÐI SENUNA** Antoine Fons náði að segja síðustu línurnar sínar áður en hann var dreginn blóðugur út af sviðinu í sýningunni Óþelló Parkour. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hefði ekki getað gengið sjálfur út, svo þetta hefði ekki getað gerst á betri stað í sýningunni. Þegar ég var borinn út lak blóð úr tveimur skurðum sem ég fékk svo það var farið með mig upp á slysó. Ég var greinilega frekar vankaður því ég sagði víst símanúmerið hjá Bæjarleiðum þegar ég var spurður um kennitöluna mína," segir Antoine og hlær. „Nú er ég bara kominn með tvö flott ör sem munu minna mig á Óþelló Parkour í framtíðinni og þetta óskemmtilega, en skondna atvik," bætir hann við og brosir. alma@frettabladid.is



**FÉKK ÖR** Antoine fær ör á gagnauga.






# Elíza með samning

Elíza Geirsdóttir Newman hefur gert höfundarréttarsamning við breska útgáfufyrirtækið Effective Music. Samningurinn nær yfir tvær plötur Elízu, annars vegar Empire Fallm sem kom út í fyrram og hins vegar næstu plötu hennar sem er væntanleg á næsta ári.

Elíza hitti forsvarsmenn Effective á ráðstefnunni You Are in Control sem var haldin í Reykjavík í október. Effective sérhæfir sig í að selja lög skjólstæðinga sinna í sjónvarp, auglýsingar, kvikmyndir og fleira í þeim dúr.



**ELÍZA** Hefur gert höfundarréttarsamning við útgáfufyrirtækið Effective Music. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tónlistarfólk fundar

Útflutningsráð íslenskrar tónlistar, ÚTÓN, stendur fyrir kynningu á Tónlistarsjóði og Reykjavík Loftbrú í boði félaga tónlistarmanna og útgefenda á Café Rósenberg í kvöld.

Svanhildur Konráðsdóttir segir frá Reykjavík Loftbrú sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Icelandair, STEFs, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Félags hljómplötuframleiðanda og Jónatan Garðarsson segir frá starfsemi Tónlistarsjóðs sem rekinn er á vegum menntamálaráðuneytisins. Kynningin stendur yfir frá klukkan 18 til 20 og verður boðið upp á jólaglögg og piparkökur. Skráning fer fram í síma 511 4000 eða hjá greta@utflutningsrad.is.


Jóladagatal Norræna hússins
alla dagakl. 12:34
Í gær voru Steinar í djúpinu
Hver verður í dag?


Þriðjudagstilboð
20%
afsláttur
af öllum herra- og
dömunáttfötum í dag
Ef verslað er fyrir 15.000 í versluninni
færðu veglegan kaupauka
Kaupauki
þeir sem versla fyrir 15 þúsund
hvar sem er í versluninni
fá bókina Sá einhverfi og við hin
eða Ég, ef mig skyldi kalla frítt með
Sá einhverfi
FRÍTT MEÐ
ÉG
500 NÝ STÆÐI
DEBENHAMS
Við viljum benda viðskiptavinum okkar á
að nú hafa bæst við 500 ný bílastæði við Smáralind
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
fókus










# Þakklátur Rourke

Leikarinn Mickey Rourke er þakklátur fyrir að hafa hreppt aðalhlutverkið í sinni nýjustu mynd, The Wrestler. Hann þykir fara þar á kostum og telja margir hann eiga möguleika á Óskarstilnefningu.

Rourke er ánægður með að fá að leika loksins í alvörumyndum eftir að hafa verið úti í kuldanum í Hollywood í langan tíma, eða þangað til hann lék í Sin City fyrir þremur árum. Á þessu tímabili var hann oft handtekinn fyrir ýmsan óskunda auk þess sem tilraunir hans til að verða atvinnuboxari mistókust. „Ár eftir ár sat ég og talaði við hundinn minn og sagði: „Ég er ekki að fara að snúa aftur. Þetta er búið“. Ég vildi samt ekki gefast upp, það kom aldrei til greina,“ sagði Rourke. „Ég hef farið niður til heljar og ég ætla ekki að snúa þangað aftur.“



**MICKEY ROURKE** Rourke er ánægður með að vera kominn í fremstu röð á nýjan leik.

# Jólamynd í efsta sæti

**Gamanmyndin Four Christmases með Reese Witherspoon og Vince Vaughn í aðalhlutverkum fór beint í efsta sætið á aðsóknarlistanum vestanhafs um síðustu helgi.**

**Um ekta jólamynd er að ræða þar sem fjölskyldugríni og jólunum er blandað saman á hressilegan hátt. Fjallar myndin um par sem ætlar að heimsækja alla fjóra fráskilda foreldra sína á jóladag.**

**Í öðru sæti á listanum var vampírumyndin Twilight og í því þriðja var teiknimyndin Bolt þar sem John Travolta talar fyrir aðalpersónuna.**

# Bjórsopinn dýr í Reykjavík

**Bjór hefur hækkað töluvert í verði að undanförnu á börum Reykjavíkurborgar. Fréttablaðið kannaði málið og komst að því að algengt verð á stórum bjór af krana er á milli 700-800 krónur. Veitingahúsamenn útiloka ekki frekari hækkanir.**



**FASTAGESTIR FÁ VILDARKJÖR** Þorsteinn Þórsteinsson býður fastagestum sínum á Grand Rokki upp á góð kjör; þeir fá ölkrúsina á sex hundruð en aðrir þurfa að punga út hundrað krónum í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið gerði óformlega verðkönnun í gær meðal nokkurra verta á börum og skemmtistöðum í miðborg Reykjavíkur. Margir þeirra segjast hreinlega vera að borga með bjórsölu og með réttu ætti hálfur lítri af miðinum að kosta í kringum þúsund krónur miðað við verðlagið í þjóðfélaginu um þessar mundir. „Við getum ekki rukkað þúsund krónur fyrir bjórinn því þá kemur enginn. En við getum heldur ekki tapað endalaust,“ segir Arnar Þór Gíslason, eigandi skemmtistaðanna Oliver, Q-bar og English Pub. Bjórinn á þeim síðarnefnda kostar 800 krónur.

Undir orð Arnars tekur Kormákur Geirharðsson, veitingamaður á Ölstofunni. Hann segist ekki geta hækkað verð á áfengi í samræmi við verðlagið því þá hætti fólk bara að koma. „Þessi rekstur hættir bara að bera sig smám saman, áfengisgjöldin eru orðin ansi há og ríkið hirðir alltaf sitt,“ segir Kormákur en verð á bjór hjá þeim er frá 650 til 750 krónur.

Guðfinnur Karlsson, eigandi skemmtistaðarins Priksins, vill ekki ganga svo langt að verðleggja bjór á þúsund krónur. En segir aðstæður vissulega erfiðar fyrir veitingahúsamenn og skemmtistaðaeigendur. Þeir séu í raun í sjálfheldu, allar vörur hafi hækkað en gestir hafi minna á milli handanna. Fari verðið á barnum eitthvað upp hætti fólk einfaldlega að koma. Guðfinnur segist hafa staðið fyrir krepputilboðum á sínum bar; bjórinn kosti 650 krónur nema tvo daga vikunnar, miðvikudaga og fimmtudaga. Þá kostar hann 490.

Þorsteinn Þórsteinsson á Grand Rokki býst við því að þurfa að hækka verð á bjór á næstunni. Hann færi í 700 krónur nema fyrir fastagesti. Fyrir þá myndi bjórinn enn kosta 600 krónur. Þorsteinn viðurkenndi reyndar að áttatíu prósent af gestum staðarins falli undir þá skilgreiningu að teljast fastagestir. Á B5 í Bankastræti fengust þær upplýsingar að bjórinn kostaði 750 krónur og á 101 væri dýrasti bjórinn á 890 krónur. Sverrir Rafnsson á Rex upplýsti að bjórinn kostaði 700 krónur hjá honum. Stór bjór á Dillon kostar 750 krónur. freyrgigja@frettabladid.is






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Gott Fólk

## > Dagur tekur við Füchse Berlin

Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Austurríkis í handbolta, mun að öllu óbreyttu skrifa undir samning við þýska efstudeildarfélagið Füchse Berlin í næstu viku. Þetta staðfesti Bob Hanning, framkvæmdastjóri þýska félagsins, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég fór til Íslands á dögunum og fundaði með Degi og varð strax mjög hrifinn af honum. Við vildum fá þjálfara frá Norðurlöndunum sem hefur jafnframt reynslu af þýska handboltanum og talar þýsku og Dagur er rétti maðurinn fyrir okkur. Við erum búnir að ná munnlegu samkomulagi við hann og tveggja ára samningur verður undirritaður í næstu viku. Hann mun svo áfram stýra Austurríki samhliða þjálfun hjá okkur," segir Hanning.



# sport

sport@frettabladid.is

**BALDUR SIGURÐSSON:** MEÐAL ÞEIRRA LEIKMANNA SEM NORSKA FÉLAGIÐ BRYNE NEYÐIST TIL AÐ SETJA Á SÖLULISTA

## *Lítið sem ég get gert annað en haldið mínu striki*



Mývetningurinn Baldur Sigurðsson er í sérstakri stöðu hjá 1. deildarfélaginu Bryne í Noregi en forráðamenn félagsins hafa tilkynnt leikmönnum sínum um mikil fjárhagsvandræði sem kalli á endurskipulagningu reksturs félagsins og gæti meðal annars falið í sér að einhverjir leikmenn verði seldir. Baldur er á meðal þeirra leikmanna sem félagið neyðist til þess að setja á sölulista.

„Fyrir tímabilið var markmið félagsins náttúrulega að fara upp í úrvalsdeildina og þar með öll fjárhagsáætlun samkvæmt því en við enduðum hins vegar í ellefta sæti og þar af leiðandi var innkoman mun minni en forráðamenn félagsins áætluðu. Þeir héldu svo fund með leikmönnunum á dögunum og tilkynntu okkur um bága fjárhagsstöðu og að það þyrfti að láta einhverja leikmenn fara. Þeir sögðu við mig að þeir væru mjög ánægðir með mig og vildu alls ekki missa mig en staðan væri bara þannig að ef eitthvert félag sýndi mér áhuga þá yrði litið á það með jákvæðum augum með sölu í huga," segir Baldur.

Baldur gekk til liðs við Bryne í lok sumars í fyrra eftir frábært tímabil með Keflavík og skrifaði þá undir þriggja ára samning við norska félagið. Baldur lék hins vegar aðeins í fimmtán af þrjátíu leikjum Bryne í norsku 1. deildinni á nýafstöðnu keppnistímabili og viðurkennir að staða mála sé fremur óljós hvað framhaldið varðar en hann ætli bara að halda sínu striki.

„Nýr þjálfari tók við Bryne fyrir síðasta tímabil og hann kom með sína eigin leikmenn með sér eins og gengur og gerist og hann var greinilega ekkert að fíla mig alltof mikið. Ég spilaði einhverja fimmtán leiki, þar af átta í byrjunarliðinu, sem er náttúrulega ekki eitthvað sem maður var að vonast eftir. Ég á samt enn tvö ár eftir af samningi mínum og eins og staðan er í dag þá mæti ég bara aftur til æfinga hjá Bryne í byrjun janúar. Það er náttúrulega aldrei að vita hvað gerist. Ef eitthvert félag kemur inn og vill kaupa mig þá skoða ég það auðvitað en ef ekkert verður af sölunni þá er lítið annað sem ég get gert en að halda áfram mínu striki með Bryne og bíða eftir tækifærinu," segir Baldur ákveðinn.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**Grindavík-Snæfell 93-81 (53-42)**

**Stig Grindavíkur:** Arnar Freyr Jónsson 22, Páll Axel Vilbergsson 18, Brenton Birmingham 18, Helgi Jónas Guðfinnsson 13, Þorleifur Ólafsson 9, Páll Kristinsson 6, Davíð Hermannsson 4, Björn Brynjólfsson 3.

**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 26, Jón Jónsson 17, Hlynur Bæringsson 15 (21 frákast, 9 stoðsendingar), Slobodan Subasic 8, Egill Egilsson 6, Atli Hreinsson 4, Arnór Hermansson 3, Gunnlaugur Smárason 2.

**Stjarnan-Breiðablik 87-91 (45-35)**

**Stig Stjörnunnar:** Fannar Helgason 21, Jovan Zdravevski 16, Kjartan Kjartansson 15, Justin Shouse 15, Birkir Guðlaugsson 8, Ólafur Sigurðsson 6, Hilmar Geirsson 4, Hjörleifur Sumarliðason 2.

**Stig Breiðabliks:** Nemanja Sovic 41 (17 fráköst), Kristján Sigurðsson 15, Halldór Halldórsson 14, Rúnar Pálmarsson 7, Rúnar Erlingsson 6, Loftur Einarsson 2.

**FSu-ÍR 71-75 (43-42)**

**Stig FSu:** Thomas Viglianco 22, Árni Ragnarsson 13, Sævar Sigmundsson 10, Vésteinn Sveinsson 10, Tyler Dunaway 9, Nicholas Mabbutt 4, Daði Grétarsson 3.

**Stig ÍR:** Sveinbjörn Claessen 21, Steinar Arason 16, Hreggviður Magnússon 13, Eiríkur Önundarson 10, Ómar Sævarsson 6, Ólafur Ingvarsson 3, Ólafur Þórisson 2, Davíð Fritzson 2, Þorsteinn Húnfjörð 2.

### *Enska úrvalsdeildin*

Liverpool-West Ham 0-0

### *Coca-Cola Championship*

Reading-Coventry 3-1

0-1 Daniel Fox (26.), 1-1 Noel Hunt (32.), 2-1 Kalifa Cisse (37.), 3-1 Noel Hunt (62.).

# Liverpool komið á toppinn

**Liverpool fór illa að ráði sínu og náði aðeins jafntefli gegn West Ham á Anfield í gær. Liverpool var mun betri aðilinn en hvorugu liðinu tókst að skora.**

**FÓTBOLTI** Liverpool og West Ham gerðu markalaust jafntefli á Anfield í gær og Liverpool er því komið eitt á topp deildarinnar. Liverpool yfirspilaði West Ham á stórum köflum í leiknum og eitt stig því rýr uppskera.

Liverpool réði lögum og lofum í fyrri hálfleik á Anfield í gær og gerði harða hríð að marki West Ham strax frá fyrstu mínútu en náði ekki að koma boltanum í netið.

Litlu munaði þó að sóknarmaðurinn Craig Bellamy næði að skora fyrsta mark leiksins fyrir gestina í West Ham á 37. mínútu en skot hans fór í innanverða stöngina í marki Liverpool. Staðan var enn markalaus í hálfleik.

Liverpool hélt pressunni áfram í seinni hálfleik og sótti sem fyrr án afláts. Yossi Benayoun komst nálægt því að skora fyrir Liverpool gegn sínum gömlu félögum í West Ham á 56. mínútu en Green varði þá glæsilega frá honum af stuttu færi.

Leikmenn Liverpool, sem og aðdáendur félagsins, voru orðnir óþreyjufullir eftir að hver sóknin af annarri brotnaði á vörn West Ham og rann út í sandinn. Lundúnafélagið lagði minnsta áherslu á sóknarleikinn og varðist af krafti í von um að krækja í eitt stig.



**MARKALEYSI** Liverpool komst á topp ensku úrvalsdeildarinnar þrátt fyrir svekkjandi jafntefli gegn West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sami Hyypia fékk enn og aftur gott skallafæri á 81. mínútu en boltinn fór rétt fram hjá markstöng West Ham. Á 88. mínútu fékk Liverpool enn eitt dauðafærið eftir þunga sóknarlotu þegar Dirk Kuyt fór illa að ráði sínu á fjærstöng og lét Green verja frá sér.

West Ham náði að þrauka á lokakaflanum og innbyrða jafntefli en Liverpool komst þar með á topp deildarinnar. Leikmenn Liverpool hljóta hins vegar að vera svekktir yfir að hafa tapað tveimur stigum í leik sem þeir stjórnuðu frá upphafi til enda. omar@frettabladid.is



**ÍVAR INGIMARSSON** Var á sínum stað í byrjunarliði Reading í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Íslendingaslagur í gær:

## Reading vann

**FÓTBOLTI** Reading hafði betur gegn Coventry 3-1 í Íslendingaslag í Coca-Cola Championship-deildinni í gærkvöld.

Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading og lék allan leikinn og Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry en var tekinn af velli á 59. mínútu. Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á sem varamaður fyrir Reading á 77. mínútu. - óþ

Vináttulandsleikur í fótbolta:

## Stelpurnar mæta Hollandi

**FÓTBOLTI Kvennalandslið Íslands í fótbolta leikur vináttulandsleik gegn Hollandi 23. apríl næstkomandi og mun leikurinn fara fram í Kórnum í Kópavogi. Þetta kemur fram á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands.**

**Leikurinn er liður í undirbúningi þjóðanna fyrir úrslitakeppni EM í Finnlandi á næsta ári.** - óþ






9. umferð Iceland Express-deildar karla lauk í gær:

## Grindvíkingar áfram á sigurbraut

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gær þar sem Grindavík lagði Snæfell, Breiðablik vann Stjörnuna og ÍR fór með sigur af hólmi gegn FSu.

Grindvíkingar fengu óskabyrjun gegn Snæfellingum í Röstinni í Grindavík í gær og skoruðu fyrstu átta stig leiksins og voru svo alltaf skrefinu á undan gestunum framan af leik. En í blálok fyrsta leikhluta komu Snæfellingar grimmir til baka og náðu í fyrsta skipti forystunni í leiknum, 24-25.

Leikurinn var í járnum í öðrum leikhluta, þangað til um það bil fimm mínútur voru eftir, að Grindvíkingar skoruðu tólf stig í röð og breyttu stöðunni úr 39-40 í 51-40 en staðan í hálfleik var svo 53-42 heimamönnum í vil.

Snæfellingar hleyptu spennu í leikinn með því að skora fyrstu átta stigin í þriðja leikhluta en Grindvíkingar sigldu svo fram úr á nýjan leik og staðan var orðin 77-65 fyrir síðasta leikhlutann.

Tólf stiga forskot heimamanna var hins vegar of stór biti fyrir gestina og Snæfellingar náðu aldrei að ógna Grindvíkingum almennilega í fjórða leikhluta. Lokatölur urðu 93-81 Grindavík í vil, sem vann þar með sinn þriðja leik í röð í deildinni.

Arnar Freyr Jónsson var atkvæðamestur heimamanna með 22 stig en Páll Axel Vilbergsson og Brenton Birmingham komu næstir með 18 stig hvor. Hjá gestunum var Sigurður Þorvaldsson stigahæstur með 26 stig, Jón Jónsson kom næstur með 17 stig og Hlynur Bæringsson var aðeins einni stoðsendingu frá þrefaldri tvennu með 15 stig. 21 frákast og 9 stoðsendingar.

Þá unnu nýliðar Breiðabliks Stjörnuna, 87-91 og spútniklið síðasta tímabils, ÍR, er óðum að komast í sitt gamla form og vann fjórða leik sinn í röð í deildinni, gegn FSu. - óþ



**ARNAR FREYR** Átti fínan leik er Grindavík sigraði Snæfell 93-81 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JÓHANNES KARL** Er í harðri baráttu um sæti í byrjunarliðinu hjá Burnley. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski deildarbikarinn:

## Jóhannes Karl í byrjunarliðinu?

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fara fram í átta liða úrslitum enska deildarbikarsins í kvöld þar sem mætast annars vegar Stoke og Derby og hins vegar Burnley og Arsenal.

Jóhannes Karl Guðjónsson hefur átt fast sæti í byrjunarliði Burnley upp á síðkastið en missti sæti sitt í hendur Kevins McDonald um helgina í 3-0 sigrinum á Derby. Óvíst er því hvort Jóhannes Karl verður í byrjunarliðinu þegar Arsenal kemur í heimsókn á Turf Moor-leikvanginn í kvöld.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, mun sem fyrr leyfa yngri leikmönnum liðsins að spreyta sig. - óþ



STÆRSTA MYND ÁRSINS
LOKSINS Á DVD!
JOKER
THE DARK KNIGHT
LENDIR Í ELKO 4. DESEMBER
9. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
SENDU SMS ESL DND Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU DARK NIGHT Á DVD ÁSAMT BÍÓMIÐA, TÖLVULEIKIR, AÐRAR DVD MYNDIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA
Með hverjum disk fylgir bíómiði á ævintýramyndina City of Ember!
BOÐSMIÐI
CITY OF EMBER
Dreifing SAMFILM
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



> **Brittany Snow**

„Mér finnst ég vera breytt manneskja í hvert sinn sem ég lýk við að leika eitthvert hlutverk. Bæði af því að ég gef hluta af mér í hlutverkið en einnig af því ég tek alltaf eitthvað með mér frá persónunni sem ég er að leika.“ Snow fer með aðalhlutverkið í myndinni John Tucker Must Die sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á LOKAÞÁTT DAGVAKTARINNAR

# *Hvað gerist í Fangavaktinni?*

Það verður gaman að fylgjast með Fangavaktinni, framhaldi Dagvaktarinnar, á komandi ári. Vinsældir Dagvaktarinnar og þar áður Næturvaktarinnar hafa verið ótrúlegar og því kemur ekki á óvart að ákveðið var að gera eina þáttaröð til viðbótar.

Spurningin er hvort Ólafur Ragnar þurfi ekki að draga enn fleiri frasa úr pokahorninu því „já sæll, eigum við að ræða það eitthvað“ verður varla fyndið endalaust. Frasinn „farðu úr bænum“ mætti þess vegna fá að hljóma oftar á kostnað „já sæll“ en við sjáum hvað setur.

Lokaþátturinn á sunnudaginn var nokkurs konar uppgjörsþáttur þar sem tilfinningarnar báru þá Georg, Ólaf Ragnar og Daníel ítrekað ofurliði. Hvernig næsta sería verður er ómögulegt að segja, því hingað til hefur söguþráður Nætur- og Dagvaktarinnar verið nokkuð óútreiknanlegur. Þó má gera því skóna að Georg verði kominn inn á Litla-Hraun þar sem hann afplánar dóm fyrir manndráp af gáleysi, eða eitthvað slíkt. Bæði Ólafur Ragnar og Daníel eru líklegir til að verða einnig handsamaðir, sérstaklega þó Daníel, annaðhvort fyrir að vera meðsekur eða fyrir kannabisnotkun. Kannski Ólafur verði bara orðinn fangavörður og njóti í leiðinni í fyrsta sinn yfirburða sinna yfir Georg?

Endalok Fangavaktarinnar gætu orðið á þá leið að Georg missir endanlega vitið eftir fangadvöl sína og hugsanlega Daníel líka. Þá þyrfti væntanlega að leggja þá inn og erum við þá ekki komin með Geðvaktina?



**DAGVAKTIN** Gamanþættirnir Dagvaktin hafa notið mikilla vinsælda í vetur.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Burnley og Arsenal STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** How I Met Your Mother STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** In Plain Sight SKJÁREINN



▶ **21.55** Rescue Me STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Mótorsport 2008** (e)
**15.45 Sportið** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins 2008**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Bjargvætturin** (6:26)
**17.45 Latibær** (e)
**18.10 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins 2008**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (2:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**20.55 Úr vísnabók heimsins**
**21.25 Steinunn Þórarinsdóttir** (Horizons: Steinunn Thórarinsdóttir) Bandarísk heimildamynd um Steinunni Þórarinsdóttur myndhöggvara.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Rannsókn málsins - Spegilmynd** (Trial & Retribution XIV: Mirror Image) (2:2) Bresk spennumynd frá 2007 í tveimur hlutum. Lögregluforingi og kona hans eru myrt og grunur beinist að ættingjum þeirra sem hagnast á láti þeirra en eins gæti verið um að ræða innbrot sem fór úr böndum.
**23.35 Njósnadeildin** (Spooks) (10:10)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Life Support**
**10.00 Hoot**
**12.00 Revenge of the Nerds**
**14.00 Life Support**
**16.00 Hoot**
**18.00 Revenge of the Nerds**
**20.00 John Tucker Must Die** Gamanmynd um vinkonur sem sameina krafta sína til að ná fram hefndum á fyrrverandi kærasta sínum.
**22.00 Breaking and Entering**
**00.00 Jarhead**
**02.00 The Door in the Floor**
**04.00 Breaking and Entering**
**06.00 See Arnold Run**

## STÖÐ 2

**07.00 Smá skrítnir foreldrar**
**07.25 Jesús og Jósefína** (2:24)
**07.45 Galdrabókin** (2:24)
**07.55 Lalli**
**08.00 Ruff's Patch**
**08.10 Ruff's Patch**
**08.20 Oprah**
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (204:300)
**10.35 America's Got Talent** (14:15)
**12.00 Grey's Anatomy** (22:25)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Three Wise Guys**
**14.35 The New Adventures of Old Christine** (1:22)
**15.00 Sjáðu**
**15.25 Two and a Half Men** (12:24)
**15.50 Saddle Club**
**16.13 Stuðboltastelpurnar**
**16.33 Tutenstein**
**16.58 Ginger segir frá**
**17.23 Galdrabókin** (2:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (11:25)
**19.55 Friends**
**20.20 Two and a Half Men** (18:19)
**20.45 The Big Bang Theory** (16:17)
**21.10 Burn Notice** (1:13)
▶**21.55 Rescue Me** (2:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York. Síðast þegar skilið var við Tommy lenti hann í skelfilegum eldsvoða en upptök eldvoðans enn óljós. Denis Leary fer með aðalhlutverkið.
**22.40 Kompás**
**23.10 Grey's Anatomy** (6:24)
**23.55 Four Minutes**
**01.25 Three Wise Guys**
**02.50 The Locals**
**04.15 Highwaymen**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.05 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**18.35 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**19.05 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
▶**19.40 Enski deildarbikarinn** Bein útsending frá leik Burnley og Arsenal í enska deildarbikarnum en með liði Burnley leikur Jóhannes Karl Guðjónsson.
**21.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**22.10 The Science of Golf** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kylfingar að gera rangt í sveiflunni? Svarið við því er að finna í þessum þætti.
**22.40 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Burnley og Arsenal.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Hull í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Enska úrvalsdeildin**
**22.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.00 Vörutorg**
**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.45 America's Funniest Home Videos** (28:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
**19.10 Singing Bee** (11:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. (e)
**20.10 Survivor** (9:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.
**21.00 Innlit / Útlit** (11:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.
▶**21.50 In Plain Sight** (11:12) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Dópsalar sem Brandi hefur reitt til reiði ræna Mary. Alríkislögreglan rannsakar málið og reynir að bjarga Mary áður en það er um seinan.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 CSI:New York** (15:21) (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri.**
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Frigor
-dönsk gæðavara í 45 ár!

| FRYSTIKISTUR | | FRYSTISKÁPAR | |
|---|---|---|---|
| 110 L | 59.900 | 70 L | 49.900 |
| 155 L | 79.900 | 90 L | 59.900 |
| 189 L | 84.900 | 165 L | 79.900 |
| 278 L | 94.900 | 263 L | 144.900 |
| 463 L | 119.900 | | |

Rafha ehf

Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

**Burn Notice - NÝTT!**



Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks. Njósnarinn Michael Westen kemst að því, sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann, en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins. Westen er staðráðinn í að finna þann sem lét útskúfa honum og til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefnin geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósnara".

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Úr vísnabók heimsins

**Sjónvarpið kl. 20.55**

Heimildarmynd þar sem fylgst er með tónlistarmönnunum Ellen Kristjánsdóttur og Eyþóri Gunnarssyni á ferðalagi í Malaví í Afríku. Þar kynntu þau sér starf Rauða kross Íslands og aðstæður HIV-smitaðra barna. Þess má geta að Ellen og Eyþór gáfu allan ágóða af sölu geisladisksins Úr vísnabók heimsins til hjálpar börnum sem eiga um sárt að binda vegna HIV-veirunnar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Útlínur
**21.00** Ísland til framtíðar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (71:260)
**16.30 Hollyoaks** (72:260)
**17.00 Seinfeld** (6:24)
**17.30 Ally McBeal** (1:24)
**18.10 How I Met Your Mother** (3:22)
**18.35 How I Met Your Mother** (4:22)
**19.00 Hollyoaks** (71:260)
**19.30 Hollyoaks** (72:260)
**20.00 Seinfeld** (6:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
**20.30 Ally McBeal** (1:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**21.10 How I Met Your Mother** (3:22) Þættirnir sem fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að velja sér lífsförunaut.
**21.35 How I Met Your Mother** (4:22)
**22.00 Men in Trees** (9:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (8:13)
**23.25 Help Me Help You** (8:13)
**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Í kallfæri** Umsjón: Jón Kristinn Snæhólm. Málefni Bíafra og aðkoma Íslendinga að landinu rædd. Síðari hluti.
**21.30 Guðjón Bergmann** Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Pigeliv **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Spiderman **15.55** Nyfødte i trængsel **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Hammerslag **19.30** Testen - Menneskesmuglerne **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** De døde skylder man sandheden - et Murdoch-mysterium **22.25** Sommer

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Doc Martin **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fra 7-ende til 8-ende **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Her er eg! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i nærturen **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Bleak House **23.40** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin

## SVT 1

**11.35** Toppform **12.40** Loffe som miljonär **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Slut för idag... tack för idag **16.30** Wallace & Gromit **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Packat & klart **19.30** Andra Avenyn **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** Jekyll **21.55** Kulturnyheterna **22.10** And the Band Played On **00.30** Sändningar från SVT24





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er súkkulaðikjúklingurinn á mexíkóska staðnum Santa María. Ég kynntist þessu í Mexíkó í vor þegar amma Gael García Bernal bjó til þennan rétt. Svo kom ég í fyrsta sinn á Santa Maria og bað um þetta. Þeir eru með mjög góða rétti, þeir eru flestir undir þúsund krónum.*

Árni Pétur Guðjónsson leikari.

# Íslendingar djókararnir í sínum hópi

„Já, það virðist loða við þá alla. Að þeir séu hátt metnir af liðsfélögum sínum. Vinsælir og djókararnir í sínum hópi,“ segir Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður.

Auðunn er nú að vinna að þáttaröð fyrir Stöð 2 Sport sem heitir Atvinnumennirnir okkar. Þegar Fréttablaðið náði tali af Audda var hann á heimleið frá Englandi eftir að hafa tekið hús á Hermanni Hreiðarssyni í Portsmouth. Auddi bankaði upp á og tók tali ýmsa sem mega heita stjörnur í enska boltanum, svo sem Peter Crouch, Sol Campbell og David James. „Já, við hittum þá alla. Alveg „brilliant“! Miklir höfðingjar og gaman að tala við þá. Tony Adams kallaði Hermann „lunatic“ eða mjög skemmtilegan klikkhaus,“ segir Auðunn sem hefur skemmt sér konunglega við gerð þáttanna sem verða frumsýndir í janúar. Auðunn og hans menn eru búnir að taka efni í þátt um Grétar Rafn Steinsson, fótboltamann í Bolton. „Svo vorum við í Þýskalandi og ræddum við Loga Geirsson og Guðjón Val Sigurðsson. Meðan Logi er sagður „just Logi“, þeir segja að hann sé „crasy“, þá er sagt um Guðjón Val að enginn sé meiri atvinnumaður en hann. Við erum á leið til Spánar þar sem við hittum Eið Smára Guðjohnsen og Ólaf Stefánsson. Svo eigum við eftir að fara til Ítalíu og heimsækja Emil Hallfreðsson.“

- jbg



**AUÐUNN BLÖNDAL** Hefur skemmt sér konunglega við gerð þátta um atvinnumennina okkar.



**HEMMI HREIÐARS** Skemmtilegur klikkhaus að mati Tony Adams.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** ládeyða, **6.** innan, **8.** hamfletta, **9.** tilvist, **11.** óhreinindi, **12.** flottur, **14.** gort, **16.** skóli, **17.** traust, **18.** kærleikur, **20.** utan, **21.** viðlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slagæð á úlnlið, **3.** ógrynni, **4.** planta, **5.** lærdómur, **7.** æxlast, **10.** fley, **13.** meðvitundarleysi, **15.** klasi, **16.** blástur, **19.** drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** logn, **6.** út, **8.** flá, **9.** líf, **11.** im, **12.** smart, **14.** grobb, **16.** ma, **17.** trú, **18.** ást, **20.** án, **21.** stef.
**LÓÐRÉTT:** **1.** púls, **3.** of, **4.** glitbrá, **5.** nám, **7.** tímgast, **10.** far, **13.** rot, **15.** búnt, **16.** más, **19.** te.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fangavaktin.
2. Tíu.
3. 30-29 fyrir Íslandi.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið

EIRÍKUR JÓNSSON: FÆR GALDRANORN Í STAÐINN FYRIR VÖLVU

# Völva veður villu og svíma

„Þetta gengur ekki,“ segir Eiríkur Jónsson, ritstjóri blaðsins Séð og heyrt.

Líður að áramótum og óhætt að segja að eitthvert átakamesta ár í sögu þjóðarinnar sé senn að baki. En ef völvuspá tímaritsins Séð og heyrt frá því fyrir ári er skoðuð kemur í ljós að völvan hafði ekki grænan grun um hvað var í aðsigi. Kristalskúlan hefur verið kámug: „Íslenska útrásarævintýrið heldur áfram. Hrunið sem margir hafa spáð, ekki síst erlendir fjármálaspekingar og blaðamenn í nágrannalöndunum, er ekki á döfinni,“ hefur blaðamaður Séð og heyrt eftir völvu sinni.

Eiríkur segist ekkert hafa komið nálægt þessu – hann var í fríi í Karíbahafinu þegar þetta var unnið. „Ég get ekki tekið ábyrgð á þessu persónulega þó ég geri það í nafni embættisins. En við verðum á nýjum slóðum, notum aðrar aðferðir og með betri árangri. Þessi völvuspá er orðin svo útjöskuð. Ég hef komið mér í samband við aðra aðila. Það verður engin dularfull völvuspá heldur galdranorn sem kemur fram undir nafni og spáir á sinn sérstaka hátt um þau málefni sem brenna á lesendum Séð og heyrt,“ segir Eiríkur.

Ekki er ofsagt að völva Séð og heyrt hafi verið úti á túni með sína framtíðarsýn. Og hefði ekki verið neitt grín fyrir umsjónarmann spárinnar að fara yfir spá fyrir árið 2008. Í það minnsta hefði ekki gengið að segja líkt og fyrir ári að: „Eins og venjulega reyndist völva Séð og heyrt ótrúlega sannspá árið 2007.“ En til þess kemur ekki.

Svo gripið sé af handahófi niður í völvuspá ársins 2008 segir meðal annars: „Já, það virðist sem íbúðaverð hækki minna á árinu 2008 en á árinu 2007. Vísitalan hækkar eitthvað en vextir rjúka ekki upp. Það verður ekkert verðbólgubál eins og búist var við.“ Einmitt. Það kæmi völvunni ekki á óvart þó Rolling Stones kæmu til landsins og Dagur B. Eggertsson sem borgarstjóri þarf að taka á honum stóra sínum! Og ekki er víst að Magnús Geir Þórðarson sé kátur með þá sannfæringu völvunnar að kona muni setjast í leikhússtjórastól Borgarleikhússins. „Almennt segir hún að fjárfestar ættu að geta andað rólega ef þeir haldi rétt á sínum spilum. Fyrirtækin sem skiluðu mestum arði á hlutabréfamarkaði fara að lække í verði en að sama skapi koma inn ný fyrirtæki á góðri siglingu.“ – Einmitt ... ekki. Og kannski verður glámskyggni völvunnar hvað átakanlegust hvað varðar íþróttirnar: „Kannski er auðveldast að sjá þetta á árangri íþróttafólks okkar. Völvan víkur einmitt að því. Hún sér engan stórárangur hjá hópíþróttafólkinu. Handboltalandsliðið, sem einmitt tekur þátt í úrslitakeppni EM í byrjun árs, mun því ekki ná sínum hæstu hæðum og því síður fótboltaliðin okkar á alþjóðavettvangi. „Þessi lið hafa oft náð lengra og gert betur,“ útskýrir hún.“

jakob@frettabladid.is




**VÖLVUSPÁ SÉÐ OG HEYRT** Samkvæmt Völvunni er ekkert hrun á döfinni, fjárfestar geta andað rólega og handboltalandsliðið mun því miður ekki ná neinum árangri þetta árið.



**EIRÍKUR JÓNSSON** Ætlar að hafa annan hátt á í ár – út með völvuna og inn með galdranorn sem svarar spurningum sem brenna á lesendum blaðsins Séð og heyrt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Starfsfólki hins rómaða veitingastaðar Við tjörnina hefur verið sagt upp störfum í varúðarskyni – ef til þess kemur að ekkert verði að gera eftir áramót á veitingastöðum borgarinnar. Víst er að ef Við tjörnina leggur upp laupana mun ekki verða eins eftirsóknarvert og áður fyrir **Yoko Ono** að koma hingað til lands en á Íslandi snæðir hún á Við tjörnina þar sem hennar sérstöku kröfum um grænmetisrétti og annað fínerí er mætt af fagmennsku.

**Eva María Jónsdóttir** sjónvarpskona er meðal stofnenda lítils kórs sem er að hefja feril sinn. Svo nýr er kórinn af nálinni að ekki er enn komið nafn á hann en vinnutitillinn er Tekórinn sökum þess hversu huggulegur og lítill hann er enn.



Stuðmenn eru á siglingu um landið og verða á Players um næstu helgi. Það verða þó ekki **Hara**-systur sem sjá um kvenraddir í Stuðmannalögum heldur stekkur á sviðið, og stillir sér upp við hlið **Jónsa**, engin önnur en **Birgitta Haukdal**. Söngkonan knáa hefur verið fjarri góðu Stuðmannagamni að undanförnu, en hún tók við kyndlinum af **Ragnhildi Gísladóttur** á sínum tíma.



- jbg



Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

# Idol-stjarna fær tvær milljónir

„Í þessu árferði er betra að einblína á peningana heldur en plötusamning,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. Sigurvegari fjórðu Idol-seríunnar fær ekki Einar Bárðarson sem umboðsmann heldur tvær milljónir í reiðufé. Þetta er breyting á því sem áður hefur þekkst frá Idolinu. Hins vegar fékk Eyþór Ingi Gunnlaugsson þrjár milljónir fyrir sigurinn í Bandinu hans Bubba. „Við teljum að þetta geti gert keppnina meira aðlaðandi,“ útskýrir Pálmi sem vill þó ekki útiloka að sigurvegarinn fái plötusamning. „Í reglunum er ákvæði um að það verði að vera einhver útgáfa með sigurvegaranum og við erum bara að útfæra það atriði þessa dagana.“

Töluvert margra annarra breytinga er að vænta í keppnis- og skráningarfyrirkomulaginu í þessari fjórðu seríu. Stærst þeirra er án nokkurs vafa að aldurstakmarkið verður að öllum líkindum nokkuð frjálslegt. Fyrir liggur að enginn keppandi yngri en sextán ára getur tekið þátt. Aftur á móti getur verið að efri aldurstakmörkin verði eitthvað sveigjanlegri. Á heimasíðu Idolsins inni á vísir.is má finna skráningarblað fyrir keppnina og þar kemur fram að efra aldurstakmarkið sé 28 ára. Pálmi útilokar ekki að það verði hækkað eitthvað frekar. „Það er gríðarlegur áhugi á Idolinu og þegar hafa 350 manns skráð sig til leiks.“

- fgg



**IDOLKEPPNIN** 350 manns hafa þegar skráð sig í Idol-Stjörnuleit sem haldin verður eftir áramót.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**PÁLMI GUÐMUNDSSON** Idol-stjörnuleitin verður með breyttu sniði, þátttakendur geta verið eldri og sigurvegarinn fær tvær milljónir í reiðufé.

**Glæný útgáfa af vinsælustu metabók heims**

- Sterkasti maður heims
- Heimsmetaheimur Harry Potter
- Stjörnurnar í Hollywood
- Uppfærð heimsmetaskrá
- Allt um tölvuleiki
- Risaeðlur í þrívídd
- Að auki uppáhaldsmetin þín frá öllum heimshornum

**Heillandi skemmtun sem karlar og konur, strákar og stelpur geta ekki slitið sig frá.**






**Með myndum í þrívídd!**

**3D gleraugu fylgja**

# Spennandi bækur fyrir grúskara og grallara

**Stappfull bók af fróðleik og skemmtun fyrir stráka á öllum aldri**

- Sjóræningjar
- Leyniblek
- Pappírsskutlur
- Kofar
- Kassabílar
- Vatnsbombur
- Orrustur
- Einstæð hreystiverk …
  og margt margt fleira!

**Því strákar eru og verða strákar!**








VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

GLEÐILEG BÓKAJÓL

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin





**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur


## *Góðærisbörn og kreppubörn*

Ég eignaðist son minn um svipað leyti og Björgólfur eignaðist Landsbankann. Þeir eiga það sameiginlegt, guttinn og bankinn, að hafa ekki tamið sér mikla hógværð. Fyrsta sunnudag í aðventu bökuðum við mæðginin til dæmis smákökur. Hann söng hástöfum við baksturinn, sagðist vera besti bakari í heimi og hlakkaði ægilega til að segja öðrum frá meistaratöktum sínum.

**ÞETTA** er ekki ósvipað því hvernig Landsbankinn lýsir sjálfum sér; í söguágripi á heimasíðu bankans segir um árin eftir einkavæðingu að hagnaður væri „í annarri vídd en í liðlega aldarlangri sögu hins eiginlega Landsbanka“ og hafi gert „fyrrum fátæka hjálendu að undri heimsblaðanna“. Þetta yfirdrifna en einlæga sjálfshól er í fullu samræmi við tilfinningaþroska heilbrigðs barns á sjötta ári.

**SONUR** minn er góðærisbarn. Hann hefur upplifað flutninga úr kjallara upp á efri hæð, launahækkanir foreldra og að gamla fjölskyldubílnum væri skipt út fyrir spánnýjan. Í afmælum hefur verið boðið upp á veitingar merktar bankanum hans og hann er hæstánægður með hvað bankinn var duglegur að styrkja KR.

**ÉG** fór hins vegar að velta fyrir mér mögulegum óæskilegum áhrifum góðærisins á ungviðið þegar Egill Helgason lýsti því á blogginu hvernig sonur hans, sem er á svipuðu reki og strákurinn minn, lét sér ekki lynda að fá salat í kvöldmat heldur tók kreditkort foreldranna traustataki og pantaði sér pitsu án leyfis. Hefur græðgin ef til vill heltekið öll börn á einkavæðingaraldri?

**ÉG** komst ekki að einhlítri niðurstöðu. En nú er í vændum á mínu heimili stórmerkileg félagsfræðileg samanburðarrannsókn, sem örlögin hafa þröngvað upp á okkur. Eftir rúman mánuð eignast drengurinn nefnilega systur. Ólíkt bróður sínum fæðist hún ekki í upphafi gerviuppgangs heldur í byrjun kreppu þar sem efnisleg gæði verða skorin við nögl; bíllinn fær að eldast óáreittur í heimkeyrslunni, pitsan verður bökuð heima og það verður ekki einu sinni til kreditkort til að stelast í.

**SJÁUM** til hvort það verði einhver munur á börnunum. Ég lofa að halda nákvæma dagbók og læt vita um leið og ég sé ótvíræðar vísbendingar um orsakasamhengi. Fylgist með eftir sex ár.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 2. desember, 337. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.49 | 13.17 | 15.45 |
| Akureyri | 10.58 | 13.02 | 15.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


